


**skoðun 14**

**3 SÉRBLÖÐ**
í Fréttablaðinu
Fólk
Markaðurinn
Fasteignasölur




**Smakkaði á hverju landi**
*Óskar Páll Elfarsson ljósmyndari er nýkominn úr heimsreisu. Hann kallar ferðina Tapasferðina.*
**FÓLK**




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Miðvikudagur**
**23. maí 2012**
119. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Allt fullt í rokkbúðum
*Viðtökur rokksumarbúða stelpna í júlí eru framar öllum vonum.*
**tímamót 20**

## Erfitt en gaman
*Hljómsveitin Agent Fresco fer í mánaðarlanga tónleikaferð til Evrópu.*
**popp 34**



## Ég er númer eitt
*Skagamaðurinn Gary Martin lætur ekki óánægjuraddir á Akranesi trufla sig.*
**sport 30**

**veðrið í dag**




**VÆTA MEÐ KÖFLUM** í dag verða víðast suðaustan 5-10 m/s og úrkomulítið, en 8-15 og skúrir SV-til. Hiti 10-20 stig, mildast NA-til.
**VEÐUR 4**








**ÖRUGG Í ÚRSLIT** Greta Salóme Stefánsdóttir og Jón Jósep Snæbjörnsson fóru hamförum á sviðinu í Bakú í gær þegar fyrri undanriðillinn í Eurovision-keppninni fór fram. Þau komust örugglega upp úr riðlinum og verða meðal keppenda á laugardaginn kemur þegar sjálft úrslitakvöldið fer fram. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Alræmdir hrottar í haldi vegna andláts

**Annþór Karlsson og Börkur Birgisson færðir af almennri deild á Litla-Hrauni í einangrun. Taldir hafa veitt samfanga sínum áverka sem drógu hann til dauða.**

**LÖGREGLUMÁL** Annþór Kristján Karlsson og Börkur Birgisson, þekktir handrukkarar og ofbeldismenn, voru síðdegis í gær færðir af almennri deild á Litla-Hrauni í einangrun, grunaðir um að hafa veitt samfanga sínum áverka fyrir helgi sem drógu hann til dauða.

Sigurður Hólm Sigurðsson, 49 ára síbrotamaður, kallaði eftir aðstoð í klefa sinn á fimmtudaginn og var þá í andnauð. Hann lést skömmu síðar og endurlífgunartilraunir báru engan árangur. Engir ytri áverkar voru á líki hans og ekkert benti til þess að honum hefði verið ráðinn bani.

Líkið var engu að síður sent í krufningu og bráðabirgðaniðurstaða úr henni barst í gær. Niðurstaðan er sú að Sigurður lést af völdum innvortis blæðinga og að áverkarnir benda eindregið til þess að hann hafi orðið fyrir árás.



**ANNÞÓR KARLSSON**



**BÖRKUR BIRGISSON**

Um leið og þetta varð ljóst í gær var kannað hverja Sigurður hafði umgengist áður en hann lést. Hann hafði þá einungis verið á Litla-Hrauni í einn dag í síbrotagæslu. Í kjölfarið voru Annþór og Börkur færðir í einangrun. Ekki liggur fyrir hvers konar barsmíðum Sigurður varð fyrir eða af hvaða tilefni. Lögreglan á Selfossi varðist allra frétta í gær og hafði þá ekki yfirheyrt tvímenningana.

Annþór og Börkur hafa setið inni síðan um miðjan mars, þegar þeir voru handteknir í umfangsmikilli lögregluraussíu. Sú rannsókn beindist að alvarlegum líkamsárásum og fleiri brotum, sem öll voru talin liður í uppgjöri í undirheimunum. Þeir hafa nú verið ákærðir fyrir að hafa í þrígang ráðist á fólk í heimahúsum og barið það með kylfum, handlóðum og öðrum bareflum þannig að einn hlaut opið beinbrot á sköflungi og hnéskel, annar handleggsbrotnaði og sá þriðji ökklabrotnaði.

Annþór og Börkur sættu gæsluvarðhaldi fyrst um sinn en voru síðan látnir halda áfram afplánun eldri dóma; sjö og hálfs árs fangelsisdóms sem Börkur hlaut fyrir hrottafengna tilraun til manndráps með öxi og fjögurra ára fangelsisdóms sem Annþór hlaut fyrir innflutning á fíkniefnum. **- sh**



**SÓLVEIG OG DHANI** Stella McCartney hannar brúðarkjólinn.

Sólveig giftist Harrison:
## McCartney hannar kjólinn

**TÍSKA** Fatahönnuðurinn Stella McCartney hannar brúðarkjól Sólveigar Káradóttur en hún gengur að eiga tónlistarmanninn Dhani Harrison í næstu viku. Harrison er sonur Bítilsins sáluga George Harrison og fer brúðkaupið fram í Bretlandi.

Sólveig er fyrrum fyrirsæta og menntaður sálfræðingur frá Háskólanum í Boston en Harrison er tónlistarmaður og meðlimur sveitarinnar Thenewno2. Það kemur ekki á óvart að dóttir Bítilsins Pauls McCartney hafi fengið það vandasama hlutverk að hanna brúðarkjólinn en þeim Sólveigu er vel til vina. Til að mynda voru Harrison, Sólveig og tilvonandi tengdamóðir hennar, Olivia Harrison, gestir í brúðkaupi Pauls McCartney og Nancy Shevell í fyrra. **- áp /** **sjá síðu 34**

Greiða atkvæði á fimmtudag:
## Samkomulag náðist á Alþingi

**ALÞINGI** Forseti Alþingis, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, komst í gær að samkomulagi við formenn þingflokka um að ljúka umræðu um tillögu um þjóðaratkvæði um drög að stjórnarskrá. Greidd verða atkvæði um málið á fimmtudag.

Ásta segir að komið hafi verið til móts við stjórnarandstöðuna í ýmsum málum. Frumvarpi umhverfisráðherra um náttúruvernd verði til að mynda vísað aftur í nefnd og þá hafi verið samið um hvaða mál verði tekin á dagskrá. Þá var ákveðið að hefja lokalotu samninga um hvernig ljúka skuli þinginu. **- kóp**




## SPURNING DAGSINS



*Ellisif, heyrir þetta til tíðinda?*

„Já, heyrn er málið.“

Ellisif Katrín Björnsdóttir fagnar um þessar mundir tíu ára útskriftarafmæli sem heyrnarfræðingur og fimm ára afmæli fyrirtækisins Heyrnar.

Millistjórnandi í Glitni seldi hlutabréf fyrir tugmilljónir rétt fyrir hrun:

# Ákærður fyrir innherjasvik hjá Glitni

**DÓMSMÁL** Sérstakur saksóknari hefur ákært Friðfinn Ragnar Sigurðsson, fyrrverandi framkvæmdastjóra fjárstýringar Glitnis, fyrir innherjasvik. Honum er gefið að sök að hafa selt hlutabréf sín í bankanum þrátt fyrir að búa yfir vitneskju um slæma stöðu hans í aðdraganda bankahrunsins.

Þingfesting ákærunnar er á dagskrá Héraðsdóms Reykjaness 4. júní næstkomandi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins námu viðskiptin á annan tug milljóna króna.

Friðfinnur var meðal þeirra starfsmanna sem fengu há lán hjá Glitni nokkrum mánuðum fyrir fall bankans. Einkahlutafélag hans, Laugalind, fékk 171 milljón að láni og varð gjaldþrota í fyrrasumar. Engar eignir fengust upp í þrjú hundruð milljóna skuldir, að því er greint var frá í DV.

Þetta er annað innherjasvikamálið sem embætti sérstaks saksóknara höfðar frá bankahruni. Hitt var á hendur Baldri Guðlaugssyni, fyrrverandi ráðuneytisstjóra, sem seldi hlutabréf sín í Landsbankanum fyrir 194 milljónir króna í september 2008. Baldur fékk tveggja ára fangelsisdóm fyrir brotið. - sh



**GLITNIR** Friðfinnur gegndi stöðu framkvæmdastjóra fjárstýringar hjá Glitni. Hann fór síðan til starfa hjá Íslandsbanka. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stakk unga stúlku í hálsinn:

# Dæmdur til geðvistunar

**SVÍÞJÓÐ** 28 ára gamall sænskur maður var í gær dæmdur til vistunar á geðdeild fyrir að hafa stungið tíu ára gamla stúlku í hálsinn í febrúar.

Maðurinn stakk stúlkuna á skólalóð og skildi hana eftir með hníf í hálsinum. Hann tilkynnti svo sjálfur um atvikið til lögreglu en flúði að því búnu til Spánar.

Maðurinn heldur því fram að hann hafi aldrei ætlað að drepa stúlkuna, en saksóknari segir það hendingu eina að hún hafi ekki látist. - þeb

Forstjóri Geislavarna ríkisins:

# Kjörinn í stjórn alþjóðasamtaka

**FÓLK** Sigurður M. Magnússon, forstjóri Geislavarna ríkisins, hefur verið kjörinn í stjórn Alþjóðageislavarnarsamtakanna. Kjörtímabil hans rennur út árið 2020.



SIGURÐUR M. MAGNÚSSON

Samtökin voru stofnuð árið 1964, en þau hafa það markmið að vera sameiginleg rödd þeirra sem starfa á sviði geislavarna og stuðla að sem bestum vörnum um allan heim. Þau starfa í yfir 80 löndum. Þetta er ekki eina vegtylla Sigurðar á þessu sviði, þar sem hann var kjörinn formaður Samtaka evrópskra geislavarnarstofnana í desember og gegnir því embætti næstu þrjú árin. - kóp

Samið við Vini Akureyrar:

# 3,6 milljónir í Eina með öllu

**AKUREYRI Vinir Akureyrar og Akureyrarstofa hafa undirritað samning um framkvæmd og skipulagningu hátíðarinnar „Ein með öllu“ sem haldin er á Akureyri um verslunarmannahelgi og er samningurinn til þriggja ára.**

**Í samningnum eru markmið hátíðarinnar undirstrikuð en þau eru að bjóða bæjarbúum og gestum upp á fjölskylduhátíð sem stendur undir nafni sem slík, að því er segir í tilkynningu.**

**Í samningnum kemur einnig fram hvert verður framlag bæjarins til hátíðarinnar en bærinn mun greiða Vinum Akureyrar árlega 1,2 milljónir fyrir framkvæmdastjórn hennar, eða 3,6 milljónir alls.**

# Flóra Íslands greind í gegnum farsímann

**Íslenskur hugbúnaður fyrir snjallsíma og spjaldtölvur til að greina plöntur á einfaldan hátt kemur senn á markað. Tæknin nýtist við kennslu og við alla almenna og faglega náttúruskoðun. Fugla- og pöddulyklar eru á næsta leiti.**

**NÁTTÚRA** Íslenskir hugvits- og náttúruáhugamenn hafa þróað greiningarlykil fyrir flóru Íslands fyrir Android stýrikerfið í farsíma og spjaldtölvur. Greiningarlyklar fyrir fugla og skordýr eru á næsta leiti. Tæknin gerir leikmönnum jafnt sem sérfræðingum kleift að greina fyrirbæri í náttúrunni á einfaldan hátt.

Plöntulykillinn, eins og hann er kallaður, hefur að geyma rúmlega 800 ljósmyndir af um 470 plöntum, ásamt 400 teikningum sem skýra frá hugtökum á myndrænan hátt.

Sigmundur Helgi Brink, aðjúnkt hjá Landbúnaðarháskólanum, átti frumkvæði að verkefninu og hefur unnið að þróun þess ásamt Guðmundi Frey Hallgrímssyni forritara.

„Það er ekkert sambærilegt til annars staðar en hugmyndafræðin á bakvið plöntulykillinn hefur alla tíð snúist um að fræða og upplýsa. Það má segja að þessi tækni hafi óendanlega möguleika og fugla- og pöddulykill eru langt komnir. Greiningarlykillinn fyrir íslenska steina er á hugmyndastigi,“ segir Sigmundur.

Gagnvirkni spilar stórt hlutverk þar sem hugbúnaðurinn krefst þess af notandanum að skoða plöntuna, velja fyrir ákveðnum einkennum og smella svo á snertiskjá í símanum sínum. Þannig er notandinn leiddur í gegnum grasafræðina með hundruðum skýringarmynda.

Sigmundur segir að greiningarlykillinn geti þjónað hlutverki í tengslum við ferðaiðnaðinn og landkynningu, innan lands sem utan. Fræðsluhlutverk hans er ótvírætt hvort sem um er að ræða umhverfisfræði, náttúrufræði, vistfræði, menningu og síðast en ekki síst nýsköpun.

Hugbúnaðurinn er einfaldur í notkun og er ætlaður áhugamönnum um grasafræði á öllum aldri. „Ef þú ert barn og kannt varla að lesa þá getur þú valið lit eða lögun plöntunnar en þeir sem eru lengra komnir geta nýtt sér þungar skilgreiningar eins og einfræja aldin án svifhára eða klofaldin sem klofna í einfræja hluta, svo dæmi sé tekið. Lykillinn býður því upp á valmöguleika fyrir alla, möguleikarnir eru því ótal margir og með tímanum fer fólk að beita lyklinum fyrir sig á flóknari atriði eða spurningar.“

svavar@frettabladid.is

## Plöntulykillinn - Verkefnið í hnotskurn



**DÆMI UM VALMÖGULEIKA** Skjámyndirnar sýna þrjá valmöguleika af mörg hundruð. Notandinn er leiddur til niðurstöðu með skýringarmyndum; einföldum og flóknari valmöguleikum. MYND/SIGMUNDUR

- Við þróun og smíði hugbúnaðarins var leitað í grasasafn Náttúrufræðistofnunar Íslands þar sem farið var yfir allar tegundir íslensku flórunnar.
- Niðurstaðan er einfalt viðmót þar sem notandinn velur eftir þeim einkennum sem hann kýs sjálfur að greina eftir; fjölda krónublaða, lit, blaðröndum, stöðu á stöngli, stönglinum sjálfum, hæringu hans og/eða laufblöðum.
- Hörður Kristinsson grasafræðingur lagði til allan texta í lýsingum, ljósmyndir og grunn í útbreiðslukortin.
- Sara Riel listamaður teiknaði allar skýringarmyndir.
- Styrktaraðilar eru: Impra nýsköpunarmiðstöð, Landbúnaðarháskólinn, Náttúrufræðistofnun, Landgræðslan, Veiðimálastofnun og Hátækni.
- Nú er unnið að því að hanna plöntulykilinn fyrir önnur stýrikerfi en Android, Windows-síma og spjaldtölvur ásamt IOS iPhone og iPad. Jafnframt stendur til að þýða lykilinn á ensku og þýsku.



**GIFTING** Pörin þrjátíu héldu að þau væru gift en svo reyndist ekki vera. NORDICPHOTOS/GETTY

Mistök fyrrverandi bæjarstjóra:

# 30 pör í Svíþjóð gift ólöglega

**SVÍÞJÓÐ Þrjátíu sænsk pör sem giftu sig fyrr á þessu ári hafa nú fengið upplýsingar um að giftingarnar hafi verið ólöglegar.**

**Fyrrverandi bæjarstjóri í Uppsölum gifti fólkið. Hún uppgötvaði hins vegar sjálf á vordögum að leyfi hennar til að gifta fólk var runnið úr gildi og tilkynnti þá yfirvöldum um mistökin. Pörin þrjátíu eru því ekki gift og þurfa að óska eftir undanþágu til að fá ólöglegu giftingarnar viðurkenndar. Að öðrum kosti þurfa þau að gifta sig aftur.**

**Að minnsta kosti eitt par íhugar að lögsækja sveitarfélagið vegna mistakanna.** - þeb

Rannsókn í Danmörku:

# Nítján danskir bankar í vanda

**DANMÖRK** Fimmta hver dönsk fjármálastofnun er í svo miklum rekstrarvanda að viðskiptavinirnir ættu að vera á varðbergi og jafnvel íhuga að snúa viðskiptum sínum annað, að því er greint er frá á fréttavef Politiken.

Þar er vitnað í rannsókn greiningarfyrirtækisins Niro Invest sem skoðaði stöðu 91 danskrar og færeyskrar fjármálastofnunar.

Haft er eftir Richolas Rohde, fulltrúa fyrirtækisins, að líta megi svo á að margir bankanna geti ekki haldið áfram að starfa sem sjálfstæðar fjármálastofnanir. - ibs




Leikskólastjóri sameinaðs leikskóla í Sunnufold í Grafarvogi segir upp störfum:

# Heyrðu af uppsögn á skotspónum

**SKÓLAMÁL** Valgerður Anna Þórisdóttir, leikskólastjóri leikskólans Sunnufoldar, þar sem sameina á þrjá leikskóla í Grafarvogi, hefur sagt starfi sínu lausu. „Það gerði hún að eigin frumkvæði og í fullri sátt við sína undirmenn og yfirmenn hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar,“ segir í svari borgarinnar við fyrirspurn blaðsins. Valgerður vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað.

Foreldrar barna í leikskólunum sem um ræðir í Grafarvogi hafa mótmælt fyrirhuguðum breytingum. Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, tók málið upp á fundi borgarstjórnar í gær og vitnaði í bréf foreldrafélags barna við Funaborg þar sem lýst var áhyggjum af áhrifum sameiningarinnar. „Í bréfi foreldranna kemur fram áfellisdómur yfir vanhugsuðum og óvönduðum vinnubrögðum meirihluta Samfylkingar og Besta flokksins varðandi sameiningu þessara þriggja leikskóla,“ sagði Kjartan.

Síðustu tíðindi sagði hann uppsögn Valgerðar á föstudag, en hún hafi hætt störfum sama dag. „Tölvupóstur um uppsögnina var sendur til foreldra kl. 15:50 [á mánudag] eða þegar komið var nálægt lokum leikskólans. Margir foreldranna fréttu því á skotspónum að þessir þrír skólar væru orðnir skólastjóralausir eða lásu það af miðum, sem festir höfðu verið upp á hurðir skólanna þegar þeir sóttu börn sín í gær,“ sagði hann. - óká



**LEIKSKÓLABÖRN** Glaðir leikskólakrakkar sem sóttu skemmtun á Klambratúni í fyrrasumar. Myndin tengist fréttinni ekki beint. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ertu að leita upplýsinga?
www.suzuki.is

# SUZUKI

SUZUKI Way of Life!

# Komdu og reynsluaktu

## SUZUKI SWIFT

**Nú stærri og rúmbetri með einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél.**

Beinskiptur, sjálfskiptur, 4x4. Verð frá 2.550 þús.
Meðaleyðsla fra 5.0L/100 km




FULL FRAME 4x4

## SUZUKI GRAND VITARA

**Söluhæsti jeppinn á Íslandi síðastliðin 3 ár.**




**Með öflugri 2.4L 169 hö/vél**

Verð frá 5.450 þús., beinskiptur.
Meðaleyðsla 9.0L/100 km




## SX4 SPORTJEPPLINGUR.

**Sparneytin vél, ný innrétting, aukinn búnaður og síðast en ekki síst hagstætt verð.**

Með 1,6L vél. Verð kr. 3.650 þús. Meðaleyðsla 6,5 L/100 km, beinskiptur



**Kizashi er fjórhjóladrifinn fólksbíll í millistærðarflokki**

**Sportlegur, aflmikill, vandaður og með frábæra aksturseiginleika. Bíll sem keppir við þá bestu!**

2,4L vél. Verð 5.880 þús. Meðaleyðsla 8,3L/100km

**Alto. Sparneytinn borgarbíl sem fær frítt í stæði í miðbænum!**

Hagstætt verð, ódýr í rekstri.
Verð kr. 1.790 þús. beinskiptur.
Meðaleyðsla 4,4L/100km.




FULL FRAME 4x4



**Upplifðu einstaka aksturseiginleika Jimny. Handskiptur, sjálfskiptur**

Verð frá kr. 3.350 þús.
Meðaleyðsla frá 7,3L/100km, beinskiptur.

FYRIR SKYNSAMT FÓLK

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

Hugtök Markaðsráðgjöf, April 2012

## GENGIÐ 22.05.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127 | 127,6 |
| Sterlingspund | 200,25 | 201,23 |
| Evra | 161,83 | 162,73 |
| Dönsk króna | 21,771 | 21,899 |
| Norsk króna | 21,379 | 21,505 |
| Sænsk króna | 17,81 | 17,914 |
| Japanskt jen | 1,5926 | 1,602 |
| SDR | 193,69 | 194,85 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
223,349

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Lyfjastofnun glímir ekki við fjárhagsvanda heldur árekstur ákvæða í fjárlögum og lyfjalögum:

# Hagnaður í fyrra nam 95 milljónum króna

**STJÓRNSÝSLA** Þótt Lyfjastofnun hafi farið fram úr fjárheimildum þá glímir stofnunin ekki við fjárhagsvanda, segir Rannveig Guðmundsdóttir, forstjóri Lyfjastofnunar. Ríkisendurskoðun sendi í byrjun vikunnar frá sér skýrslu þar sem sagt var áhyggjuefni hversu illa gengi að halda stofnuninni innan ramma fjárlaga.

„Stofnunin er nær alfarið rekin á sjálfsaflafé og fær ekki framlag úr ríkissjóði, en af því að við erum A-hluta stofnun þá eru tekjur okkar skilgreindar sem ríkistekjur,“ bendir Rannveig á.



RANNVEIG GUNNARSDÓTTIR

Rannveig segir mjög erfitt að áætla tekjur stofnunarinnar á hverju ári því þær byggist að stórum hluta á fjölda umsókna sem lyfjafyrirtæki sendi stofnuninni og greiði gjald fyrir. Þannig geti tekjur og umsvif farið út fyrir þann ramma sem Lyfjastofnun er settur í fjárlögum. Lögbundnar skyldur stofnunarinnar og ákvæði fjárlaga rekist á. „Hallinn er því bara í bókunum. Í reynd var stofnunin 95 milljónir króna í plús um síðustu áramót.“

Að mati Rannveigar væri hægt að leiðrétta fjárheimildir stofnunarinnar í fjáraukalögum á ári hverju, en skynsamlegasta leiðin væri hins vegar ákveðinn aðskilnaður í rekstri stofnunarinnar. Fjárlög gætu þannig sagt til um markaðar tekjur til eftirlits og stjórnsýsluverkefna sem hingað til hafi ekki fylgt fjárframlag. „Síðan mætti mögulega gera þjónustusamning um önnur verkefni.“ **- óká**

### Rekstraráætlunin

Fjármálastjóri Lyfjastofnunar hafnar athugasemd Ríkisendurskoðunar um að rekstraráætlanir Lyfjastofnunar standist ekki. Þótt upphafleg áætlun 2011 hafi verið upp á 400 milljónir hafi bæst við kostnaður vegna kjarasamninga og lagabreytingar þar sem stofnunin tók á sig aukin verkefni. Sá kostnaður nemi 18,6 milljónum. Uppfærð áætlun sé því 418,6 milljónir króna. Endanleg niðurstaða var 423 milljónir.



**HIMNATRÉÐ** Himnatréð er stórglæsilegt eins og sjá má. NORDICPHOTOS/AFP

Hæsti turn í heimi tilbúinn:

## Himnatréð nú opið almenningi

**TÓKÍÓ Hæsti turn í heimi hefur nú verið opnaður almenningi en hann hefur verið fjögur ár í byggingu. Turninn risavaxni er í japönsku borginni Tókíó og heitir Skytree, eða Himnatréð.**

**Turninn er 634 metrar á hæð og kostaði um 800 milljónir dollara. Þótt turninn hafi verið opnaður fyrir almenningi í fyrradag þá er enginn hægðarleikur að komast upp í hann því uppselt er í turninn fram í miðjan júlí.**

**Hæsta bygging heims er hins vegar Burj Khalifa skýjakljúfurinn í Dúbæ en hann er um 828 metrar á hæð.**

### LÖGREGLUMÁL

**Fundu eins metra kornsnák**

Lögreglumenn á höfuðborgarsvæðinu fundu eins metra langan snák við leit í húsi í austurborginni. Dýrið var flutt á dýraspítala þar sem gerðar voru viðeigandi ráðstafanir. Um var að ræða svokallaðan kornsnák og var hann rúmlega einn metri að lengd.

# Hærri gjaldskrár en heimsóknum fjölgar

**Samningsleysi Sjúkratrygginga við sérfræðilækna hefur í för með sér hærri gjöld. Fjórði hver Íslendingur frestaði nauðsynlegri læknisþjónustu árin 2006 og 2007. Finnum fyrir auknum þrýstingi, segir kynningarfulltrúi Sjúkratrygginga.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Samningsleysi sérfræðilækna við Sjúkratryggingar Íslands hefur gert það að verkum að margir læknar leggja aukið umsýslugjald á sjúklinga sína. Gjaldskrá hefur hækkað jafnt og þétt síðan í fyrra, en samningar hafa verið lausir síðan í apríl 2011.

Komum til sérfræðilækna hefur þó fjölgað mikið á síðustu árum, en árið 2005 voru komurnar um 385 þúsund en um 450 þúsund árið 2010. Læknar hafa þó haft tiltölulega frjálsar hendur í 13 mánuði til að verðleggja þjónustu sína. Ekki eru komnar tölur frá Sjúkratryggingum fyrir síðasta ár.

Heiðar Örn Arnarsson, kynningafulltrúi Sjúkratrygginga, segir erfitt að segja hversu miklar hækkanir hafi átt sér stað síðan samningar féllu úr gildi.

„Við erum að fá afar takmarkaðar upplýsingar,“ segir hann. „En við finnum fyrir þrýstingi og auðvitað er ósátt fólk að hafa samband við okkur vegna þess að það þarf að leggja út hærri upphæðir.“

Á árunum 2006 og 2007 frestaði eða felldi niður um fjórði hver Íslendingur nauðsynlegri læknisþjónustu. Misjafnt var eftir félagslegri stöðu hvers vegna fólk frestaði komu sinni til lækna. Meðal þeirra sem frestuðu læknisheimsóknum oftar en aðrir var ungt fólk sem á í fjárhagsörðugleikum. Af þeim sem töldu sig vera í miklum fjárhagsörðugleikum höfðu tæp 60 prósent frestað eða sleppt nauðsynlegri læknisþjónustu á sex mánaða tímabili. Þetta er meðal þess sem kom fram í rannsókn Rúnars Vilhjálmssonar félagsfræðings og birt var í fyrra. Það er athyglisvert í ljósi þess að komum til sérfræðilækna hefur fjölgað mikið síðan rannsóknin var gerð.




**FLEIRI HEIMSÓKNIR TIL SÉRFRÆÐINGA** Komum til sérfræðilækna á landinu hefur fjölgað um 20 prósent á árunum 2006 til 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rúnar segir bráðnauðsynlegt að gera sambærilega rannsókn í dag til að sjá hvaða áhrif efnahagsbreytingarnar í landinu hafa á frestunina og almennt aðgengi að heilbrigðisþjónustu.

„Stærsti þátturinn var fjárhagserfiðleikar. Hlutfallið hækkar mikið eftir því sem fólk er í meiri örðugleikum,“ segir Rúnar. Niðurstöðurnar séu viðvörun til stjórnvalda og það sé verulegt áhyggjuefni ef einkafjármögnun verði aukin innan heilbrigðisgeirans, meðal annars með því að hækka sjúklingagjöld enn frekar.

**sunna@frettabladid.is**



**BREIÐHOLTI** Breiðholtsráðið ætlar að hittast tvisvar á ári á opnum fundum. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Stofnfundur á föstudag:

## Samtök fyrir íbúa Breiðholts

**REYKJAVÍK** Breiðholtsráð, opin samtök fyrir íbúa Breiðholts, verður stofnað á föstudag. Ráðið mun fjalla um helstu mál sem varða hverfið og hagsmuni íbúa.

Áætlað er að Breiðholtsráð hittist á opnum fundi tvisvar sinnum á ári og eru allir íbúar velkomnir í ráðið. Hverfisstjóri Breiðholts, Óskar Dýrmundur Ólafsson, boðar til stofnunar samtakanna og verður stofnfundur haldinn í menningarmiðstöðinni Gerðubergi á föstudag klukkan 14.

Jón Gnarr borgarstjóri mun sækja fundinn og taka þátt í stofnun ráðsins. **- sv**

Stöðvaði síblaðrandi móður:

## Barn hékk út um glugga bíls

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Suðurnesjum veitti í fyrradag athygli bifreið sem ekið var um götur í umdæminu. Stúlkubarn, sem augljóslega var ekki í bílbelti, hékk út um afturglugga bílsins, en móðirin sem ók honum var að tala í farsíma og veitti þessu ekki athygli.**

**Lögreglan gaf henni merki um að stöðva bifreiðina, en hún tók ekki eftir því sökum anna í símanum. Þegar hún varð lögreglu loks vör átti hún í erfiðleikum með að stöðva bifreiðina. Lögregla gerði konunni grein fyrir alvarleika málsins.**




### VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**MILT Í VEÐRI**
Veðrið næstu daga verður nokkuð svipað, suðlægar áttir með vætu sunnan og vestan til en úrkomulítið annars staðar. Hitinn verður með ágætum og má búast við allt að 20°C í björtu veðri norðaustan til í dag.



Á MORGUN
8-15 m/s.

FÖSTUDAGUR
10-15 m/s V-til annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 25° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 28° |
| Billund | 21° |
| Frankfurt | 27° |
| Friedrichshafen | 22° |
| Gautaborg | 21° |
| Kaupmannahöfn | 21° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 22° |
| Mallorca | 24° |
| New York | 24° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 23° |
| París | 22° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 16° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is




# Portúgal

## Draumastaður fjölskyldunnar

**Lækkað verð!**
**29. maí og 5. júní**

## Beint vikulegt flug með Icelandair í allt sumar




### Cerro Alagoa ★★★★

Stílhreint fjögurra stjörnu hótel, vel staðsett, steinsnar frá gamla miðbænum í Albufeira. Herbergin eru virkilega smekkleg og rúmgóð, parketlögð og með nýtískulegum innréttingum. Stutt er síðan hótelið var gert upp.

**Verð frá 84.650 kr.***

**og 15.000 Vildarpunktar**

á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í tvíbýli m. morgunverði 5. júní , í viku.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli m. morgunverði: 101.300 kr. og 15.000 Vildarpunktar.
*Verð án Vildarpunkta 94.650 kr. m.v. 2+1. Verð án Vildarpunkta 111.300 kr. m.v. 2.




### Alfagar I smáhýsi ★★★

Snotur íbúðagisting 5 km austan við Albufeira. Hótelið situr á klettasyllu við Santa Eulália ströndina og frá því er gríðarlega fallegt útsýni yfir strandlengjuna.

**Verð frá 63.800 kr.***

**og 15.000 Vildarpunktar**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-11) í íbúð m/1 svefnh. og garðsýn. 29. maí, í viku. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð m/1 svefnh. og garðsýn: 78.400 kr. og 15.000 Vildarpunktar.
*Verð án Vildarpunkta 73.800 kr. m.v. 2+2. Verð án Vildarpunkta 88.400 kr. m.v. 2.




### São Rafael Suite Hotel CS ★★★★★

Glæsilegt hótel í miðju Algarve skammt frá Albufeira og einni bestu strönd Evrópu, São Rafael. Góður kostur fyrir pör og fjölskyldur

**Verð frá 100.200 kr.***

**og 15.000 Vildarpunktar**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í fjölskylduherbergi m/2 herb. og morgunverði. 29. maí, í viku.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í í tvíbýli m/morgunverði: 122.200 kr. og 15.000 Vildarpunktar.
*Verð án Vildarpunkta 110.200 kr. m.v. 2+2. Verð án Vildarpunkta 132.200 kr. m.v. 2.

* Ef bókað er á skrifstofu bætist við 1.500 kr. bókunargjald.



VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 59773 05/12

**KJÖRKASSINN**



*Ert þú hlynnt(ur) því að nýr Landspítali verði byggður við Hringbraut, eins og áformað er?*

| | |
|---|---|
| Já | 21,2% |
| Nei | 78,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Þarf þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort aðildarviðræðum við ESB skuli haldið áfram?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna gagnrýna skort á samráði:

# Undirmenn borgarstjóra átta í stað átján

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Teknar voru til afgreiðslu tillögur um einföldun á stjórnkerfi Reykjavíkurborgar á aukafundi borgarstjórnar í gær. Einnig var afgreidd stofnun embættis umboðsmanns borgarbúa.

Dagur B. Eggertsson, formaður stjórnkerfisnefndar borgarinnar, segir um að ræða einföldun á miðlægri stjórnsýslu; sameiningu skipulags- og byggingarsviðs, umhverfis- og samgöngusviðs og framkvæmdasviðs í umhverfis- og skipulagssvið og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar. Hann bendir á að á kjörtímabilinu hafi fagsviðum fækkað úr átta í fimm, skrifstofum í miðlægri stjórnsýslu fækkað úr tíu í sjö og beinum undirmönnnum borgarstjóra fækkað úr átján í átta. Þá hafi fagráðum fækkað um þrjú, auk þess sem framtalsnefnd hafi verið lögð niður.

Í bókun borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins eru stjórnkerfisbreytingarnar sagðar án fjárhagslegs ávinnings, auk þess sem skort hafi á samráð við ákvarðanatökuna. „Fyrir liggur að engin hagræðing fylgir breytingunum og að öllum líkindum munu þær fela í sér aukinn kostnað fyrir borgarbúa,“ sagði Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti flokksins.



DAGUR B. EGGERTSSON



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

> Fyrir liggur að engin hagræðing fylgir breytingunum og að öllum líkindum munu þær fela í sér aukin kostnað fyrir borgarbúa.
>
> **HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR**
> ODDVITI SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, gagnrýndi einnig skort á samráði við breytingarnar, sem hún sagði þó jákvæðar fyrir borgina. **- óká**



**FJÖLSKYLDUHJÁLPIN** Boðið verður upp á hársnyrtingu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Klipping í boði til fjögur:

## Mæta skal með nýþvegið hárið

**FÉLAGSMÁL** Skjólstæðingum Fjölskylduhjálpar Íslands verður boðið upp á hársnyrtingu milli klukkan tíu og fjögur í dag í húsnæði Fjölskylduhjálparinnar við Eskihlíð í Reykjavík.

Fjölskylduhjálpin bendir þeim á að koma með nýþvegið hár sem vilja fá klippingu.

Eins verður matarúthlutun í dag milli tvö og hálf fimm, en úthlutun númera hefst klukkan tíu árdegis. „Hver skjólstæðingur er beðinn um að koma með skattframtal sitt fyrir árið 2011,“ segir í tilkynningu. **- óká**

Minnstir fordómar hér á landi:

## Samkynhneigð skiptir fólk litlu

**SAMFÉLAGSMÁL** Nær allir Íslendingar, eða 99 prósent, segja það ekki skipta máli ef nágrannar þeirra eru samkynhneigðir. Eitt prósent þjóðarinnar vill ekki að samkynhneigt fólk búi í nágrenni sínu.

Þetta eru niðurstöður alþjóðakönnunarinnar Atlas of European Values frá árinu 2009 sem er birt á vef Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands. Hlutfall þeirra sem ekki vilja eiga samkynhneigða nágranna er lægst hér á landi af þeim 47 Evrópulöndum sem tóku þátt. 91 prósent íbúa í Aserbaídsjan vill ekki eiga samkynhneigða nágranna, sem er hæsta hlutfallið af löndunum 47. **- sv**

**HVERAGERÐI**

### Taka undir stórskipahöfn

Bæjarráð Hveragerðis tekur undir með bæjarstjórn Ölfuss sem skoraði á þingmenn Suðurkjördæmis að leggja fram þingsályktunartillögu um að láta kanna hagkvæmni stórskipahafnar í Þorlákshöfn. Bæjarráðið segir slíka uppbyggingu mundu verða mikla lyftistöng fyrir atvinnulíf á Suðurlandi.

### Söluskáli fyrir göngufólk

Óskað hefur verið eftir lóð undir þjónustu- og söluskála innst í Ölfusdal inn af Hveragerði. Bæjarráðið kveðst fagna málinu því umferð gangandi fólks um svæðið hafi aukist mjög mikið og þörfin á aðstöðu þar sé brýn.

# Ítreka kröfu um hraðari viðræður

**Þingmaður Vinstri grænna vill kosningar um aðild að ESB í ár. Ráðherra tekur undir. Verði breytingartillaga Vigdísar Hauksdóttur um kosningar um framhald viðræðna í haust samþykkt styður Framsókn kosningar um stjórnarskrá.**

**ALÞINGI** Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, bókaði á fundi utanríkismálanefndar í gær að stefna ætti að kosningum um aðild að Evrópusambandinu (ESB) fyrir árslok. Guðfríður greiddi umsókninni ekki atkvæði sitt þegar meirihluti Alþingis samþykkti hana og ítrekar með þessu afstöðu sína um að flýta eigi viðræðunum og kjósa sem fyrst.

„Þessi vegferð dregur athygli og orku frá aðkallandi verkefnum og verður þess valdandi að tefja og takmarka þróun annarra valkosta við endurreisn íslensks samfélags. Slíkt er bæði áhættu- og kostnaðarsamt fyrir þjóðarbúskapinn,“ segir í bókuninni.

Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra og flokksbróðir Guðfríðar, tekur undir þetta. Hann segir það skýrt af sinni hálfu að fá eigi efnislegar niðurstöður í samningana og ljúka þeim með þjóðaratkvæðagreiðslu. „Ég heyri það innan þingsins að vaxandi stuðningur er við þessa hugsun, sem endurspeglast í málflutningi Guðfríðar Lilju, að því verði hraðað að fá niðurstöðu í málið.“

Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar, segir afstöðu Guðfríðar Lilju hafa verið ljósa lengi og ekkert nýtt komi fram í bókun hennar.

„Hún greiddi ekki atkvæði með umsóknarferlinu og þessi afstaða hennar núna breytir í sjálfu sér ekki miklu. Það getur hins vegar reynt á það núna í atkvæðum um þjóðaratkvæðagreiðslu um drög að stjórnarskrá,“ segir Árni Þór.

Þar vísar hann í breytingartillögu Vigdísar Hauksdóttur, þingmanns Framsóknarflokksins, um að þeirri spurningu verði bætt við hvort halda eigi aðildarviðræðum við ESB áfram. Svarið verði já eða nei.

Vigdís segir ljóst að farið sé að hitna mjög undir meirihluta í málinu og vísar til Guðfríðar Lilju og Ögmundar, auk Samfylkingarþingmannanna Árna Páls Árnasonar og Helga Hjörvar, sem Vigdís segir hafa opnað á slíka atkvæðagreiðslu. Spurð um afstöðu Framsóknarflokks til stjórnarskrármálsins segir hún:

„Breytingartillaga mín er tekin fyrst á dagskrá. Ef það næst meirihluti fyrir tillögu minni þá samþykkjum við þjóðaratkvæðagreiðsluna.“ **kolbeinn@frettabladid.is**



**VILL FLÝTA SAMNINGUM** Guðfríður Lilja Grétarsdóttir vill hraða samningum við ESB svo hægt sé að kjósa um aðild á þessu ári. Ögmundur Jónasson er sammála henni og telur að Samfylkingin hljóti að sættast á það. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Ekki að knýja fram nauman meirihluta

„Mér finnst ekki keppikefli að knýja fram niðurstöðu á naumum meirihluta. Öllu mikilvægara er að þeir sem eru andvígir aðild Íslands að ESB stilli saman strengi sína og nái breiðu samkomulagi sín í milli,“ segir innanríkisráðherra.

„Síðan vil ég bæta því við að mér finnst allar forsendur fyrir því að Samfylkingin, sem segist vilja virða lýðræðið, sættist á samkomulag um að flýta þessum viðræðum og setja tímamörk þannig að við getum gengið til þjóðaratkvæðagreiðslu um samning á næstu mánuðum.“




ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

ÞAÐ ÞARF FÓLK TIL AÐ VÍSA VEGINN

LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI

STAÐNÁM – FJARNÁM

KYNNINGARFUNDUR 30. MAÍ

UMSÓKNARFRESTUR TIL 4. JÚNÍ

Nánari upplýsingar: sími 525 4444 endurmenntun.is


Vladimír Pútín kynnir ráðherraskipan nýrrar ríkisstjórnar Rússlands:

# Umdeildir jálkar fá valdastöður

**RÚSSLAND, AP** Eitt fyrsta verk Vladimírs Pútíns í embætti forseta Rússlands, eftir að hafa setið hjá í eitt kjörtímabil, er að hækka sektir á mótmælendur og útvega nokkrum umdeildustu ráðherrum fyrri stjórnar sinnar valdastöður í kerfinu.

Hér eftir þurfa þátttakendur í mótmælaaðgerðum, sem ekki hafa fyrirfram verið leyfðar af stjórnvöldum, að greiða 200 sinnum hærri sekt en áður var heimild til.

Pútín lagði í gær blessun sína yfir ráðherralista ríkisstjórnar Dmitrí Medvedevs, sem nú er orðinn forsætisráðherra, en þeir skiptu um embætti í síðustu viku í kjölfar forsetakosninga.

Nokkrir umdeildustu ráðherrarnir fá ekki embætti í nýju stjórninni, en Pútín útvegaði þeim í staðinn áhrifamiklar stöður annars staðar í kerfinu.

Til dæmis verður Rashid Nurgalijev ekki innanríkisráðherra áfram, en hann hefur verið harðlega gagnrýndur í tengslum við ásakanir á hendur lögreglunni um ofbeldi og pyntingar. Í staðinn verður Nurgalijev aðstoðarframkvæmdastjóri öryggisráðs forsetans.

Þá hefur Pútín fengið á ný til liðs við sig gamla samstarfsmenn á borð við Igor Sechin, fyrrverandi aðstoðarforsætisráðherra, sem nú verður yfirmaður Rosneft, stærsta olíufyrirtækis Rússlands. **- gb**



**PÚTÍN OG MEDVEDEV** Forseti og forsætisráðherra Rússlands hafa komist að samkomulagi um ráðherraskipan nýju stjórnarinnar. NORDICPHOTOS/AFP




PIPAR\TBWA - SÍA - 121462

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** *Vegna hvers undirbýr ASÍ málaferli á hendur ríkinu?*
**2.** *Hvað fannst fljótandi við Kaliforníustrendur um síðustu helgi?*
**3.** *Hvað heitir utanríkisráðherra Svíþjóðar?*

**SVÖR**

*1. Fjársýsluskatts lífeyrissjóða - 2. Fjögur tonn af Maríjúana - 3. Carl Bildt*

Hlífar Vatnar Stefánsson jós fúkyrðum yfir viðstadda í Héraðsdómi Reykjaness í gærdag:

# Réttarhöld í morðmáli verða opin almenningi

**DÓMSMÁL** Réttarhöld í morðmáli gegn Hlífari Vatnari Stefánssyni, 23 ára Hafnfirðingi, verða opin fjölmiðlum og almenningi samkvæmt ákvörðun dómara í gær. Hlífar játaði sök við þingfestingu málsins.

Hlífar banaði Þóru Eyjalín Gísladóttur, 35 ára unnustu sinni, með hníf í húsi við Skúlaskeið í Hafnarfirði í byrjun febrúar. Samkvæmt ákæru stakk hann hana ítrekað í andlit og líkama og skar hana á háls. Hlífar mætti sjálfur á lögreglustöð í afar annarlegu ástandi og gaf til kynna hvers kyns var. Þóra fannst í kjölfarið látin á heimili hans.

> Djöfulsins viðbjóður. Fokkaðu þér, þetta er ógeðslega ómerkilegt.
>
> **HLÍFAR VATNAR STEFÁNSSON**

Lögmaður fjölskyldu Þóru fór fram á það fyrir Héraðsdómi Reykjaness í gær að réttarhöldin yrðu lokuð, til að hlífa fjölskyldunni við upplýsingum í gegnum fjölmiðla. Verjandi Hlífars tók undir kröfuna en Helgi Magnús Gunnarsson saksóknari mótmælti kröfunni og benti á að það væri grundvallarregla að sakamál væru opin, nema helst til að hlífa fórnarlambinu sjálfu.

Átján ára sonur Þóru gerir fjögurra milljóna króna bótakröfu í málinu og foreldrar hennar tvær milljónir hvort. Þegar Hlífar var inntur eftir afstöðu sinni til krafnanna í gær sagði hann: „Djöfulsins viðbjóður. Fokkaðu þér, þetta er ógeðslega ómerkilegt.“ **- sh**



**Í VARÐHALDI** Hlífar hefur setið í gæsluvarðhaldi síðan hann mætti á lögreglustöðina í febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





Ársfundur Sameinaða lífeyrissjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 24. maí nk., kl. 16.00, á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

Dagskrá

1. Fundarsetning
2. Almenn ársfundarstörf
3. Kynning á viðbrögðum sjóðsins við athugasemdum í skýrslu úttektarnefndar Landssamtaka lífeyrissjóða
4. Önnur mál löglega upp borin

Auk kjörinna fulltrúa eiga allir sjóðfélagar og rétthafar séreignarsparnaðar rétt til setu á fundinum.

Reykjavík, 2. maí 2012
Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins

Hægt verður að fylgjast með beinni útsendingu frá fundinum á heimasíðu sjóðsins, **lifeyrir.is**

Ársskýrslu og dagskrá fundarins má nálgast á skrifstofu sjóðsins og á **lifeyrir.is**

Borgartún 30, 105 Reykjavík
Sími 510 5000
mottaka@lifeyrir.is
lifeyrir.is

Lífeyrir
Sameinaði lífeyrissjóðurinn




**KOSNINGAR** Verði frumvarp ráðherra að lögum verður fjölmiðlum óheimilt að birta kannanir á kjördag og daginn fyrir kosningar. Eiríkur Bergmann segir netið gera mönnum hægt um vik að komast fram hjá slíku banni, eins og hafi sýnt sig í Frakklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Bann við könnunum heftir upplýsingar

**Ný fjölmiðlalög leggja til bann við birtingu skoðanakannana skömmu fyrir kosningar. Stjórnmálafræðingur segir ekki hægt að framfylgja því. Þá hefti það aðgang almennings að upplýsingum. Unnið í samráði við stjórnmálaflokkana.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvers vegna á að setja takmörk á birtingu skoðanakannana?



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**

Frumvarp Katrínar Jakobsdóttur, mennta- og menningamálaráðherra, gerir ráð fyrir því að bann sé sett við birtingu skoðanakannana á kjördag og daginn fyrir kosningar. Komið hefur fram gagnrýni á þetta bann, til að mynda ritaði Pawel Bartoszek grein í Fréttablaðið á föstudag þar sem hann sagði það stangast á við málfrelsisákvæði stjórnarskrár. Fréttablaðið sendi ráðuneytinu fyrirspurn um frumvarpið.

Í svörum þess kemur fram að Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) hafi, í skýrslu um kosningar til Alþingis árið 2009, gert athugasemdir við að hér á landi væru engar reglur sem tryggðu nýjum stjórnmálaframboðum aðgang að umfjöllun í fjölmiðlum. Þá vanti einnig mótvægisaðgerðir til að rétta hlut þeirra gagnvart rótgrónum stjórnmálahreyfingum varðandi aðgang að fjölmiðlum.

Í greinargerð með frumvarpinu er bannið einmitt rökstutt með vísan til lítilla og nýrra framboða. Bannið eigi að veita kjósendum frekara svigrúm til að mynda sér skoðun á kjördag og daginn fyrir kosningar.

„Í slíkum tilvikum geta skoðanakannanir á síðasta degi fyrir kosningar haft þau áhrif að kjósendur velji frekar framboð sem talin eru líklegri, samkvæmt könnunum, til að hljóta sæti t.d. í sveitarstjórn eða á Alþingi.“

Katrín Jakobsdóttir segir að frumvarpið sé hugsað sem tillaga til umræðu um skýrari reglur um umfjöllun fjölmiðla fyrir kosningar, en sú umræða sé ekki nægilega þroskuð hér á landi.

„Við fengum athugasemdir um að hér væru engar reglur og ræddum hugmyndir um auglýsingabann og ýmislegt fleira. Niðurstaðan var þessi tillaga, en við erum reiðubúin til að hlusta á öll sjónarmið í málinu.“

Greinargerð frumvarpsins vísar til þess að í Noregi og Frakklandi sé slíkt bann fyrir hendi og í síðarnefnda landinu sé birting skoðanakannana óheimil viku fyrir kosningar.



**EIRÍKUR BERGMANN EINARSSON**

Eiríkur Bergmann Einarsson stjórnmálafræðingur segir að þar í landi hafi það sýnt sig að ófært sé að framfylgja slíku banni. Einfaldlega hafi verið leitað til fyrirtækja í öðrum löndum til að vinna kannanir sem hafi síðan verið birtar á netinu.

„Í raun og veru er útilokað að fyrirbyggja þetta í samfélagi þar sem tölvur eru tengdar við net.“

Eiríkur segir engin vísindaleg gögn liggja fyrir því að kannanir séu skoðanamyndandi skömmu fyrir kjördag. Vissulega hafi þær áhrif á skoðanir fólks, en eigi að vinna á því þurfi að banna þær í mun lengri tíma, jafnvel um leið og eiginleg kosningabarátta hefst.

„Á móti kemur að þetta er einnig réttur kjósenda til upplýsinga. Það er ekki bara galli að eitthvað sé skoðanamyndandi heldur getur það líka verið réttur kjósenda að velja sér stjórnmálaflokk út frá þeirri þekkingu sem fyrir liggur um stöðu flokkanna. Það er ekki andlýðræðislegt í sjálfu sér.“

Í svörum ráðuneytisins er vísað í dóm í Frakklandi frá 1999 um að bannið þar stangist ekki á við ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu um tjáningarfrelsi. Eiríkur Bergmann segir engu að síður ástæðu til að hafa áhyggjur af tjáningarfrelsinu, verði þessi leið farin.

„Þá hlýtur það að ganga gegn hugmyndum um pólitískt siðferði að halda upplýsingum frá kjósendum, upplýsingum sem þeir geta notað sjálfir.“

**kolbeinn@frettabladid.is**

## Verður að vera EES-borgari

Ábyrgðarmaður fjölmiðlaveitu skal vera ríkisborgari í EES-ríki samkvæmt frumvarpinu. Í svari ráðuneytisins um hvort það stangist á við ákvæði stjórnarskrár um atvinnu- og tjáningarfrelsi segir það mat framkvæmdarstjórnar ESB að ákvæði gildandi laga, um að ábyrgðarmaðurinn skuli hafa heimilisfesti hér á landi og vera lögráða, stangist á við staðfesturétt, sem er hluti EES-samningsins. Útvíkkunin til EES-svæðisins sé í takti við EES-rétt um staðfesturétt.

Katrín segir einfaldlega verið að innleiða EES-reglur, til dæmis hljóð- og myndskipunartilskipunina. Þetta sé almenna reglan innan EES-svæðisins. Borgarar utan þess svæðis geti sótt um undanþágu frá banninu, líkt og þegar kemur að landakaupum.




BYLGJAN 25 ÁRA 989

Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar


Útsala
Komdu og gerðu
frábær kaup...
við lokum versluninni
Borðstofuhúsgögn
Hvíldarstólar
Sófar
Hornsófar
Sófasett
Svefnsófar
Afsláttur
af öllum vörum
Allt
á að seljast
Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
www.valhusgogn.is
Opið virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16



TALAR Í SKJÓLI HEILA Símklefi þessi í Sao Paolo í Brasilíu hefur verið skreyttur svo hann líti út eins og mannsheili. NORDICPHOTOS/AFP

Svört skýrsla Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sýnir að 13% ungmenna á aldrinum 15-23 eru atvinnulaus:

# Um 75 milljón ungmenni eru án vinnu

**ATVINNUMÁL** Nær 13 prósent allra ungmenna í heiminum á aldrinum 15 til 23 ára eru án atvinnu eða alls 75 milljónir. Ástandið mun ekki breytast verulega á næstum fjórum árum, að því er kemur fram í nýrri skýrslu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem BBC vitnar í. Um sex milljónir ungmenna um heim allan hafa misst móðinn og gefist upp. Þeim finnst sem samfélagið hafi hafnað þeim.

Atvinnulausum ungmennum hefur fjölgað um fjórar milljónir frá árinu 2007. Ástandið er sérstaklega slæmt í aðildarríkjum Evrópusambandsins þar sem fimmta hvert ungmenni er án atvinnu.

Enn verri er staðan í Norður-Afríku. Þar eru 27,9 prósent ungmenna atvinnulaus. Í Mið-Austurlöndum er talan 26,5 prósent. Í Austur-Asíu er atvinnuleysi 2,8 sinnum meira hjá ungu fólki en fullorðnum.

Vegna aukins atvinnuleysis fjölgar þeim ungmennum sem ákveða að halda áfram námi. Önnur þiggja þau hlutastörf sem í boði eru eða leita að störfum sem ekki krefjast fagmenntunar.

Alþjóðavinnumálastofnunin hvetur stjórnvöld til þess að setja atvinnusköpun í forgang. Í skýrslu stofnunarinnar segir að ungt fólk sem ekki geti nýtt sér menntun sína eigi á hættu að glata niður faglegri þekkingu sinni. Batni ekki atvinnumarkaðurinn sé hætta á að ungmennin verði ekki gjaldgeng á sínu sviði. **- ibs**



ATVINNULAUS Ungmenni í Kína í atvinnuleit. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Egyptar kjósa forseta

**Fyrstu frjálsu forsetakosningarnar í Egyptalandi hefjast í dag. Strangtrúaðir íslamistar og fulltrúar gömlu valdaklíkunnar keppa við lýðræðissinna.**

**EGYPTALAND** Arabíska vorið, sem svo hefur verið nefnt, hófst með látum í byrjun síðasta árs. Almenningur reis upp gegn valdaklíkum sem stjórnað höfðu áratugum saman.

Stjórnin í Túnis féll fyrst, strax í janúar, og svo kom röðin að Egyptalandi. Hosni Mubarak hraktist frá völdum í febrúar og var dreginn fyrir dóm í ágúst. Réttarhöldin standa enn yfir.

Og nú er komið að forsetakosningum í Egyptalandi. Þær verða haldnar í dag og á morgun, en efnt verður til seinni umferðar í júní milli tveggja efstu ef enginn frambjóðenda fær hreinan meirihluta.

Þrettán frambjóðendur sækjast eftir embættinu, en fjórir þeirra þykja sigurstranglegastir.

Átakalínurnar eru ekki einfaldar, því annars vegar keppa íslamistar við fulltrúa hersins, sem hefur farið með öll völd í landinu í næstum því sex áratugi, en hins vegar vilja lýðræðissinnar, jafnt trúaðir sem veraldlega sinnaðir, koma í veg fyrir að andlýðræðisleg öfl úr röðum beggja komist til valda.

Íslamistar eru með yfirgnæfandi meirihluta á nýkjörnu þingi, en skoðanakannanir benda til þess að lýðræðissinnar fái meira fylgi en strangtrúarsinnar eða herforingjar.

Þannig virðist Amr Moussa njóta meira fylgis en Ahmed Shafik og sömuleiðis virðist Abdel Moneim Aboul Fotouh njóta meira fylgis en Muhammed Mursi.

Þótt Moussa hafi í eina tíð verið utanríkisráðherra í stjórn Hosni Mubaraks hefur hann lagt áherslu á lýðræði og frjálslyndi, öfugt við Shafik sem virðist fyrst og fremst halda tryggð við hina gömlu valdaklíku hersins.

Þá hefur Fotouh lagt áherslu á íslamska lýðræðisstjórn, öfugt við Mursi sem vill halda fast við strangar reglur íslamstrúar.

Á Vesturlöndum óttast margir íslamista og telja jafnvel að íslam og lýðræði hljóti að vera andstæður, en í löndum þar sem yfirgnæfandi meirihluti íbúa eru múslimar er vart við öðru að búast en lýðræðissinnar aðhyllist íslamska trú.

Fyrirmynd margra lýðræðissinna í Egyptalandi, eins og víðar í löndum „arabíska vorsins“, er Tyrkland þar sem Recep Tayyip Erdogan forsætisráðherra hefur sagt íslamska lýðræðisstefnu sína sambærilega við stefnu kristilegra demókrataflokka í Þýskalandi og víðar í Evrópu.

Þótt nýtt þing hafi nú setið í nokkrar vikur bíður ríkisstjórnarmyndun þangað til úrslit fást í forsetakosningum, því sigurvegarinn fær það hlutverk að velja forsætisráðherra. Herforingjaráðið, sem farið hefur með völdin í landinu frá því Mubarak hrökklaðist frá, hefur síðan lofað því að fara frá völdum um leið og ný ríkisstjórn er orðin starfhæf.

Herforingjarnir leggja einnig áherslu á að fólk sætti sig við niðurstöðu forsetakosninganna, hver sem hún verður: „Lýðræðisferlið í Egyptalandi er að stíga sín fyrstu skref og við verðum öll að leggja okkar af mörkum til þess að árangur náist,“ segir í yfirlýsingu frá herforingjaráðinu.

gudsteinn@frettabladid.is

## Sigurstranglegustu frambjóðendurnir

### Tengdir fyrri stjórn



**Amr Moussa**, *76 ára*

Var utanríkisráðherra 1991-2001. Leiðtogi Arababandalagsins 2001-2011.

Segist sjálfur vera frjálslyndur þjóðernissinni. Talinn geta orðið mótvægi gegn áhrifum íslamista, sem eru ráðandi afl á nýkjörnu þingi.



**Ahmed Shafik**, 71 árs

Fyrrverandi yfirmaður flughersins, var forsætisráðherra í nokkrar vikur snemma á síðasta ári.

Nýtur stuðnings hersins. Sigri hann yrði það framhald á samfelldri valdatíð yfirmanna úr hernum allar götur frá því Farouk konungi var steypt af stóli árið 1952.

### Íslamistar



**Abdel Moneim Aboul Fotouh**, *60 ára*

Var lengi áhrifamaður innan Bræðralags múslima, en býður sig fram sem óháður frambjóðandi.

Nýtur virðingar sem frambjóðandi hófsamra múslima. Hefur fylgi meðal yngri meðlima Bræðralags múslima, sem margir hverjir hafa gagnrýnt ósveigjanlegt valdakerfi Bræðralagsins.



**Muhammed Mursi**, 61 árs

Formaður og forsetaefni Frelsis- og réttlætisflokksins, nýs stjórnmálaflokks Bræðralags múslima.

Nýtur stuðnings frá öflugu grasrótarkerfi Bræðralags múslima og er með vel skipulagt kosningastarf, sem virðist geta skilað honum víðtæku fylgi.











**MAÐUR Í GULU RYKI** Hvassviðri þyrlaði upp miklu ryki í Bagdad, höfuðborg Íraks, nú í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP

Góð reynsla af búnaði Gæslunnar sem keyptur var eftir Mýrarelda vorið 2006:

# Þyrla slökkti mosaeld með fötu

**ÖRYGGISMÁL** TF-LÍF, þyrla Landhelgisgæslunnar, aðstoðaði Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins við að slökkva eld í mosa í Kapelluhrauni á mánudag. Til verksins var nýttur búnaður sem var keyptur fyrir þyrluna eftir sinubrunann mikla á Mýrum vorið 2006.

Eftir útkallið lenti þyrlan skammt frá vettvangi þar sem „slökkvifatan“ var hengd neðan í þyrluna. Var síðan sótt vatn í Kleifarvatn, samtals tíu ferðir en burðargeta fötunnar er um 1.700 lítrar í hverri ferð. Þessir 1.700 lítrar úr Kleifarvatni dugðu nánast til að slökkva eldinn en seinustu glæðurnar voru slökktar af slökkviliðinu.

Slökkvifatan var keypt í kjölfar Mýrareldanna vorið 2006 og er henni meðal annars ætlað að ráða niðurlögum elda á svæðum sem farartæki slökkviliðsins geta ekki af einhverjum ástæðum nálgast, til dæmis sumarbústaðasvæði og sinuelda.

Slökkvifatan er hengd neðan í þyrluna, henni dýft í vatn eða sjó og þannig fyllt. Fatan er síðan tæmd með því að rafknúinn loki í botni hennar er opnaður. - shá



**MÝRARELDAR 2006** Sinueldarnir á Mýrunum loguðu dögum saman; fólk flúði heimili sín og viðbúnaður var mikill. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dönsk stjórnvöld:

## Skyldaðir til að lesa fyrir börnin

**DANMÖRK Dönsk stjórnvöld vilja skylda danska foreldra til þess að lesa fyrir börn sín á leikskólaaldri í að minnsta kosti 20 mínútur á dag.**

**Samkvæmt frétt á berlingske.dk segir menntamálaráðherra Danmerkur, Christine Anotirini, að leikskólaárin séu ekki síður mikilvæg en árin í grunnskólanum. Þess vegna verði að krefjast meira af foreldrunum.**

**Jafnframt er stungið upp á því að foreldrar verið skyldaðir til að fara með börn sín á söfn.** - ibs



**YUKIYA AMANO** Yfirmaður Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar er bjartsýnn eftir ferð til Írans. NORDICPHOTOS/AFP

Íranir fallast á skilmála:

## Kjarnorkueftirlit reynt á ný

**ÍRAN, AP** Kjarnorkueftirlitssveitir á vegum Sameinuðu þjóðanna fá leyfi til að halda aftur til Írans samkvæmt samkomulagi, sem Alþjóðakjarnorkumálastofnunin segist hafa náð við írönsk stjórnvöld.

Enn er þó ágreiningur um ýmis smærri atriði, að því er Saeed Jalili segir, en hann er aðalsamningafulltrúi Írana í kjarnorkumálum.

Yukiya Amano, framkvæmdastjóri Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, hefur átt í viðræðum við Írani um þetta, en í dag hefjast í Bagdad frekari samningaviðræður Írana við sex ríki um þetta deilumál. - gb

**EFNAHAGSMÁL**

### Launavísitala lækkar

Launavísitala í apríl lækkaði um 0,1 prósent frá fyrri mánuði og fór niður í 431,4 stig. Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitalan hækkað um 11,9 prósent. Hagstofa Íslands greinir frá því að vísitala kaupmáttar launa hafi lækkað um 0,8 prósent.

# Tvö sakfelld fyrir að veita FME rangar upplýsingar

**Stjórnarformaður Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar og framkvæmdastjóri sjóðsins voru sakfelld fyrir að veita FME rangar upplýsingar. Þau voru sýknuð af öðrum ákærum. Aðrir stjórnarmenn sýknaðir.**

**DÓMSMÁL** Gunnar I. Birgisson, fyrrverandi stjórnarformaður Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar, og Sigrún Ágústa Bragadóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri sjóðsins, voru í gær dæmd til að greiða 150 þúsund króna sekt hvort fyrir að veita Fjármálaeftirlitinu (FME) rangar upplýsingar um stöðu sjóðsins.

Héraðsdómur Reykjaness sýknaði hins vegar fjóra aðra stjórnarmenn í sjóðnum, þau Flosa Eiríksson, Ómar Stefánsson, Jón Júlíusson og Sigrúnu Guðmundsdóttur, af öllum sakargiftum.

Málið snýst um lánveitingar frá lífeyrissjóðnum til bæjarsjóðs Kópavogs í kjölfar bankahrunsins haustið 2008. Lánveitingarnar fóru yfir þau mörk sem lífeyrissjóðnum var heimilt að lána einum aðila.

Sexmenningarnir voru ákærðir fyrir að ávaxta fé lífeyrissjóðsins með ólögmætum hætti. Í dómi héraðsdóms segir að ekki sé hafið yfir skynsamlegan vafa að stjórnarmönnunum og framkvæmdastjóranum hafi verið heimilt að ávaxta fé lífeyrissjóðsins með þessum hætti, og þau því sýknuð af þessum ákærulið.

Stjórn og framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins voru einnig ákærð fyrir að hafa veitt FME rangar upplýsingar í bréfi sem sjóðurinn sendi eftirlitinu 15. janúar 2009.



ÓMAR STEFÁNSSON



FLOSI EIRÍKSSON

### Átti von á sýknu

„Þessi niðurstaða kemur mér á óvart, ég taldi að öll stjórnin og framkvæmdastjórinn yrði sýknuð. Við teljum okkur alfarið saklaus af öllum sakargiftum,“ segir **Gunnar I. Birgisson**, fyrrverandi stjórnarformaður Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar.

Hann segist ætla að fara yfir dóminn með lögmanni sínum áður en hann ákveði hvort dómnum verði áfrýjað. Það segi þó sitt að 80 prósent sakarkostnaðar sé felldur á ríkið.



GUNNAR I. BIRGISSON

Þann dag rann út frestur sem sjóðurinn fékk til að koma stöðu lána við Kópavogsbæ í löglegt horf.

Í bréfinu kom fram hver staða lánveitinga sjóðsins til Kópavogsbæjar var 1. janúar 2009, en þess ekki getið að fimm dögum síðar hafi sjóðurinn lánað bænum 330 milljónir til viðbótar við fyrri lán.

Héraðsdómur telur að geta hefði átt stöðunnar þann dag sem bréfið var sent og sakfellir stjórnarformann og framkvæmdastjóra fyrir brot gegn hegningarlögum, þar sem fullyrt er í bréfinu að fjárfestingar sjóðsins væru í samræmi við lög, sem þær voru ekki vegna lánsins frá 6. janúar.

Aðrir stjórnarmenn voru sýknaðir þar sem í drögum að bréfi til FME sem þeir sáu var ekki fullyrt að fjárfestingar lífeyrissjóðsins væru í samræmi við lög.

Dómnum þótti hæfilegt að Gunnar og Sigrún Ágústa greiddu hvort um sig 150 þúsund króna sekt í ríkissjóð. Þar var meðal annars litið til þess að hvorugt hefur sakaferil, auk þess sem ekkert tjón hafi hlotist af brotinu og allar lánveitingar hafi verið greiddar til baka með góðri ávöxtun. Þá hafi rannsókn og útgáfa ákæru dregist.

Sakarkostnaður fjórmenninganna sem voru sýknaðir fellur á ríkissjóð, sem og mestur hluti sakarkostnaðar Gunnars og Sigrúnar Ágústu. Þau þurfa þó að greiða fimmtung launa verjenda sinna, um 300 þúsund krónur hvort. Sigrún Ágústa ætlar að áfrýja dómnum. brjann@frettabladid.is


www.volkswagen.is




Volkswagen Polo Trendline TDI

Sparar sig vel

Meðaleyðsla aðeins
3,8 lítrar á hverja 100 km*

* Miðað við blandaðan akstur á beinskiptum Volkswagen Polo Trendline 1.2 TDI

Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Polo

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA

Sund og bókasöfn í borginni:

# Atvinnulausir fá áfram frítt

**SAMFÉLAGSMÁL** Atvinnulausir og þeir sem þiggja fjárhagslegan stuðning frá Reykjavíkurborg fá áfram frítt í sund og frí bókasafnskort út þetta ár.

Tillaga Þorleifs Gunnarssonar borgarfulltrúa VG þess efnis var samþykkt á fundi borgarstjórnar í gær. Tillagan var samþykkt með tíu atkvæðum en borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá. Hanna Birna Kristjánsdóttir oddviti sjálfstæðismanna sagðist heldur vilja heildstæðari lausnir í þessum málum. - þeb

Bæjarstjórn Ölfuss hafnar tilmælum Skipulagsstofnunar um skorður við búsetu:

# Fólkið búi þar sem því líður vel

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarstjórn Ölfuss hafnar tilmælum Skipulagsstofnunar um að setja skorður við uppbyggingu margra íbúðarhúsa á einu og sama lögbýlinu. Stofnunin segir að með því að heimila allt að fjögur íbúðarhús og fjögur frístundahús á bújörðum sé grafið undan stefnumörkun um eflingu íbúðarbyggðar á skilgreindum íbúðarsvæðum og byggðakjörnum.

„Almennt má segja að ýmis rök hníga að því að heimila fólki að setja sig niður með heimilisfesti þar sem því líður vel og telur sig vera ánægt með lífið og tilveruna,



**Í ÖLFUSI** Talsvert algengt er að fleira en eitt heimili sé haldið á lögbýlum í Ölfusi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

svo framarlega sem það skerðir ekki almannarétt, valdi opinberum aðilum verulegum kostnaði eða spilli auðlindum svo sem vatnsverndarsvæðum," svarar bæjarstjórnin athugasemdum Skipulagsstofnunar.

„Það er ekki hlutverk sveitarfélags að ákveða hvort íbúar vilji frekar aka daglega til og frá vinnu eða daglega til að sinna áhugamálum sínum svo sem gönguferðum, hestamennsku, stórfjölskyldulífi eða annað sem verið er að sækjast eftir með því að setja sig niður utan þéttbýlis," heldur bæjarstjórnin áfram og undirstrikar að eftirspurn sé eftir fjölbreyttum íbúðarformum. - gar



**Á ÁRSFUNDI WHO** Margaret Chan, forstjóri Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) hneigir sig fyrir ársfund stofnunarinnar í Sviss í gær. NORDICPHOTOS/AFP



**HEIMAEY** Náttúrustofu Suðurlands í Vestmannaeyjum vantar rekstrarfé.

Fjárhagsáhyggjur í Eyjum:

# Íhuga að loka Náttúrustofu

**SVEITARSTJÓRN** **„Vestmannaeyjabær kann að verða nauðugur sá kostur að loka náttúrustofunni ef ekki kemur til aukið rekstrarfé," segir bæjarstjórn Vestmannaeyja sem kveður ljóst að rekstrarframlag ríkisins og mótframlag Vestmannaeyjabæjar vegna Náttúrustofu Suðurlands dugi ekki fyrir rekstrarkostnaði hennar á þessu ári.**

**Bæjarstjórnin lýsir þungum áhyggjum og segir lokun náttúrustofunnar mundu verða stórt skref aftur á bak í náttúruvernd og rannsóknum á starfssvæði stofnunarinnar. Jafnvel þótt bærinn yki framlag sitt til samræmis við viðbótarframlag ríkisins myndi stofan skila nærri fimm milljóna króna halla.** - gar



**Á LOÐNU** Meiri loðnuafli vegur þungt á milli ára. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Verðmæti í ársbyrjun eykst:

# 6,6 milljarðar í plús milli ára

**SJÁVARÚTVEGUR** Verðmæti sjávarafla nam 30,1 milljarði króna fyrstu tvo mánuði ársins 2012. Aflaverðmæti hefur því aukist um 6,6 milljarða eða 28,1% á milli ára á tímabilinu en verðmætið var 23,5 milljarðar á sama tímabili í fyrra.

Aflaverðmæti botnfisks var 17 milljarðar og jókst um 28,5% frá sama tíma í fyrra þegar aflaverðmætið nam 13,2 milljörðum.

Verðmæti uppsjávarafla nam um ellefu milljörðum króna, sem er um 29,6% aukning. Sú aukning skýrist að mestu af loðnuafla að verðmæti 10,8 milljarðar króna samanborið við 7,3 milljarða á fyrstu tveimur mánuðum ársins 2011. - shá

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### 30 prósent óku of hratt

Brot 18 ökumanna voru mynduð í Ölduseli í Reykjavík á mánudag. Á einni klukkustund fóru 64 ökutæki fram hjá lögreglunni og óku 28 prósent of hratt. Sá sem hraðast ók var á 51 km/klst. en leyfilegur hámarkshraði er 30. Við fyrri mælingar á þessum stað hefur brotahlutfallið verið 39 til 64 prósent.





VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

**Dagskrá:** **Sameiginlegur fundur í stofu V-158**

**12.00** **Setning: Guðmundur Freyr Úlfarsson**, prófessor, formaður Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands.

**12.10–13.00** **„Vindorka á Íslandi: Möguleikar og næstu skref" – Úlfar Linnet**

Úlfar, sem er rafmagns- og tölvuverkfræðingur frá Háskóla Íslands og deildarstjóri rannsóknardeildar Landsvirkjunar, flytur erindi um möguleika og hindranir í þróun vindorku sem mikilvægs orkugjafa á Íslandi. Einnig mun hann segja frá tilraunaverkefni sem Landsvirkjun vinnur að og snýr að uppsetningu tveggja vindmyllna nálægt Búrfelli.

**13.15–17.00** **Meistarafyrirlestrar í fjórum stofum:**

| | V-158 | V-157 | V-156 | V-155 |
|---|---|---|---|---|
| 13.15 | **Francis Suson Cagatin**<br>Active Shape Models in the Poultry Processing Industry | **Garðar Garðarsson**<br>Modeling and Analysis of a Horizontal Direct Chill Casting Process | **Einar Geirsson**<br>Útspilunarreiknirit fyrir verkniðurröðun | **Kristján Uni Óskarsson**<br>Hengibrú á Ölfusá: Líkangerð og ástandsvöktun |
| 14.15 | **Sæmundur Elíasson**<br>Temperature control during containerized sea transport of fresh fish | **Sæmundur Óskar Haraldsson**<br>Hálfsjálfvirk greining á stórum gagnasöfnum textaskjala fyrir sakarannsókn | **Audrius Grinys**<br>Agile Project Estimation | **Jeannot Andriamanampisoa Tsirenge**<br>Building design integrated building energy simulation tools: Háskolatorg as case study |
| 15.15 | **Gígja Eyjólfsdóttir**<br>Starfshættir á íslenskum fiskmörkuðum. Þarfagreining og nýting hennar til umbóta<br>**Patrick Karl Winrow**<br>Delivery Reliability – Make-to-order products at Plastprent ltd. | **Snæbjörn Helgi Emilsson**<br>Bayesískt stigskipt líkan fyrir daglegan meðalhita | **Jón F. Daðason**<br>Vélræn leiðrétting á ljóslesnum íslenskum texta | **Andri Gunnarsson**<br>Straumfræðileg líkangerð: Yfirfall við Hvammsvirkjun |
| 16.15 | **Jón Trausti Kárason**<br>Hönnun og mat á arðsemi færanlegrar sláturstöðvar | **Craig Maxwell**<br>Breytingar á lögun sköflungs úr kind eftir ígræðslu á lífvirkri burðargrind | **Ragnar Ingimundarson**<br>Þjálfun viðbragðsaðila í tölvuhermi á brottflutningi slasaðra | |

**17.00–18.00** **Léttar veitingar og spjall**

**Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir**

**Nánari upplýsingar á von.hi.is**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐISTOFNUN

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvað kostar að taka húsnæðislán á Íslandi samanborið við ríkin sem nota evruna?

## Kostur á kjarabót

Undanfarin ár hafa Íslendingar sem hyggja á fasteignakaup getað farið inn á vefsíður Íbúðalánasjóðs og bankanna til að skoða greiðslubyrði sína og lántökukostnað af húsnæðisláni, miðað við mismunandi forsendur. Alla jafna hefur útreikningurinn sýnt að á lánstímanum þurfi Íslendingurinn að borga lánið tvö- til þrefalt til baka, svona eftir því hvaða sennilegu forsendur fólk hefur gefið sér um vexti og verðbólgu á Íslandi.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Yfir þessu höfum við auðvitað andvarpað, en svo bara látið okkur hafa það, tekið lánið og búið okkur undir að strita fyrir afborgununum. Enda hefur fólk ekki átt annan kost. Á tímabili freistuðust sumir reyndar til að taka lán tengd við gengi erlendra gjaldmiðla, vegna lægra vaxtastigs í löndunum þar sem þeir eru notaðir. Við vitum hvernig það fór þegar krónan hrundi.

Núna er hins vegar annar raunhæfur kostur í boði; að taka upp evru í stað krónunnar. Það gerist ekki öðruvísi en með Evrópusambandsaðild. Já Ísland hefur opnað vef með reiknivél, þar sem fólk getur borið saman kostina; hefðbundið íslenzkt húsnæðislán og algenga tegund af húsnæðisláni á evrusvæðinu. Samanburðurinn er óneitanlega sláandi. Í dæminu sem var tekið í frétt hér í blaðinu í gær, er borið saman 18,5 milljóna króna lán tekið á Íslandi árið 2006 og jafnhátt lán tekið í landi með evru á sama tíma. Íslenzki lántakandinn skuldar enn þá 27,5 milljónir þrátt fyrir að vera búinn að borga átta og hálfa milljón á sex árum. Sá sem tók lán í evrum hefur borgað heldur minna, eða tæpar átta milljónir, og skuldar ekki nema fimmtán og hálfa.

Forystumenn Alþýðusambandsins hafa fært sannfærandi rök fyrir því að upptaka evru hér á landi væri ein mesta kjarabót sem íslenzkum almenningi stæði til boða. Þeir hafa bent á að okkar litli, sjálfstæði gjaldmiðill er bæði undirrót verðbólgu sem er sögulega miklu meiri en á evrusvæðinu og útskýringin á gríðarlegum vaxtamun.

Í greinum sem forseti og hagfræðingur ASÍ skrifuðu hér í blaðið undir lok síðasta árs bentu þeir á að fyrir hjón með meðaltekjur, sem tækju lán fyrir þriggja herbergja íbúð, myndi vaxtalækkun samfara upptöku evrunnar jafngilda 29% launahækkun fyrir skatt. Flesta munar um minna. Það er líka stór munur á að skulda 27,5 milljónir eða 15,5 eftir að hafa borgað af húsnæðisláninu sínu í sex ár.

Evrusvæðið glímir við sín vandamál. Þau eru fyrst og fremst skuldavandi, ekki gjaldmiðilsvandi. Gengið hefur ekki hrunið, verðbólgan ekki farið úr böndunum (það sjáum við á tölum sem birtast reglulega) og greiðslubyrði fjölskyldna með húsnæðislán ekki snarhækkað.

Aðild að Evrópusambandinu og upptaka evrunnar er raunhæfasti kosturinn sem Ísland hefur á að taka upp nýjan gjaldmiðil. Við eigum að láta á þann kost reyna.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Einsdæmi í sögunni

Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingar, segir Framsóknarflokkinn hafa, fyrir kosningar, lofað nýrri stjórnarskrá frá stjórnlagaþingi og fleiri þjóðaratkvæðagreiðslum, en tala nú gegn hvoru tveggja. „Það er kunnugt í lýðræðisríkjum að stjórnarflokkar þurfa að slá af kosningaloforðum sínum til að ná meirihlutasamstarfi. En stjórnarandstöðuflokkur sem hverfur frá hverju kosningaloforði sínu á fætur öðru hlýtur að vera einsdæmi.“



### Málsnilldin

Góð framíköll geta slegið vopnin úr höndum ræðumanns. Hvort þetta á við um þann óþekkta þingmann sem kallaði fram í mál Helga í þingsal í gær, skal ósagt látið. Helgi rifjaði upp að fyrir kosningar hefði Framsókn sagt Sjálfstæðisflokkinn óttast það eins og pestina að þjóðin fengi valdið. „En hver óttast það eins og pestina núna?“ „Þú,“ svaraði framíkallarinn hnyttni.

### Frasaflokkurinn

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, gaf lítið fyrir málflutning Helga sem hann sagði einkennast af prófkjörsskjálfta í Samfylkingunni. Þar á bæ litu menn á frasa sem dyggð. „Fyrir Samfylkingarmanninn gengur allt út á frasana, allt út á að þykjast vera talsmenn lýðræðis.“

Já, það er alltaf gaman í Ólátagarði.

**kolbeinn@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Sátt í Aserbaídsjan

Aserbaídsjan



Zakir Jón Gasanov
formaður Vináttufélags Íslands og Aserbaídsjan

Borgin Shusha tilheyrði Aserbaídsjan fram til 8. maí 1992, þegar hún var hernumin af Armenum og hefur hún tilheyrt Armenum síðan. Borgin var hjarta Aserbaídsjan. Með ríka tónlistarhefð. Falleg borg sem mikil eftirsjá er í.

Þótt búið sé að semja um frið milli þjóðanna, þá eru enn átök á milli þeirra á landamærunum. Skotum er oft hleypt af í þessum átökum og stundum deyja menn í þeim. Slíkur er núningurinn á milli þeirra. Obama, forseti Bandaríkjanna, og Medvedev, fyrrverandi forseti Rússlands, hafa átt nokkra fundi með forsetum Aserbaídsjan og Armeníu til að ná fram friði, en án árangurs. Vonir standa til að Pútín geti lagt sitt á vogarskálarnar og hjálpað til svo þjóðirnar tvær geti náð sáttum.

Þetta er saga lands míns. Aserbaídsjan er eitt af lýðveldum gömlu Sovétríkjanna, á Kákasusskaganum, við Kaspíahaf. Níu milljónir búa í landinu í dag, þar af eru 1,5 milljón íbúanna, samkvæmt skilgreiningu Sameinuðu Þjóðanna, flóttamenn. Innlendir flóttamenn sem flúið hafa m.a. þessi átök. Aserbaídsjan missti um 20% af sínu landssvæði til nágrannalanda sinna í þessum stríðsátökum. Nagorno-Karabakh, Armenía og önnur nágrannaríki hafa lagt undir sig mikið landsvæði sem tilheyrði áður gamla Aserbaídsjan.

Allt hefur þetta verið að gerast undanfarin 20 ár. En í þessari viku fer Eurovision-keppnin fram í Bakú. Keppni sem setur Aserbaídsjan í sviðsljós heimsins. Í það minnsta Evrópu. Að sjálfsögðu mun þjóðin fylkja sér um þennan atburð og kynna sig sem best. En það er ekki allt sem sýnist. Armenar munu t.d. ekki taka þátt í keppninni í ár af augljósri ástæðu.

Ég og konan mín skilgreinum okkur bæði sem Íslendinga og Asera, erum bæði fædd og uppalin í Bakú. Hjarta okkar slær í þessum tveimur löndum. Börn okkar eru fædd á Íslandi og tala bæði íslensku og asersku á heimilinu. Frábærir krakkar sem við viljum gera allt fyrir. En að sjálfsögðu vil ég mínu gamla landi allt hið besta og mun ég tala máli þess eins og hægt er.

Ég vil vekja athygli Alþingis Íslendinga á að mitt gamla land, Aserbaídsjan, á í þessum erjum við sína nágranna, Armena. Alþingi Íslendinga getur hjálpað til og beitt sér svo friður geti komist á í þessum heimshluta, með því að sýna frumkvæði og styrk sinn, eins og það gerði í málefnum Eystrasaltsríkjanna Lettlands, Eistlands og Litháen á sínum tíma. Og nú nýlega hefur Ísland beitt sér í málefnum Palestínu með því að viðurkenna tilvist ríkisins, fyrst allra ríkja í heiminum. Það er borin virðing fyrir Íslendingum á alþjóðavettvangi fyrir að sýna djörfung og dug í svona málum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Öflugt sjúkrahús - kjarni málsins

Nýr Landspítali
Jóhannes M. Gunnarsson
læknir



Um þessar mundir er í nágrannalöndum Íslands víða verið að rífa sjúkrahúsbyggingar sem ekki eru nema örfárra áratuga gamlar. Nýbyggingar eru reistar til þess að mæta þörfum sem stórstígar breytingar á starfsemi sjúkrahúsa gera kröfu um eigi þjónusta við sjúklinga áfram að vera í takti við nútímann.

Á Íslandi er kjarni málsins sá sami og annars staðar. Endurnýjun Landspítala er stærsta framfaraskref sem lengi hefur sést á sviði heilbrigðismála.

Sighvatur Björgvinsson, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, ritar grein í Fréttablaðið 21. maí sl. og upplýsir að umræðan um risabyggingu (sic) nýs spítala í miðbæ Reykjavíkur sé hafin. Af mörgum fullyrðingum sem höfundur kastar fram er þessi um það bil sú eina rétta. Í heilbrigðisráðherratíð Sighvats árið 1991 var hrundið af stað því ferli sem leiddi til sameiningar spítalanna þriggja í Reykjavík, fyrst með sameiningu Landakotsspítala og Borgarspítala. Var það gert fyrst og fremst með rekstrarhagkvæmni í huga.

Ég þakka Sighvati fyrir að hafa lokið upp augum margra fyrir þessum staðreyndum. Með árunum hafa enn frekari rök komið fram. Vegna gríðarlega mikillar sérhæfingar innan hinna ýmsu heilbrigðisstétta er ekki hægt að halda úti hágæðaðri sjúkrahúsþjónustu nema slá saman kröftunum og nýta þekkinguna sem best. Í þessu liggur faglegur ávinningur en einnig fjárhagslegur, betri nýting sérhæfðrar þekkingar og dýrra tækja.

Í stuttri frétt í DV þ. 26. janúar 1998 segir að Sighvatur hafi daginn áður lýst skoðun sinni á sjúkrahúsmálum í Sjónvarpinu. Þar hafi hann sagt að spara mætti „mikla fjármuni í heilbrigðisþjónustunni með því að rífa niður stóru sjúkrahúsin í Reykjavík og byggja í staðinn nútímalegt háskólasjúkrahús“. Sjaldan held ég að Sighvatur hafi haft jafn rétt fyrir sér og þarna. Á þessum tíma virðist ekki hafa vafist fyrir ráðherranum fyrrverandi um hvað háskólasjúkrahús fjallaði. Ekki var heldur svo í tuttugu ára gamalli þingræðu þar sem hann sem ráðherra talaði um Landspítala sem háskólasjúkrahús.

Nú er önnur öld og Sighvatur spyr hvað sé háskólasjúkrahús og hvort ráðgert sé að byggja utan um slíka stofnun og fullyrðir jafnframt að slíkt sjúkrahús höfum við ekki á Íslandi. Þar steig fyrrverandi ráðherra niður úr. Háskólasjúkrahús fjallar fyrst og fremst um afstöðu og getu starfsmanna og vilja stjórnenda til þekkingaröflunar og þekkingarmiðlunar. Háskóli Íslands hefur skipað sér í hóp 300 bestu háskóla í heimi samkvæmt alþjóðlegu mati og er það með ólíkindum sé miðað við stærð og fjárframlög.

Drjúgur hluti þess fræðastarfs sem þetta mat byggir á, rekur uppruna sinn til Landspítala. Bygging sjúkrahúss sem hefur það hlutverk að vera háskólasjúkrahús þarf að geta hýst starfsemi af þessu tagi en ekki síður að vera sá starfsvettvangur sem laðar að sérhæfða starfsmenn sem skapa háskólaumhverfi.

Sighvatur spyr fleiri spurninga í grein sinni, eins og þeirrar hvort mennta eigi sérgreinalækna hér á landi eftir byggingu nýs spítala. Ekki er ástæða til að gera lítið úr því að á Landspítala njóta 1.300 nemendur árlega kennslu og leiðsagnar í mismunandi heilbrigðisfræðum, allmörgum í sérnámi a.m.k. að hluta. Slík handleiðsla dregur að best menntuðu sérfræðingana auk þess sem fólk í sérnámi er mikilvægur starfskraftur og drifkraftur til þekkingaröflunar sem skilar bættri þjónustu.

Sighvatur ræðir í grein sinni kostnaðinn við að koma upp endurnýjuðum spítala og nýjan búnað sem þarf. Kaup á honum eru nauðsynleg og koma nýjum spítala ekki við nema að því leyti að nýbyggingarnar eru nauðsynleg forsenda þess að hægt sé að taka hluta hans í notkun, þar eð eldri byggingar valda ekki því hlutverki.

> Ráðherrann fyrrverandi spyr hvað verði um sjúkrahús á landsbyggðinni með endurnýjun Landspítala. Þróunin á Íslandi er eins og annars staðar. Færri og stærri sjúkrahús eru raunin í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Þá nefnir Sighvatur mannaflaþörf og segir hana munu aukast mjög með nýjum spítala. Staðreyndin er sú að Landspítali hefur allt frá sameiningu sinnt nær öllum greinum læknisfræðinnar. Með því að öll meginstarfsemin flyst á sama stað dregur úr þörfinni fyrir fjölgun starfsmanna. Í því felst hinn útreiknaði sparnaður við nýbygginguna að stórum hluta.

Jafnramt má benda á að þumalfingurreglan sem Sighvatur segir gilda um að milljón íbúa þurfi að standa á bak við háskólaspítala, hefur verið brotin hér á landi í mörg ár með harla góðum árangri. Í raun eru ekki heldur rök fyrir því að 300 þúsund manns haldi uppi þróuðu, sjálfstæðu ríki en við gerum það nú samt. Hér er aðeins verið að uppfæra til nútímans.

Ráðherrann fyrrverandi spyr hvað verði um sjúkrahús á landsbyggðinni með endurnýjun Landspítala. Þróunin á Íslandi er eins og annars staðar. Færri og stærri sjúkrahús eru raunin í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Á Akureyri þarf án tvímæla að vera öflugt sérgreinasjúkrahús eins og heilbrigðislögin gera ráð fyrir.

Fyrir fjórtán árum viðraði Sighvatur Björgvinsson hugmyndir um að rífa stóru sjúkrahúsin í Reykjavík og byggja nútímalegt háskólasjúkrahús. Í kjölfar efnahagskreppunnar 2008 varð ljóst að ekki væri raunhæft að byggja nýjan spítala frá grunni í einni atrennu. Þá var ákveðið að áfangaskipta verkefninu, sem m.a. felur í sér að nýjar byggingar verða reistar og eldri byggingar nýttar áfram enn um sinn. Áfram verður hægt að tryggja nútímalega sjúkrahúsþjónustu, sem áreiðanlega kemur sjúklingum þessa lands til góða.

# Slegist við strámann á Fjöllum

Erlendar fjárfestingar
Hjörleifur Sveinbjörnsson
Kínakall



Merkilegur andskoti hvað við erum léleg að ræða málin. Hér er lenska að virða ekki skoðanir, rökræða ekki, sýna viðmælanda ekki virðingu, hlera ekki eftir andstæðum sjónarmiðum. Þess í stað eru mál afflutt, teygð og toguð og sá málstaður afskræmdur sem manni er ekki að skapi. Svo fljúgast menn á við strámanninn sem þeir búa til úr afskræmingunni.

Svo maður taki nýlegt dæmi lítur strámaður Einars Benediktssonar, fv. sendiherra, svona út: „Þá er það Huang Nubo, væntanlega útsendari kínverskra stjórnvalda dulbúinn sem sjálfgerður milljóneri.“ (Fréttablaðinu 9. maí). Einar veltir því fyrir sér hvort fyrirhuguð gistiaðstaða á Grímsstöðum myndi ekki henta sem kínverskar vinnubúðir ef á þyrfti að halda fyrir umskipunar- og olíuhöfn norðarlega á Austfjörðum í framtíðinni. „Hver veit?“ spyr Einar. Já, hver veit, Einar? Kannski Gróa á Leiti.

„Augljós útsendari kínverskra stjórnvalda,“ segir einn af þessum háttvirtu við Austurvöll, Þór Saari, um Huang, og Kristján Pálsson, fyrrverandi háttvirtur, segir í kommentakerfinu á Eyjunni að það komi sér verulega á óvart „að sjá suma menn hér berjast fyrir því að erlent einræðisríki nái tökum á íslensku landi“.

Tilbrigði í strámannasmíðinni eru svo hlutir sem hafa skolast til í þýðingum, viljandi eða óviljandi. Í nýlegum viðtölum á vefsíðum „hrósar hann sér af því að hafa valtað yfir andstöðuna,“ segir mín gamla vinkona Lára Hanna Einarsdóttir um Huang. Þá á vondi Kínverjinn að hafa „hælst um yfir því að hafa knésett innanríkisráðherrann,“ eftir því sem ófáir álitsgjafar segja, stígvélafullir af vandlætingu. Já, ljótt ef satt væri. Er maður að hlusta á oflátann Jón sterka í Skugga-Sveini: Sáuð þið hvernig ég tók hann, piltar? Ég finn þessum hlöðnu þýðingum ekki stað í kínverskum fjölmiðlum.

### Hvað svo?

Rúmsins vegna verða þessi fáu dæmi að duga, en allt ber að þeim sama brunni að maður hefur gengið undir manns hönd að gera fyrirhugaðar fjárfestingar Huangs á Íslandi tortryggilegar. Það er í góðu samræmi við þær upphrópanir, sleggjudóma og útlendingaótta sem hér er allt að drepa.

> En að öllu þessu sögðu þarf að lenda þessu máli sem að ósekju er orðið að vandræðamáli.

En að öllu þessu sögðu þarf að lenda þessu máli sem að ósekju er orðið að vandræðamáli. Mér sýnist ekki ætla að verða nein sátt um að Huang og fyrirtæki hans leigi Grímsstaði, nú þegar kaupin eru úr sögunni. Og það er náttúrlega ómögulegt fyrir metnaðarfullt ferðaþjónustufyrirtæki að starta sinni starfsemi í illdeilum við mann og annan. Ég get ekki séð að Huang hafi neina þörf fyrir Grímsstaðina alla undir sinn rekstur, en svo virðist sem jörðin sé annað hvort öll föl eða ekki. Eins og mál hafa þróast finnst mér athugandi fyrir Huang og hans fólk að láta á það reyna hvort fá megi lóð út úr Grímsstaðatorfunni en falast að öðrum kosti eftir jörð af normal stærð fyrir uppbygginguna.

### Kínverski vinkillinn

Margt í þessum Grímsstaðamálum er lost in translation og þá á báða bóga. Það stendur upp á Huang og samstarfsfólk hans um fjárfestingar á Íslandi að útskýra hvernig þau sjá hlutina fyrir sér. Þar hefur mikið vantað upp á og fyrir bragðið hafa ýmsar bábiljur fengið vængi. Það þarf að kynna fjárfestingarplön, útskýra hvernig staðið verður að fyrirhugaðri uppbyggingu og leggja fram sannfærandi viðskiptaáætlanir og röksemdir fyrir því að þessi rekstur fái staðist til lengri tíma litið. Að öðrum kosti væri það ábyrgðarleysi af sveitarfélögum á Norð-Austurlandi að gambla með sameiginlegum sjóði. Síðast en ekki síst þarf að fara yfir starfsmannamálin með stéttarfélögunum á staðnum.

Næsta skref þarf að vera að Huang, eða náið samstarfsfólk hans í Zhungkun-fyrirtækinu, komi til landsins, fari yfir alla mögulega fleti á þessu máli og ræði við þá sem að því koma. Ef vel tekst til getur fjárfesting Huangs orðið mikil lyftistöng. En þá þurfum við líka öll að vanda okkur. Gefa strámönnum frí en ræða okkur til niðurstöðu eins og skikkanlegt fólk.









# Pólitískt hlutverk forsetans

Forsetaembættið



**Ágúst Þór Árnason**
deildarformaður lagadeildar HA


**Skúli Magnússon**
dósent við lagadeild HÍ


Andstætt því sem stundum er gefið í skyn eru íslensk stjórnlög að meginstefnu skýr um stjórnskipulegar valdheimildir forsetans. Forsetinn hefur í fyrsta lagi ákvörðunarvald um hverjum hann veitir umboð til ríkisstjórnarmyndunar. Þar sem ríkisstjórn verður að njóta stuðnings eða hlutleysis meirihluta Alþingis hefur forseti þó ekki óbundnar hendur heldur verður hann að veita þeim umboð til stjórnarmyndunar sem líklegastur er til að mynda stjórn með stuðningi þingsins. Þegar leiðtogum stjórnmálaflokka mistekst að mynda stjórn getur atbeini forseta hins vegar ráðið úrslitum, jafnvel þannig að forseti ákveði að mynda utanþingsríkisstjórn, þ.e. stjórn sem stjórnmálaflokkar á Alþingi standa ekki að með beinum hætti.

Í annan stað hefur forseti heimild til að synja lögum Alþingis staðfestingar samkvæmt 26. gr. stjskr. og vísa þeim til þjóðaratkvæðis. Þessi heimild varð til með lýðveldisstjórnarskránni árið 1944 og var þannig sérsniðin að hinu nýstofnaða lýðveldi, ef svo má að orði komast. Vilji stjórnarskrárgjafans var m.ö.o. skýr um að forsetinn ætti ekki að ganga inn í hlutverk konungs að þessu leyti (synjunarvald konungs var í raun fallið niður á þessum tíma). Eftir þrjár synjanir núverandi forseta og tvær þjóðaratkvæðagreiðslur eiga vangaveltur um að synjunarvaldið sé í raun í höndum ráðherra (eða sé fallið niður fyrir venju) vart lengur við. Rétt er þó að halda því til haga að allir forsetar lýðveldisins hafa talið synjunarvaldið virkt.

Í þriðja lagi er formlegur atbeini forsetans að fjölmörgum ákvörðunum ráðherra nauðsynlegur svo þær öðlist gildi, t.d. útgáfu bráðabirgðalaga, gerð milliríkjasamninga og skipun hæstaréttardómara. Hér er um ræða það sem sumir nefna

> Eðlilegt er að uppi séu mismunandi skoðanir um hvernig forseti eigi að beita stjórnskipulega valdi sínu og móta pólitískt hlutverk sitt á hverjum tíma.

„leppshlutverk“ forseta, en um allar þessar athafnir má segja að forseti hafi gengið inn í hlutverk konungs eins og það var orðið árið 1944. Við „leppshlutverkið“ verður að gera þann fyrirvara að forseti verður ekki neyddur til undirskriftar og staðfestingar tillögu ráðherra. Sjónarmið um hvort og við hvaða aðstæður synjun forseta við tillögu ráðherra gæti komið til skoðunar verða ekki rædd frekar hér, en ljóst er að möguleg synjun (t.d. um að skipa tiltekinn mann í embætti) hlyti að heyra til algerra undantekninga.

Stjórnarskráin kveður ekki á um nánara pólitískt hlutverk forseta eða hvernig hann eigi að beita heimildum sínum á hverjum tíma. Forsaga og grunnrök stjórnarskrárinnar eru flókin og gefa hér heldur ekki einhlítar leiðbeiningar, t.d. að hvaða marki forseti á að virða ákvarðanir þings og ráðherra. Þótt íslensk stjórnskipun byggi tvímælalaust á þingbundinni stjórn verður henni ekki jafnað við hreina þingstjórn á borð við þá sem þróast hefur í Danmörku, Noregi og Svíþjóð eftir að konungsvaldið þar varð stjórnskipulega óvirkt. Hér skilur á milli að þjóðhöfðinginn – forsetinn – nýtur ekki aðeins raunverulegra valdheimilda heldur er hann kjörinn í almennri kosningu og nýtur lýðræðislegs umboðs. Íslensk stjórnskipun er því blönduð eða má kenna við forsetaþingstjórn (e. semi-presidential system). Við þetta bætast hugmyndir um lýðræði og valdtemprun sem mæla gegn óheftri þingsstjórn sem þó er stundum gengið út frá sem sjálfsögðum hlut af ráðherrum, þingmönnum og jafnvel sérfræðingum.

Eðlilegt er að uppi séu mismunandi skoðanir um hvernig forseti eigi að beita stjórnskipulega valdi sínu og móta pólitískt hlutverk sitt á hverjum tíma. Á forsetinn t.d. að vera aðgerðalítið „sameiningartákn“ eða virkt afl til sameiningar og leiðsagnar? Ágreiningur um þessi atriði er ekki til marks um að eitthvað stórkostlegt sé að íslenskri stjórnskipun. Þvert á móti ber umræða um þessi atriði vitni um virka lýðræðishefð í ungu lýðveldi þar sem þjóðin velur sér forseta milliliðalaust.

# Lína lifir!

Menning



**Dagný Kristjánsdóttir**
prófessor í íslenskum nútímabókmenntum


Á fundi sínum í Ósló 26. apríl sl. samþykktu norrænu mennta- og menningarmálaráðherrarnir að stofna Barnabókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs sem væru hliðstæð öðrum menningarverðlaunum ráðsins.

**Litlir lesendur – litlar bókmenntir?**

Oft heyrir maður fordóma og fáfræði um bókmenntir fyrir börn eins og menn yfirfæri æsku og sakleysi barna yfir á bækur sem fullorðnir skrifa fyrir þau og telji þar með að barnabækur séu bókmenntalega smærri í sniðum en fullorðinsbækur. Eða að barnabækur séu alltaf að kenna lesendum að reima skóna sína og harka af sér hjá tannlækninum.

Barnabækur eru sérstakt bókmenntasvið þar sem úrvalshöfundar skrifa bækur sem er vandasamara en að skrifa fullorðinsbækur í því, að höfundarnir verða að vera meðvitaðir um aldur lesenda. Barnabókahöfundur skrifar alltaf á minnst tveimur sviðum, fyrir ungan lesanda og fyrir þann fullorðna lesanda sem barnið á eftir að verða. Það hefur verið sagt að allar góðar barnabækur séu jafnframt góðar fullorðinsbækur en ekki allar fullorðinsbækur góðar barnabækur.

Ég fullyrði að allir Íslendingar þekki og elski bækur Astrid Lindgren og Lína Langsokkur er virt og dáð af allt frá leikskólabörnum til menntamálaráðherra okkar sem hefur skrifað um hana lærða grein. Meðan Astrid lifði bentu aðdáendur hennar Sænsku akademíunni aftur og aftur á að enginn norrænn rithöfundur væri virtari og elskaðri – en án árangurs. En nú skal þessari vanvirðingu lokið: Lína, Emil, Ronja og Snúður fá nú uppreisn æru!

**Við þekkjum barnabækur hver annars?**

Við þekkjum og elskum barnabækur hinna norrænu ríkja. Er það ekki? Kynslóðir íslenskra barna hafa bundið ástfóstri við Lilla klifurmús og Múmínálfana og Palla sem var einn í heiminum og svona mætti lengi telja. Þeir eru heldur ekki margir sem ekki vita hver Einar Áskell er, en haldið var upp á fertugsafmæli hans í Svíþjóð 8. maí sl. Norrænu barnabækurnar sem þjóta efst á vinsældalista okkar eru sem sagt orðnar miðaldra. Hver getur hins vegar sagt til um hvað er að gerast best og skemmtilegast í norrænum barnabókum í dag?

Síðasta ár voru gefnar út 188 barnabækur alls á Íslandi. Voru 69 af þeim frumsamdar íslenskar barnabækur, hinar voru þýðingar. Af 119 þýddum bókum voru 85 barnabækur þýddar úr ensku, níu úr Norðurlandamálunum (fimm úr sænsku, tvær úr dönsku, ein úr norsku og ein úr finnsku). Hlutfallið er svipað í hinum norrænu ríkjunum. Úr hópi okkar allrabestu íslensku barnabóka sýnist mér að telja megi þýddar og útgefnar bækur á Norðurlöndunum á fingrum annarrar handar.

Norræn börn eru heimsbörn í alþjóðavæddu fjölmiðlaumhverfi – en þau eru líka fædd inn í norrænt samhengi, landfræðilega og menningarlega, og þau bera þess vott að Norðurlöndin hugsa um og skilja bernskuna um margt öðruvísi en aðrir menningarheimar. Norræn börn geta lært mikið hvert af öðru og hvert um annað með hjálp barnabókanna og uppalendur fengið þar valkost við yfirþyrmandi markaðsyfirburði Disneysamsteypunnar og annarra ensk-amerískra afþreyingarmiðla. Norræn samheldni framtíðarinnar hefst hjá börnunum.

**Ekkert má gefa eftir**

Ég held að Norrænu barnabókaverðlaunin eigi eftir að skipta miklu máli. Þau verða viðurkenning á því besta sem er skrifað og skapað á sviðinu á Norðurlöndum. Það verður að gera kröfur til fagþekkingar dómnefndarmanna. Það verður að búa til rýnihópa barna og síðast en ekki síst samþykktu ráðherrarnir að leggja fjármuni í hliðaraðgerðir til þess að kynna hinar tilnefndu bækur, höfunda þeirra og styrkja barnamenningu Norðurlandanna. Til þess verður að styrkja þýðingar og útgáfu bókanna landa á milli því að bókaforlögin verða að fá trú á að það sé til einhvers að gefa bækurnar út.

**Barnabókmenntaverðlaun Norræna ráðsins**

Norrænu barnabókmenntaverðlaunin munu ekki ryðja barnabókmenntaverðlaunum Vestnorræna ráðsins úr sessi. Þau verðlaun voru stofnuð árið 1999 til að styrkja barna- og unglingabókmenntir á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum – landsvæði sem á margt sameiginlegt í atvinnulífi og menningarsögu.

Barnabókmenntaverðlaun Vestnorræna ráðsins voru ótrúlega flott ákvörðun á sínum tíma. Þeim er ætlað að að tengja börn og menningu og veita viðurkenninguna fyrir metnaðarfulla listræna vinnu í þeirra þágu. Verðlaunin eru vegleg, 60 þúsund danskar krónur, og hafa verið veitt fimm sinnum. Síðast fékk Gerður Kristný þau fyrir unglingabókina Garðinn. Bók Margrétar Örnólfsdóttur, Með heiminn í vasanum, var tilnefnd af Íslands hálfu til verðlauna í ár og verður verðlaununum úthlutað í ágúst.

Verðlaunuðu bækurnar eru þýddar á öll þrjú tungumálin en það þýðir ekki þar með að þær séu gefnar út. Það þýðir ekki að fjölmiðlar sýni þeim áhuga eða lyfti þeim upp eins og vert væri. Því viljum við gjarnan breyta um leið og við hvetjum þingmenn þjóðþinganna til að samþykkja þessa viturlegu ákvörðun menntamálaráðherranna og gera hana að veruleika. Ég held að þeir hljóti að gera það.

# Ljósnet fyrir neytendur

Gagnaflutningar



Anna Björk Bjarnadóttir
framkvæmdastjóri Tæknisviðs Símans

Síminn hefur nýlega sagt frá því að fyrirtækið hafi hafið annan hluta Ljósnetsvæðingar sem þýðir að 54 þúsund heimili á suðvesturlandi munu eiga kost á því að tengjast Ljósneti og nær verkefnið til næstu tveggja ára. Nú þegar eiga 46 þúsund heimili á höfuðborgarsvæðinu þess kost að tengjast Ljósneti. Ljósnetið er afar öflug leið til gagnaflutninga og veitir neytendum kost á að njóta háhraðainternettengingar og gagnvirks IP-sjónvarps með allt að fimm myndlyklum, til þess að hver og einn geti notið þeirrar sjónvarpsdagskrár sem hann kýs í Sjónvarpi Símans. Þá njóta neytendur einnig háskerpurása með Ljósnetinu.

Ljósnetsvæðingin er stórt samstarfsverkefni Símans og Mílu. Hún gerir kleift að nýta koparlínurnar sem liggja inn í nær öll hús til háhraðafjarskipta, en það er mun hagkvæmari og fljótlegri leið en að leggja ljósleiðara alla leið heim með tilheyrandi jarðframkvæmdum. Þannig upplifa viðskiptavinir Símans ekkert jarðrask og njóta hraðrar internettengingar hvort sem er í upp- eða niðurhali á hagstæðu verði.

Síminn nýtir blandaða tækni, í nýjum hverfum er ljósleiðari lagður alla leið inn í hús, einbýli eða fjölbýli, en annars staðar er ljósleiðari lagður að götuskáp og koparlínurnar nýttar síðustu metrana til heimilis. Í núverandi útfærslu býður Ljósnetið allt að 100 Mb/s hraða og fólk sem er með Ljósnet tengt heim til sín finnur m.a. fyrir verulegri breytingu á hraðanum þegar það sendir frá sér gögn. Í ADSL er hann 1 Mb/s en með Ljósnetinu fer hann fyrst um sinn í 25 Mb/s. Þetta bætir ýmsa internetþjónustu verulega, t.d. internet-leiki og fjarvinnu. Einnig verður mun betra að nýta sér ýmsa geymsluþjónustu eins og Dropbox, Skydrive, iCloud eða Picasa.

Ísland er mjög framarlega í tæknilegum framförum þegar litið er til alls heimsins. Við erum í fyrsta sæti skv. skýrslu World Economic Forum, „The Global Competitiveness Report 2011-2012“, þegar horft er til fjölda netnotenda á hverja 100 íbúa. Þá er Ísland í fimmta sæti á heimsvísu yfir fjölda bandbreiðra sítenginga á hverja 100 íbúa og í öðru sæti hvað varðar flutningsgetu.

Síminn hefur í yfir 100 ár leitt þá þróun sem orðið hefur í fjarskiptum á Íslandi og með Ljósnetsvæðingunni stígur Síminn enn eitt skrefið í þá átt að mæta þörfum landsmanna með því að veita hraðan og öruggan gagnaflutning með hóflegri fjárfestingu. Í eldri hverfum byggir Ljósnetið á tækni sem notuð er víðast hvar í heiminum, þ.e. ljós í götuskáp. Þetta er meginleið í fastlínufjarskiptum sem mun duga a.m.k. til 2020, en þá er gert ráð fyrir að aðeins um 20% heimila í Evrópu hafi ljósleiðara inn fyrir húsvegg. Ljósnetið er ekki einungis hagkvæmasta leiðin til að ná hærri gagnahraða heldur gefur það einnig kost á mjög hraðri uppbyggingu.

Uppbygging Ljósnetsins hófst þegar árið 1994 en þá var lagður ljósleiðari í götuskápa í nýjum hverfum og þar sem jarðframkvæmdir áttu sér stað á hverjum tíma. Með þessu náðist mikið hagræði við uppbygginguna enda er kostnaður við jarðvinnu um 80% af heildarkostnaði við ljósvæðingu. Árið 1999 byrjaði Síminn með ADSL-þjónustu og var þar í hópi fyrstu símafélaga á heimsvísu. Símalínurnar voru upphaflega hannaðar til þess eins að bera símtöl en til þess þarf mjög litla bandbreidd. ADSL-tæknin gerði það kleift að nýta línurnar til að bera háhraðagagnamerki. Hún hafði verið í þróun allan tíunda áratuginn og var Dr. John M. Cioffi, prófessor við Stanford háskóla, í forystusveit ADSL-þróunarinnar. Hann er enn að og hefur komið með nýja tækni sem eykur flutningsgetu koparlína enn frekar. Þessi tækni byggir á miklum framförum í merkjafræði og merkjareiknum og felst í því að eyða truflunum af koparlínunum sem aðrar línur valda. Einnig eru fleiri en ein lína nýtt í hvert samband og jafnframt myndaðar svonefndar huldulínur. Því er spáð að hægt verði að ná yfir 1.000 Mb/s gagnahraða á koparlínum á þessum áratug. Síminn og Míla fylgjast grannt með tækniþróuninni og hafa þegar byrjað að nýta nýjustu afurðir hennar. Flutningur um kopar er þannig í stöðugri þróun sem er gott fyrir alla því enn eru síðustu metrarnir alltaf á kopar, sama hvort ljósleiðarinn er úti í götu eða inn fyrir húsvegg.

> Ljósnetsvæðingin er stórt samstarfsverkefni Símans og Mílu. Hún gerir kleift að nýta koparlínurnar sem liggja inn í nær öll hús til háhraðafjarskipta...

# Aðbúnaður dýra á Íslandi

Dýravernd



Guðrún Eygló Guðmundsdóttir
hjúkrunarfræðingur og áhugamaður um dýravernd

23.-25. des. sl. var viðtal í Fréttatímanum við Árna Stefán Gunnarsson þar sem hann m.a. tjáði sig um aðbúnað og meðferð á dýrum á Íslandi. Hann er lögfræðingur og lokaritgerð hans fjallaði um réttindi dýra. „Aðbúnaður svína, hænsna og loðdýra á Íslandi er fyrir neðan allar hellur og ekki í neinu samræmi við dýraverndunarlög“ segir hann í greininni. Dýrin eru svipt eðlislægum þörfum, lokuð inni og hafa mjög lítið athafnarými.

Viku seinna svarar Ólafur R. Dýrmundsson, þáverandi formaður Dýraverndunarsambands Íslands, og segir að það sé fráleitt að sofið hafi verið á verðinum. Rétt sé að sambandið hafi verið í lægð en undanfarin 4-5 ár hafi það verið að eflast. Hann segir Dýraverndunarsambandið sinna öllum þeim málum sem Árni Stefán nefndi og reyndar fleirum en í viðtalinu gagnrýndi Árni m.a. hæg viðbrögð eftirlitsaðila. Ólafur segir orðrétt: „Fólk má koma sér á framfæri og tíunda eigið ágæti en fráleitt sé að gera það á kostnað annara, í þessu tilviki félagsskapar sem vinni af alúð að bættri meðferð dýra. Það er gert innan ramma laga og reglna og áhersla lögð á góða reynslu og greinargóða þekkingu og upplýsingagjöf.“ Ég er hissa á þessari svargrein. Ég efa ekki að allir reyna að gera sitt besta en það er víða pottur brotinn og erfitt virðist vera að koma á bættri meðferð. Allt ferlið tekur alltof langan tíma. Kannski eru reglurnar of flóknar?

Fyrir nokkrum árum sá ég smáklausu í einu blaðanna um að Evrópusambandið hefði veitt Rúmenum í sveitahéruðum landsins undanþágu til að halda í aldagamlan sið sem felur í sér að svínum og lömbum er slátrað án þess að svipta þau meðvitund áður. Lög ESB kveða á um að dýr séu aflífuð með mannúðlegum hætti í sláturhúsum. Kannski Ólafur R. Dýrmundsson geti gefið upplýsingar um hvort þetta sé rétt því í svargreininni sem ég vitnaði í segir hann að þau í Dýraverndunarráði séu virk bæði í norrænu og alþjóðlegu samstarfi. Einnig bendir hann á að hann hafi verið að ljúka 3ja ára kjörtímabili sem forseti Norræna dýravelferðarráðsins.

Ég fór í apríl 2011 á málþing í Norræna húsinu, fundarefnið var „aðbúnaður dýra í íslenskum landbúnaði“, fullt var út úr dyrum og greinilegt að margir höfðu áhuga á málefninu. Þar var t.d. sýnt myndband af fjórum hænum í búri, það var svo þröngt um þær að þær gátu ekki blakað vængjunum. Maturinn fór af færibandi fyrir framan þær og eggin sömuleiðis fyrir aftan. Það eina sem þessar vesalings búrhænur gátu gert var að kroppa hver í aðra enda margar fiðurlitlar og sárar.

Frá 1. jan. 2012 er í Evrópusambandinu bannað að hafa hænur í litlum búrum eins og tíðkast hér. Í dag er hægt að kaupa egg frá lausagönguhænum sem verpa í hreiður. Þau er merkt sem vistvæn egg, brúnegg og omegaegg. Það er aðeins skárra en samt eru sirka sjö til átta hænur á hvern fermetra og því þröngt um þær.

Eftir útungun fara hænuungarnir í sérstakar stíur. Það er búið að rækta þá þannig að þeir vaxa mjög hratt. Við slátrun mánaðargamlir eru þeir 1-1,5 kg og fæturnir eiga oft erfitt með að bera þá.

Á málþinginu í apríl 2011 var líka fjallað um geldingu á grísum, það má gera það ódeyft fyrstu sjö dagana, einnig klippa af halanum sem stundum er gert. Hver er munurinn á sársaukaskyni sjö daga gríss og átta daga? Þetta hafa leikmenn gert en ekki dýralæknar. En mér skildist á einum svínabónda á þessum fundi að það stæði til að senda menn í þjálfun.

> Ég efa ekki að allir reyna að gera sitt besta en það er víða pottur brotinn og erfitt virðist vera að koma á bættri meðferð...

# Til Heiðu

Skipulagsmál



Davíð Roach Gunnarsson
nemi og tónlistarunnandi

Ekki hafði ég ætlað mér að standa í ritdeilu en í svari Heiðu Kristínar Helgadóttur (Til kjósenda) sem birtist í Fréttablaðinu á uppstigningardag eru fjarstæðukenndar fullyrðingar sem mig langar að reifa nánar. Hún ýjar þar að því að með því að gera ráð fyrir að Besti flokkurinn beiti sér fyrir verndun Nasa, og jafnvel opinberum styrkjum til rekstursins, sé ég að biðja um einhvers konar spillingu. Að það varði bara persónulega hagsmuni Besta flokks manna og vina þeirra að viðhalda Nasa.

Ekkert gæti verið fjær sanni. Ótalmargir Reykvíkingar sækja og koma fram á Nasa sér til ánægju og yndisauka allt árið um kring og þið voruð kosin til að standa vörð um hagsmuni þessa fólks, ekki lóðareigandans. Páll Óskar útlistar vel í grein sem birtist í sama blaði (Hótel Godzilla) hvaða eiginleikum Nasa hefur yfir að búa sem gera það að einstöku tónleikahúsi með ótrúlega fjölbreytta nýtingarmöguleika.

Borgir breytast vissulega og þróast og sjaldnast leiðir það til heimsendis. Með þessum rökþrotum er hins vegar hægt að styðja hvaða bull sem er. Fyrir nokkrum áratugum voru t.d. stórhuga menn sem höfðu uppi hugmyndir um að rífa Bernhöftstorfuna og byggja í staðinn stærri hús sem þeir hefðu eflaust grætt meiri peninga á. Þeir hafa sjálfsagt haft „ríkan rétt“ til að ráðstafa þeim eignum sínum. Ef það hefði verið gert væri líklegast enn fólk sem byggi í Reykjavík og það væri vissulega þróun og breyting. En væri hún til hins betra? Mér finnst það að loka Nasa, einum vinsælasta samkomustað borgarbúa, til að hægt sé að troða enn einu risahótelinu beint ofan í hjarta miðbæjarins afskaplega slæm þróun.

Meðvirkt rugl yfirvalda gagnvart auðmönnum hefur verið talsvert stærra vandamál í borgarskipulagi hingað til en meðvirkni með menningu. Ég vildi að ég vissi hvar hægt er að kaupa afruglara fyrir slíkt. Gagnrýnisleysi kjósenda á sína eigin flokka hefur einnig verið vandamál. Ef Besti flokkurinn kýs að nýta fingur sína og hendur í það að berjast gegn menningarmeðvirkni megið þið mín vegna halda þeim í vösunum. Ef opinberir styrkir til húsa sem hýsa menningarstarfssemi (eins og Rvk-borg styrkir t.d. Bíó Paradís) eru meiri spilling en samkrull pólitíkur og verktaka skal ég glaður kalla mig Berlusconi-mann.

Á sínum tíma var komið í veg fyrir eyðileggingu Bernhöftstorfunnar vegna kröftugra mótmæla almennings. Sama verður ekki sagt um Fjalaköttinn og ótal mörg önnur hús sem hafa menningarsögulegt gildi en voru rifin vegna skammsýni auð- og stjórnmálamanna. Vonandi er ekki of seint að koma í veg fyrir að Nasa hljóti sömu örlög.

> Borgir breytast vissulega og þróast og sjaldnast leiðir það til heimsendis. Með þessum rökþrotum er hins vegar hægt...

FOSSBERG
IÐNAÐARVÖRUR OG VERKFÆRI
FLEIRI FRÁBÆR TILBOÐ Á HEIMASÍÐUNNI OKKAR WWW.FOSSBERG.IS
Líttu við í Dugguvogi og fáðu þér kaffi og konfekt með okkur!
AFMÆLISTILBOÐ VIKUNA 21-25. MAÍ



Hraðastýrður slípirokkur WE 14-125 PLUS
Vörunr. ME600281000
Verð: 22.995 kr.
áður 34.995 kr.
• 1400 wött
• 125 mm. skífa
• 7000-10500 sn./mín.
• M14 ró



Öryggisskór
Vörunr. EJS7218
Verð: 12.495 kr.
áður 14.995 kr.
• Olíuslípað hágæðaleður
• Opnir, með táhlíf
• Hágæðasóli og hæll með dempara



Brunn-dæla
Vörunr. ME0250750000
Verð: 14.995 kr.
áður 19.995 kr.
• Dælir allt að 7.500 L / klst.
• Dælir ögnum að 30mm.
• Flotrofi



Slípivél MBSM 100-130
Vörunr. SR3921226
Verð: 79.995 kr.
áður 89.995 kr.
• Mótor: 50Hz 1,5 kW / 230V
• Bandstærð: 100 x 1220mm.
• Stærð (LxBxH): 690 x 390 x 360

1927 • 85 ára • 2012

Fossberg ehf. • Dugguvogi 6 • 104 Reykjavík • Sími 5757 600 • Fax 5757 605 • fossberg@fossberg.is • facebook.com/FossbergEhf

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is



ROLEX

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 23. maí 2012 | 10. tölublað | 8. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

Er prentverkið Svansmerkt?
UMHVERFISMERKI 141 381 Prentgripur
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is




# Velta hagsmunasamtaka atvinnulífs á annan milljarð

→Umfangsmikill rekstur hjá hagsmunasamtökum atvinnulífsins.

→Árgjöld fyrirtækja til SA og aðildarfélaga nema hátt í milljarð króna.

→Hafa rætt um að ná fram hagræði með nánara samstarfi.

## Nefnd skipuð sem á að móta Glitni eftir nauðasamninga

Slitastjórn Glitnis og óformlegt kröfuhafaráð bankans hafa komist að samkomulagi um að skipa nefnd sem á að velja aðila til að sitja í nýrri stjórn Glitnis sem mun taka við Glitni eftir að slitaferli hans lýkur með gerð nauðasamnings. Glitnir á meðal annars 95 prósenta hlut í Íslandsbanka.

Sjö manns sitja í nefndinni. Þau eru Steinunn Guðbjartsdóttir og Páll Eiríksson frá slitanefnd Glitnis, Barry Russell frá lögmannsstofunni Bingham McCutchen, Roman Hager frá VERTO Invest GmbH, Haukur C. Benediktsson frá Seðlabanka Íslands, Jeremy Lowe frá lögmannsstofunni Davidson Kempner European Partners og Thibault Gournay frá lögmannstofunni Anchorage Capital Europe. Erlendu aðilarnir sem sitja í nefndinni hafa allir unnið fyrir kröfuhafa Glitnis.

Hlutverk nefndarinnar er bæði að velja nýja stjórn sem mun taka yfir stjórn Glitnis eftir að nauðasamningur liggur fyrir og að móta stefnu hans til framtíðar eftir að slitaferlinu lýkur. Ekki liggur enn fyrir hvort slitum verði lokið með gerð nauðasamninga en liðkað var mjög fyrir slíkri lausn með því að greiða út allar forgangskröfur fyrr á þessu ári.

Næsti kröfuhafafundur Glitnis verður 30. maí næstkomandi.

-ÞSJ

## Geimflaug SpaceX á leið til ISS

Einkafyrirtækið SpaceX varð á mánudag hið fyrsta sinnar tegundar til að koma geimflaug á loft í leiðangur til Alþjóðlegu geimstöðvarinnar (ISS). Hingað til hafa ferðir til ISS verið farnar á vegum geimferðastofnana stærstu ríkja heims. Eftir að Geimferðastofnun Bandaríkjanna (NASA) hætti notkun á geimskutlum sínum í fyrra var samið við SpaceX um að sjá um birgðaflutninga til ISS.

SpaceX er í eigu bandaríska frumkvöðulsins Elon Musk sem hefur auk SpaceX stofnað fyrirtækin PayPal og Tesla Motors sem framleiðir rafmagnsbíla í Kísildal í Bandaríkjunum.

- MÞL

## Einn erlendur aðili og fjórir innlendir berjast um TM

Stjórn Stoða, áður FL Group, hefur valið fimm tilboð í 99,94 prósenta hlut sinn í Tryggingamiðstöðinni (TM) til að halda áfram í söluferlinu. Samkvæmt heimildum Markaðarins eru fjögur þeirra innlend og eitt erlent. Þar mun vera um erlendan fagaðila í tryggingarekstri að ræða. Fyrirtækjaráðgjöf íslenskra banka er í forsvari fyrir að minnsta kosti hluta þeirra fjögurra innlendu tilboða sem hafa borist. Aðilarnir fimm eiga að skila inn skuldbindandi tilboðum í TM fyrir 8. júní næstkomandi. Alls bárust tíu óskuldbindandi tilboð í hlutinn áður en tilboðsfrestur rann út í byrjun maí. Því hafa fimm helst úr lestinni síðan þá. Talið er að verðmiðinn á TM sé á bilinu 13-15 milljarðar króna.

TM hagnaðist um 3,4 milljarða króna á síðasta ári. Þar af voru 2,4 milljarðar króna vegna hækkunar á gangvirði fjárfestingaeigna félagsins.

TM á meðal annars stóra hluti í óskyldum rekstri. Þar á meðal er tæplega 5,4 prósenta hlutur í HB Granda og MP banka, tæplega tíu prósent í Samherja og 2,7 prósenta beinn eignarhlutur í Högum.

Heildareignir TM í árslok 2011 voru 29 milljarðar króna og skuldir þess voru á sama tíma um 17 milljarðar króna. Eigið fé TM var því um 12,2 milljarðar króna.

- ÞSJ

## Fróðleiksmolinn

DataMarket

### Aðfluttir umfram brottflutta




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS SKOÐA NÁNAR: http://data.is/JkIxJ7

Hagstofa Íslands birtir upplýsingar um mannfjöldaþróun á Íslandi og einnig upplýsingar um aðflutta og brottflutta einstaklinga. Til eru tölur um mannfjölda frá árinu 1703 sem birtar eru í Hagskinnu. Árið 1703 voru Íslendingar 50.358 en 2012 voru íslendingar orðnir samtals 319.575.

Samkvæmt tölum frá Hagstofunni fluttu samtals 80.893 einstaklingar (íslenskir og erlendir ríksborgarar) til landsins á tímabilinu 2000 – 2011 en frá landinu samtals 71.071 einstaklingar. Aðfluttir einstaklingar umfram brottflutta á þessu tímabili voru því 9.822 einstaklingar. Sé tímabilið 2008 til og með 2011 skoðað fækkaði fólki á landinu og námu brottfluttir umfram aðflutta samtals 7.229. Mestur var munurinn 2009 eða 4.835 einstaklingar .

Mynd 2 sýnir rauntölur um aðflutta umfram brottflutta frá 1990 ásamt spá Hagstofunnar um sömu stærð. Gert er ráð fyrir að jafnvægi náist árið 2014; að jafnmargir komi og fari en eftir það flytjist fleiri til landsins.

### Aðfluttir umfram brottflutta – Rauntölur og spá




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS SKOÐA NÁNAR: http://data.is/JyPEvy

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

**MIÐVIKUDAGUR 23. MAÍ**
- **Aðalfundur Bakkavarar Group**
- **Reynsla af rafrænum íbúðakosningum**

**FIMMTUDAGUR 24. MAÍ**
- **Vísitala neysluverðs í maí 2012**
- **Ársfundur Sameinaða lífeyrissjóðsins**

**FÖSTUDAGUR 25. MAÍ**
- **Ýmis lánafyrirtæki** - hagtölur SÍ
- **Útboð ríkisbréfa**

**ÞRIÐJUDAGUR 29. MAÍ**
- **Væntingavísitala Gallup**
- **Viðskipti með atvinnuhúsnæði**
- **Verðbréfaviðskipti** - hagtölur SÍ
- **Staða markaðsverðbréfa** - hagtölur SÍ

**MIÐVIKUDAGUR 30. MAÍ**
- **Startup Reykjavík**
- **Fjöldi útgefinna vegabréfa**
- **Vísitala framleiðsluverðs**
- **Nýskráningar og gjaldþrot félaga í apríl 2012**

**FIMMTUDAGUR 31. MAÍ**
- **Mannfjöldaspá 2012-2060**
- **Vöruskipti við útlönd í janúar-apríl 2012**

**FÖSTUDAGUR 1. JÚNÍ**
- **Greiðslujöfnuður** - hagtölur SÍ
- **Erlend staða þjóðarbúsins** - hagtölur SÍ
- **Erlendar skuldir** - hagtölur SÍ

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á* vísir

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Á VIÐSKIPTUNUM Á VÍSI

vísir
- oft á dag



**SLITASTJÓRN** Stoðir voru stærsti einstaki eigandi Glitnis fyrir hrun. Glitnir er stærsti eigandi Stoða eftir hrun. Stoðir stefndu Glitni árið 2009 og Glitnir stefndi Stoðum í gær. Steinunn Guðbjartsdóttir og Páll Eiríksson sitja í slitastjórn Glitnis. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Glitnir vill fá fjórtán milljarða frá Stoðum

**Þrotabú Glitnis stefndi í gær Stoðum, sem hétu áður FL Group, vegna veðaflléttingar á 15 milljarða króna láni sem var veitt í desember 2007. Glitnir vill fá 14 milljarða króna.**

RIFTUNARMÁL
Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is

Slitastjórn Glitnis hefur stefnt Stoðum, sem áður hétu FL Group, til að greiða sér fjórtán milljarða króna auk dráttarvaxta. Auk þess vill slitastjórnin að ráðstöfun Stoða á fyrsta veðrétti í hollenska félaginu Ferskur Holding 1 BV, sem á meðal annars hlut í Refresco, frá því í maí 2008 verði rift.

Þá var veðréttur Glitnis í félaginu gefinn eftir til að Stoðir gætu veðsett Landsbanka Íslands fyrir frekari lántökum. Slitastjórnin vill meina að umrædd aðgerð hafi verið svokallaður örlætisgerningur.

Þetta staðfestir Júlíus Þorfinnsson, framkvæmdastjóri Stoða. Hann segir félagið enn eiga eftir að taka sér tíma til að fara yfir málið. „Í fljótu bragði, enn sem komið er, þá sjáum við ekki að þetta eigi við rök að styðjast.“

Málið snýst um 15 milljarða kúlulán sem Glitnir veitti Stoðum í desember 2007 og átti að vera til þriggja ára. Sem veð fyrir láninu fékk Glitnir fyrsta veðrétt í hollenska félaginu Ferskur Holding 1 BV., sem átti um 40 prósenta hlut í evrópska drykkjarframleiðandanum Refresco. Í mars 2008 veitti Glitnir síðan Stoðum nýtt lán upp á fjóra milljarða króna þar sem veðið var meðal annars umrædd hlutabréf í Ferskur Holding 1 BV.

Í maí 2008 var hins vegar samþykkt að aflétta umræddum veðum gegn því að hann fengi veð í fasteignaverkefnum í Bandaríkjunum í staðinn, sem síðar reyndist verðlaust. Eign Stoða í Ferskur Holding 1 BV var síðan samstundis veðsett Landsbankanum í staðinn fyrir ný lán.

Stoðir fóru í greiðslustöðvun strax eftir bankahrun, enda var félagið stærsti einstaki eigandi hins fallna Glitnis. Nauðasamningur félagsins var samþykktur í júní 2009. Þar var samþykkt að allir óveðtryggðir kröfuhafar myndu fá uppgerðar kröfur með einnar milljón króna eingreiðslu og að fimm prósent af viðbótarkröfunni fengist greitt með almennum hlutum í Stoðum. Júlíus segir að sú afgreiðsla myndi eiga við ef Stoðir myndu tapa málinu á hendur Glitni.

### STOÐIR VILJA 22 MILLJARÐA FRÁ GLITNI

Stoðir lýstu riftunarkröfu á hendur Glitni banka á árinu 2009 vegna veðréttatilfærslna og eignasölu sem félagið telur sig hafa tapað miklu á. Krafa þess í því máli hljóðar upp á 22 milljarða króna. Um er að ræða annars vegar veðsetningu, og síðar sölu, á fasteignafélögunum Fasteignafélagi Íslands, sem á Smáralindina, og Eikarhaldi til Glitnis, og hins vegar veðsetningu á eignarhlut Stoða í breska smásalanum House Of Frasier.
Þrotabú Glitnis er stærsti eigandi Stoða með 40,2 prósenta hlut. Aðrir stórir eigendur félagsins eru Landsbankinn og dótturfélag hans (13,4 prósent) og Arion banki (16,3 prósent).

Gríðarlegt tap JPMorgan vekur mikla athygli:

# Vekur upp spurningar um framtíð fjármálakerfisins

Gríðarlegt tap sem bandaríski bankarisinn JPMorgan Chase tilkynnti nýverið um hefur sett umræðuna um hvað sé hæfilegt regluverk fyrir alþjóðlega fjármálakerfið á fullt aftur í Bandaríkjunum.

JPMorgan, sem slapp merkilega vel út úr alþjóðlegu fjármálakreppunni árið 2008, hefur leitt baráttu bankanna á Wall Street gegn hugmyndum bandarískra stjórnvalda um strangara regluverk utan um fjármálakerfið. Nýlegt tap bankans þykir hins vegar hafa dregið úr trúverðugleika bankans sem hefur haldið því fram að breytingar sem gerðar hafi verið á áhættustýringu bankanna útiloki að önnur fjármálakreppa lík þeirri sem varð 2008 geti átt sér stað. Tapið hefur því reynst vopn í höndum þeirra sem barist hafa fyrir strangari reglum um eigin viðskipti fjármálastofnana.



JAMIE DIMON

Forsaga málsins er sú að nýverið var greint frá því að JPMorgan hefði tapað 2 milljörðum Bandaríkjadala, jafngildi rúmra 250 milljarða króna, vegna stórrar stöðu með skuldabréfum traustra fyrirtækja í Evrópu og Bandaríkjunum. Var staðan svo stór að miðlarinn sem bar ábyrgð á henni var kallaður hvalurinn frá London í öðrum fjármálastofnunum. Þá hefur bankanum enn ekki tekist að loka allri stöðu sinni og því er talið að heildartapið kunni að hækka upp í allt að 5 milljarða dala áður en yfir lýkur.

Staðan og tapið vegna hennar hafa vakið upp minningar frá alþjóðlegu fjármálakreppunni en segja má að bankinn hafi líkt og þá veðjað eins og eitthvað sem var ólíklegt gæti ekki gerst. Í þetta skiptið var það að skuldabréf traustra fyrirtækja myndu gefa minna af sér en búist hafði verið við en þá var það að bandaríski húsnæðismarkaðurinn myndi hrynja.

Þrátt fyrir tapið er staða JPMorgan sterk og er almennt búist við því að fyrirtækið muni tilkynna um verulegan hagnað á öðrum ársfjórðungi ársins. Það þykir þó hið vandræðalegasta fyrir bankann vegna orðspors hans sem sá besti þegar kemur að áhættustýringu og vegna ummæla forstjóra hans, Jamie Dimon, sem sagði fjölmiðla gera úlfalda úr mýflugu þegar þeir hófu að fjalla um stöðuna fyrir nokkrum mánuðum áður en bankinn hóf að vinda ofan af stöðunni og tilkynnti um tapið. - mþl

# Varahlutir í bíla






Framúrskarandi
fyrirtæki 2011

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is




# Skikkuð til að gera upp lúkningargjöldin

**Í um eitt og hálft ár innheimtu Síminn og Tal ekki lúkningargjöld fyrir símtöl milli farsímakerfa. Póst- og fjarskiptastofnun hefur nú gert þeim að gera upp gjöldin. Fjárhæðir eru trúnaðarmál en að sögn forstjóra fær Tal sem nemur nokkrum milljónum frá Símanum.**

FJARSKIPTI

Þorgils Jónsson
thorgils@frettabladid.is

Símanum var óheimilt að gefa eftir svokölluð lúkingargjöld milli sín og Tals á tímabilinu frá október 2010 fram til mars 2012. Þetta segir í nýlegum úrskurði Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS), sem hefur gert fyrirtækjunum að ná samkomulagi um gagnkvæma leiðréttingu á gjöldum milli fyrirtækjanna. Það uppgjör gæti skilað Tali nokkrum milljónum króna að mati forstjóra fyrirtækisins.

Baksaga málsins er að árið 2010 gerðu Síminn og Tal með sér samning um að Tal fengi aðgang að farsímasendum Símans með sýndarneti.

Tal gat því innheimt lúkningargjöld af þeim viðskiptavinum annarra símafyrirtækja sem hringdu í viðskiptavini Tals. Síðar kom í ljós að Síminn og Tal innheimtu ekki gagnkvæm lúkningargjöld milli sinna viðskiptavina, heldur einvörðungu af öðrum fyrirtækjum á markaði, þar með talið Nova og Vodafone.

Það segir PFS að gangi gegn jafnræðiskvöð sem sett var á Símann árið 2010 og bannaði Símanum að mismuna fyrirtækjum varðandi innheimtu lúkningargjalda.

Í svari Símans vegna umkvörtunar var því hafnað að um brot hafi verið að ræða. Var því borið við að símtöl milli Símans og Tals hafi verið „innankerfissímtöl“ sem ekki bæri að innheimta lúkningu fyrir.

Sú vörn féll á dauf eyru og hefur fyrirtækjunum því verið gert að gera upp lúkningargjöld sín á milli, eins og fyrr segir.

PFS hefur gefið Símanum og Tali þriggja mánaða frest til að klára uppgjörið, en að öðrum kosti þarf Síminn að endurgreiða Nova og Vodafone öll innheimt lúkningargjöld frá lokum ágústmánaðar 2010.

Í samtali við Markaðinn vildu talsmenn símans og Tals ekki staðfesta hversu háar upphæðir væri um að ræða.

„Við erum núna að klára að endurreikna þessar tölur og þær verða svo lagðar fyrir Póst- og fjarskiptastofnun síðar í þessum mánuði,“ sagði Viktor Ólason, forstjóri Tals og bætir því við að uppgjörið muni ekki hafa mikil áhrif á rekstur fyrirtækisins.



KALLAÐ EFTIR UPPGJÖRI Póst- og fjarskiptastofnun hefur úrskurðað að Símanum og Tali hafi verið óheimilt að gefa eftir lúkningargjöld á milli farsímakerfa sinna. Þau þurfa að gera upp gjöldin innan þriggja mánaða. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



MARGRÉT STEFÁNSDÓTTIR



VIKTOR ÓLASON

„Þetta eru ekki það háar tölur og jafnast sennilega út að mestu. Uppgjörið verður okkur sennilega í hag um nokkrar milljónir.“

Í svari Margrétar Stefánsdóttur, upplýsingafulltrúa Símans, við fyrirspurn Markaðarins segir að fyrirtækið muni vonandi geta lokið uppgjöri sem fyrst, en fjárhæð sé trúnaðarmál. Úrskurður PFS taki hins vegar á nokkrum óvissuþáttum.

„Með ákvörðun sinni skýrði Póst- og fjarskiptastofnun réttaróvissu sem var um fyrirkomulag sýndarnetsaðila. Samningur á milli Símans og Tals var unninn í góðri trú beggja aðila en nú er ljóst að þegar fjarskiptafyrirtæki eins og Síminn er með sýndarnetsaðila á sínum kerfum eiga báðir aðilar að innheimta lúkningargjöld hvor af öðrum.“

Þá tekur Margrét jafnframt fram að í niðurstöðu PFS komi fram að „stofnunin hefði ekki verið í aðstöðu til að draga í efa að Síminn hefði við umrædda samningsgerð verið í góðri trú um að fyrirkomulag þetta væri lögmætt“.

Í niðurstöðu PFS er einnig skorið úr um að Símanum sé óheimilt að veita smásölu félagsins hlutdeild í lúkningartekjum heildsölu félagsins og ber Símanum að leiðrétta slíkar millifærslur á milli deilda félagsins allt aftur til desember 2009.

Stýrivextir hafa bein áhrif á kjör landsmanna á húsnæðislánum:

# Landsbankinn hækkar líka sína vexti á óverðtryggðum lánum

Landsbankinn hefur hækkað vexti á óverðtryggðum húsnæðislánum sínum. Óverðtryggðir vextir sem eru fastir í þrjú til fimm ár eru nú 7,0 til 7,3 prósent. Þeir voru 6,4 til 6,6 prósent þegar lánin voru kynnt síðastliðið haust. Breytilegir óverðtryggðir vextir á húsnæðislánum bankans eru nú 6,5 prósent en voru 5,9 prósent þegar þeir voru sem lægstir. Hækkanirnar eru afleiðing af stýrivaxtahækkun Seðlabanka Íslands sem hafa hækkað um 0,75 prósentustig á skömmum tíma. Þeir eru nú 5,5 prósent.

Arion banki, sem býður einvörðungu upp á fasta óverðtryggða vexti til fimm ára, hækkaði vexti sína sama dag og stýrivaxtahækkun Seðlabankans var kynnt í síðustu viku. Þeir fóru þá í 7,45 prósent, en voru upphaflega 6,45 prósent þegar lánin voru kynnt í fyrrahaust.

Íslandsbanki hækkaði óverðtryggða vexti sína eftir stýrivaxtahækkunina í mars og eru föstu vextirnir, sem eru fastir í þrjú ár, nú 6,55 prósent og breytilegu vextirnir 5,65 prósent. Samkvæmt upplýsingum frá bankanum verður ný vaxtatafla kynnt um komandi mánaðamót og þá mun koma í ljós hvort bankinn fylgi fordæmi hinna.

MP banki býður einvörðungu upp á breytilega vexti og eru þeir 5,65 prósent í dag. Þeir hafa ekki hækkað eftir stýrivaxtahækkunina. - þsj

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

## BRUGÐIÐ Á LEIK

**Útileikir eru nauðsynlegur hluti útilegunnar. Allir þekkja hefðbundna leiki eins og fótbolta, krikket og svifdisk. En hvernig væri að prófa reiptog, hanaslag, krókódílafljótið eða hoppandi froska?**



**SALT**
Óskar Páll fór í fjögurra daga jeppaferð yfir saltsléttur Bólivíu. Það var einn af hápunktum þriggja og hálfs mánaðar heimsreisu sem hann er nýkominn heim úr.
Mynd/Óskar Páll Elfarsson, moment.is

MYND/ÓSKAR PÁLL ELFARSSON, MOMENT.IS

# SMÁ SMAKK AF HVERJU LANDI

**HEIMSREISA** *Óskar Páll Elfarsson, ljósmyndari og eigandi Moment.is, er nýkominn úr heimsreisu sem hann fór í ásamt kærustu sinni. Þau fóru mjög víða en stoppuðu stutt á hverjum stað og kölluðu ferðina því Tapasferðina.*

Óskar Páll Elfarsson fór í þriggja og hálfs mánaðar langa heimsreisu ásamt kærustunni sinni, Hrund Þórsdóttur og komu þau aftur heim fyrir örfáum dögum. „Í ferðinni notuðum við sextán mismunandi gjaldmiðla og aldrei evrur,“ segir Óskar.

Ferðin byrjaði í Afríku, í Nairobi í Kenía. „Það var ákveðin eldskírn og þegar við komumst þaðan óhult fannst okkur við vera ósigrandi. Mér leið alls ekki vel þar, þar var mjög heitt, gríðarlega mikil fátækt og mikið um glæpi. Mér fannst ég þurfa að fylgjast stöðugt með öllu og var bara þreyttur eftir daginn.“

FRAMHALD Á SÍÐU 3

ÚTSKRIFTARGJAFIR
- mikið af frábærum tilboðum
www.tk.is
Tékk KRISTALL
iittala
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

Hugsaðu vel um fæturna
Í hálfa öld hafa miljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK sér til heilsubótar. Hvað um þig?
Teg: „BOSTON“ Fótlaga skór úr leðri og 100% innleggi úr náttúru-korki.
Stærðir: 36 - 48. Verð: 18.500.-
Misty skor Laugavegi 178
BIRKENSTOCK
Vertu vinur
Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Laugardag 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

vissir þú að...
ofdekur er ein
birtingarmynd vanrækslu?
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

OUTLET SKÓR
aðeins 4.900 kr.
Stráka skór
St. 21–26
aðeins 8.500 kr.
Herra skór
St. 41–45
aðeins 9.900 kr.
Shape Ups dömu skór
St. 36–41
aðeins 4.900 kr.
Stelpu skór
St. 21–26
aðeins 7.900 kr.
Dömu skór
St. 36–41
OUTLET-SKÓR | FISKISLÓÐ 75 | 101 REYKJAVÍK
Opið: mán-fös 13-18 & lau 12-16 sími: 514 4407

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn:
**Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s. 512 5473,
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**


15% AFSLÁTTUR
AF BOLUM OG BUXUM
BASLER Parisar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770

## HVERJU Á AÐ PAKKA?

**Ekki þarf að taka mikið með til sólarlanda**

**PAKKIÐ LÉTT**

**Margir gera þau mistök að pakka of miklu fyrir sólarlandaferð. Sjaldan hefur það gerst að einhver klæðist öllum fötunum sem hann pakkar, þess vegna er best að hugsa sig vel um áður en pakkað er í töskuna. Í fyrsta lagi þá er nóg að taka eina peysu með sér. Nóg er að hafa með sér ein sundföt og nærfötin eiga að vera jafnmörg og dagarnir sem ferðin er. Tvennar til þrennar stuttbuxur eru nóg og sex til sjö bolir. Eitt par af sandölum og strigaskór ef hugmyndin er að labba lengra en út á strönd. Reynið að hafa snyrtivörur og hreinlætisvörur í algjöru lágmarki. Sleppið skartgripunum og munið eftir hleðslutækinu fyrir símann.**



FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP
5 ÚTVARPS-STÖÐVAR Í BEINNI

vísir - oft á dag



# Í FÓTSPOR MORSE OG LEWIS Í OXFORD

**Á MORÐINGJASLÓÐUM** *Oxford-hérað í Englandi hefur yfir sér ákveðinn ævintýraljóma. Ekki síst vegna sjónvarpsþátta sem þar hafa verið teknir.*

Hægt er að fá leiðsögn um fræg svæði í Oxford-héraði sem þekkt eru úr sjónvarpsþáttum á borð við Morse og Lewis. Upplagt er fyrir aðdáendur þáttanna að eyða sumarfríinu við að skoða öll þessi þekktu „morðsvæði“.

Sjónvarpsþættirnir um rannsóknarlögreglumanninn Morse og síðan Lewis eru í miklu uppáhaldi hjá milljónum áhorfenda um allan heim. Margir hafa lesið og safnað bókunum og eiga auk þess DVD-safn af þáttunum uppi í hillu.

Þættirnir eru teknir upp í Oxford á Englandi og er ekki síst fallegt umhverfið sem heillar sjónvarpsáhorfendur. Alls voru framleiddir 33 þættir með Morse á árunum 1987-2000 og var leikarinn John Thaw þar í aðalhlutverki. Hann lést árið 2002, sextugur að aldri, og var þá talið að þættirnir yrðu ekki fleiri.

Árið 2006 var það hins vegar aðstoðarmaður Morse, Lewis (Kevin Whately), sem fékk sína eigin þætti og hafa þeir náð miklum vinsældum. James Hathaway (Laurence Fox) er aðstoðarmaður Lewis í þáttunum.

**FRÆGAR BYGGINGAR**

Þættirnir um Morse eru byggðir á bókum eftir rithöfundinn Colin Dexter. Morse ók um á rauðri Jagúar-bifreið sem setti svip sinn á þættina. Á einu frægasta hóteli í Oxford, The Macdonald Randolph Hotel, er bar kenndur við Morse. Barinn kom mikið við sögu í einum þættinum, The Jewel That Was Ours. Hótelið er í miðbænum og var byggt árið 1864. Það var á sínum tíma glæsilegasta hótelið í Oxford. Morse eyddi miklum tíma á barnum þar sem hann braut heilann um morðrannsókn yfir bjórkönnu.

Margar byggingar og krár sem koma við sögu í þáttunum eru í nálægð við hótelið. Þeir sem vilja feta í fótspor Morse og Lewis í Oxford ættu því að gista á þessu hóteli. Í Oxford er hægt að fá leiðsögn um bæinn til að skoða helstu sögusvið Morse og Lewis.

Í ferðinni má meðal annars sjá The Ashmolean Museum, safn forngrískra og egypskra muna. Safnið er frá árinu 1683 og er elsta safn sinnar tegundar í veröldinni. Safnið var aðalsögusvið í Morse-þættinum The Wolvercote Tongue.

The Bookbinders er notaleg krá sem kom oft við sögu hjá Morse og sömuleiðis veitingahúsið og barinn The Eagle and Child sem einnig hefur verið vinsæll í gegnum tíðina hjá Oxford-stúdentum. The Pitt Rivers safnið kom fyrir í þættinum The Daughters of Cain. Turf Tavern kráin hefur verið afar vinsæl í þáttunum en bekkir með borðum eru þar fyrir utan þar sem Morse og Lewis tylltu sér oft með bjór. Brasenose College skólinn er mikið notaður í þáttunum en í þeim nefnist hann Lonsdale College og er þá ekki allt upp talið. Aðdáendur Morse og Lewis geta farið inn á www.tourinaday.com og valið Oxford Tours þar sem úr mörgu skemmtilegu er að velja.

elin@365.is

**DUGLEGIR SPÆJARAR**
Morse, leikinn af John Thaw, og Lewis aðstoðarmaður hans sem leikinn er af Kevin Whately. John Thaw lést árið 2002.



**LEWIS OG HATHAWAY**
Sex nýir þættir verða gerðir með þeim á þessu ári, aðdáendum til mikillar ánægju.

LEIÐSÖGU SKÓLINN
ALMENN LEIÐSÖGN OG GÖNGULEIÐSÖGN
MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN
Draumastarfið í draumalandinu
Kannt þú erlend tungumál?

Ef þér finnst gaman að ferðast um Ísland og umgangast erlenda ferðamenn þá gæti leiðsögunám verið fyrir þig.
Leiðsögunám er fjölbreytt og skemmtilegt og getur opnað dyr að áhugaverðu og krefjandi starfi.
INNRITUN STENDUR TIL 31. MAÍ
WWW.MK.IS
Leiðsöguskólinn sími: 594 4025





FRAMHALD AF FORSÍÐU

Þau Óskar og Hrund fóru líka til Tansaníu og Zanzibar í Afríku en fóru svo yfir til Asíu. „Við fórum til Taílands, Laos, Kambódíu, Singapúr, Malasíu og Balí. Þaðan fórum við til Ástralíu og Nýja-Sjálands. Svo var ferðinni heitið til Suður-Ameríku, Síle, Bólivíu, Argentínu og Úrúgvæ. Við kölluðum þetta Tapasferðina af því við stoppuðum svo stutt á hverjum stað. Fengum bara smá smakk af hverju landi fyrir sig.“

Margir staðir heilluðu Óskar í þessari ævintýraferð en nokkrir stóðu þó upp úr. „Stór draumur rættist hjá mér þegar við fórum í safaríferð í Kenía. Þá sáum við meðal annars ljón gæða sér á gíraffa en það var alveg ómetanlegt fyrir mig sem ljósmyndara. Það var líka yndislegt að vera í Laos, þar voru allir svo rólegir og yfirvegaðir. Þar fórum við á fílsbak og ferðin endaði úti í Mekong-ánni þar sem fíllinn fór í bað. Það nánast súrrealískur dagur. Einnig var það ótrúleg upplifun að fara í jeppaferð yfir Atacama-eyðimörkina frá Síle yfir til Bólivíu. Það var fjögurra daga ferð með sex farþegum og bílstjóra frá Bólivíu sem talaði ekki stakt orð í ensku,“ segir hann.

Í flugvélinni voru þau Óskar og Hrund strax farin að áforma næstu ferð. „Við getum vel hugsað okkur að fara til Japans og Rússlands. Svo eigum við eftir að kanna Taíland og umhverfi þess betur, við höfðum minni tíma þar heldur en við vildum hafa. Það er kannski klisjulegt að segja það en eftir ferðina er ég orðinn þolinmóðari og ég hef lært að sætta mig við hlutina. Ég þroskaðist við að sjá hvernig aðrir hafa það. Flestir hafa það verra en við hér á Íslandi en eru samt miklu sáttari og kátari.“

lilja.bjork@365.is

**FRAMANDI**
Þau Óskar og Hrund urðu vitni að því þegar ljón átu gíraffa í safaríferð í Kenía. Á neðri myndinni má sjá útsýnið sem skötuhjúin höfðu út um hótelgluggann sinn á eyjunni Koh við Taíland.

**SÚRREAL-ÍSKT**

„Þar fórum við á fílsbak og ferðin endaði úti í Mekong-ánni þar sem fíllinn fór í bað.“

## GOTT NESTI Í FERÐALAGIÐ

### Það er fljótlegt að útbúa hollt nesti fyrir ferðalagið



**Þegar fjölskyldan skellir sér í bíltúr upp í sveit eða í létta fjallgöngu er fátt betra en að gæða sér á góðu nesti. Hægt er að útbúa klatta með smjöri og osti. Fljótlegt er að útbúa ljúffengar vefjur úr mexíkóskum pönnukökum eða hefðbundnar samlokur úr samlokubrauði eða baguette. Þar má meðal annars nýta afganga úr ísskápnum eins og kjöt, fisk og grænmeti. Einnig er upplagt að nota kjötálegg, niðursneidd egg, beikon og grænmeti. Gott salat á brauðið má útbúa daginn áður, til dæmis túnfisksalat og skinkusalat. Það er líka tilvalið að sneiða niður grænmeti í box eins og papriku, gúrku og gulrætur. Gömlu góðu ávextirnar standa alltaf fyrir sínu. Epli, perur og bananar henta alltaf vel og litlu fólki þykir gott að gæða sér á vínberjum. Þessu góðmeti má síðan skola niður með heitum kaffisopa, ísköldu vatni eða ávaxtasafa. Svo mega allir sem eru duglegir að klára matinn sinn auðvitað fá ís í eftirrétt í næstu ísbúð.**


NUTRILENK
NÁTTÚRULEGT BYGGINGAREFNI FYRIR BRJÓSKVEFINN






Skráðu þig á facebook síðuna
Nutrilenk fyrir liðina
- því getur fylgt heppni!

# Tel að NutriLenk hafi bjargað ferlinum

**Ásdís Hjálmsdóttir er afreksíþróttakona í spjótkasti og því er mikið álag á líkamann vegna strangra æfinga.**

Haustið 2009 fékk ég brjóskskemmd í hnéð á mörkum hnéskeljar og lærleggs. Þessu fylgdi mikill sársauki og það brakaði í hnénu á mér í hverju skrefi. Sársaukinn var það slæmur að ég gat ekki æft af fullum krafti og gat ekki einu sinni labbað niður stiga án þess að finna til í hnénu.

Ég var búin að fá tíma í aðgerð þar sem átti að bora inn í beinið í þeirri von að brjóskið myndi endurnýja sig en það var eina mögulega úrræðið.

## Losnaði við hnéverkinn

Viku áður en ég átti að fara í aðgerðina var mér bent á að prófa NutriLenk og ég ákvað að slá til þar sem ég hafði engu að tapa og var tilbúin að reyna allt til að laga hnéð á mér. Strax á fyrstu dögunum minnkaði verkurinn og ég fór að geta æft.

Daginn áður en ég átti að fara í aðgerðina þá fann ég ekkert til í hnénu. Ég hef tekið NutriLenk síðan og aldrei fundið neitt fyrir hnénu aftur.

Ég hef mikið keppt erlendis undanfarin ár og á öllum stórmótum. Í ágúst síðastliðnum tryggði ég mér keppnisrétt á Ólympíuleikunum í London í sumar og ég tel að NutriLenk hafi bjargað ferlinum.



Ásdís Hjálmsdóttir 26 ára Ólympíufari

## Hvað getur NutriLenk gert fyrir þig?

Við mikið álag og með árunum getur brjóskvefurinn rýrnað sem veldur því að liðirnir slitna. Þetta er náttúrulegt ferli. Mjög margir finna fyrir miklum óþægindum þegar beinin byrja að núast saman, sérstaklega í liðamótum eins og í mjöðmum, hryggjar og hnjáliðum. Þess vegna er allt til vinnandi að styrkja liðbrjóskið á náttúrulegan hátt.



Heilbrigður liður | Liður með slitnum brjóskvef

**Náttúrulegt byggingarefni fyrir liðbrjóskið og beinin**

NutriLenk inniheldur náttúrulegt byggingarefni fyrir brjóskvefinn og er mjög góður valkostur fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski. Unnið úr sérvöldum fiskibeinum úr hafinu sem hefur sýnt fram á að vera fyrsta flokks byggingarefni til að styðja við brjóskvefinn og viðhalda honum.

NutriLenk hefur hjálpað fjölmörgu fólki.
NutriLenk er 100% náttúruleg vara sem er mjög gagnleg þeim sem þjást af brjóskvefsrýrnun.

**Prófið sjálf-upplifið breytinguna!**

Nánari upplýsingar á **www.gengurvel.is**



NÁTTÚRULEGT FYRIR LIÐINA

**NutriLenk er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum, Fræinu Fjarðarkaupum, Hagkaup, Krónunni, Þín verslun Seljabraut og Vöruvali Vestmanneyjum**

PRENTUN.IS



TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ

Valdar vörur á allt að 50% afslætti

| | |
|---|---|
| Stakir sófar | frá 86.450kr. |
| Tungusófar | frá 85.450kr. |
| Hornsófar | frá 142.950kr. |
| Leður sófasett | frá 199.900kr. |
| Borðstofustólar | frá 12.900kr. |
| Hægindastólar | frá 59.900kr. |
| Heilsukoddar | frá 3.000kr. |
| Púðar | frá 2.900kr |



Verslun okkar er opin:
Virka daga kl. 9-18
Laugardaga kl.11-16
Sunnudaga lokað

Patti HÚSGÖGN

Patti verslun | Dugguvogi 2, 104 Reykjavík
Sími: 557 9510 | Vefsíða: www.patti.is



# Halló
- glæsileg í jakka frá Topphúsinu

TOPPVÖRUR • TOPPÞJÓNUSTA

Topp HÚSIÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518
Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16,
www.topphusid.is





Mind Xtra
OUTLET
2 VERÐ
1.000 • 2.000

MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073

Erum við hliðina á Herra Hafnarfirði á 2. hæð.

FJÖRÐUR
www.fjordur.is



Geymslu- og dekkjahillur



kr.15.990.-
viðbótareining kr. 11.357.-

í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið

Þessar hillur geta allir sett saman
Skrúfufrítt og smellt saman

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS

OPIÐ 08:00 - 17:00




**HJÓLAÐ UM ENGLAND** Þessi mynd er tekin við Vatnahéraðið á Englandi. NORDICPHOTOS/GETTY

# HJÓLAÐ Í ÚTLÖNDUM

**ÖÐRUVÍSI FERÐALAG** *Það hefur aukist mikið á undanförnum árum að fólk kjósi að fara til útlanda til að hjóla. Með því móti kynnist það landinu á annan hátt en að ferðast um í bíl. Það er þó ekki sama hvert farið er.*

Íslendingar eru ekki óvanir því að sjá útlendinga hjóla hérlendis. Það hefur tíðkast í tugi ára. Það þarf hins vegar hraust og vel æft fólk til að hjóla um sveitir Íslands, vegir geta verið slæmir og brattir og veðurfarið rysjótt.

Þegar Íslendingar velja sér land til að ferðast um hjólandi forðast þeir erfið landssvæði, nema hetjurnar auðvitað. Danmörk er ákjósanlegt land til hjólreiða. Þar eru góðir reiðhjólastígar og landið flatt og auðvelt yfirferðar. Holland er sömuleiðis auðvelt hjólaland. Bátur og hjól eru vinsæll fararmáti í Hollandi. Þá er ýmist siglt með fljótabátum eða hjólað. Löndin við Eystrasalt eru öll sögð góð fyrir þá sem vilja hjóla; Lettland, Eistland og Litháen. Belgía er sömuleiðis gott hjólaland, landið er flatt með vel merktum reiðhjólastígum.

### VINSÆLIR STAÐIR

Besti staðurinn til að ferðast á reiðhjóli um England er suðurhlutinn. Nefndir eru staðir eins og Yorkshire og Cotswold sem er vestan við Oxford.

Írland þykir ágætt til hjólreiða vegna þess hversu flatt það er. Hins vegar eru reiðhjólastígar fágætir.

Á Ítalíu er vinsælt að hjóla. Hins vegar er landið stórt og misauðvelt. Vinsæl hjólaleið er frá Feneyjum til Verona með viðkomu við Gardavatnið. Frá Róm til Lazio er nokkuð auðveld leið og einnig er gaman að hjóla um Sikiley. Erfiðara er að hjóla í Toskana, Umbria og Piemonte.

Í Frakklandi ætti fólk að velja sér Canal du Midi í suðri, La Rochelle í vestri og Burgundí/Alsace í austri. Aðrir staðir eru erfiðari.



**HJÓL Í KÖBEN** Á Strikinu í Kaupmannahöfn.

### HJÓL OG BÁTUR Í KRÓATÍU

Mælt er með Króatíu en þar mun vera sniðugt að kaupa sér ferð sem heitir bátur og hjól, stoppa í litlum bæjum og hjóla um og skoða. Ferðast síðan áfram með bátnum.

Í Þýskalandi eru margir góðir hjólastaðir. Betra er að hjóla norðarlega í landinu. Við árnar Mósel og Rín eru margir góðir hjólastígar. Besta hjólasvæðið í Þýskalandi er þó við Bodense í suðri.

Gott er að hjóla í Ungverjalandi en því miður vantar merkingar. Sömuleiðis er fín hjólaleið með fram Dóná frá Passau til Vínarborgar. Farið aldrei í hjólaferð til útlanda án þess að undirbúa hana vel. Merkið inn á kort, athugið með veitingahús og gistingu á leiðinni. Gætið að farangri, hann má ekki vera of þungur. Ekki er þægilegt að hjóla í miklum hita.

■ elin@365.is

### UM ÍTALÍU

Vinsæl hjólaleið er frá Feneyjum til Verona með viðkomu við Gardavatnið. Frá Róm til Lazio er nokkuð auðveld leið og einnig er gaman að hjóla um Sikiley.


MK
MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

SKRIFSTOFU- OG FJÁRMÁLAGREINANÁM
NÁM FYRIR FULLORÐIÐ FÓLK

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN · FERÐAMÁLASKÓLINN · LEIÐSÖGUSKÓLINN

Nám sem nýtist þér!

**Skrifstofubraut I**
Staðbundið nám, tvær annir.
Höfuðáhersla er lögð á viðskipta- og samskiptagreinar.
Kennslutími
frá kl. 8:20 – 13:00.

Fjarnám, þrjár annir.
Kennt í lotum.

**50+**
Hagnýtt nám fyrir þá sem eru komnir yfir fimmtugt, vilja styrkja sig í lífi og starfi eða taka að sér ný verkefni.

**Office Skills Programme for foreigners**
Nám á skrifstofubraut fyrir þá sem ekki hafa íslensku að móðurmáli.

**Sales and Service Programme for foreigners** NÝTT
Nám á verslunarbraut fyrir þá sem ekki hafa íslensku að móðurmáli.

**Skrifstofubraut II**
Staðbundið nám, kennslutími
frá kl. 8:20 – 13:00.

Fjarnám, þrjár annir.
Kennt í lotum.

**Viðurkenndur bókari** NÝTT
Námið skiptist í þrjá hluta;
A) reikningshald, b) skattskil og upplýsingakerfi og c) raunhæft verkefni. Námið er ein önn og undirbýr nemendur fyrir próf á vegum efnahags- og viðskiptaráðuneytisins til Viðurkennds bókara skv. 43. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald.

Upplýsingar veitir fagstjóri viðskipta- og fjármálagreina í síma 594 4000/824 4114.
Netfang inga.karlsdottir@mk.is

FASTEIGNASÖLUR

MIÐVIKUDAGUR 23. MAÍ 2012 Kynningarblað Nýjungar í fasteignaleit, aukin þjónusta fasteignasala, friðuð hús ...

# Húsdraumar lifna við í snjallsíma

**Sunnudagsbíltúrinn er orðinn miklum mun líflegri með tilkomu fasteignaleitar Mikluborgar í snjallsíma. Áhugasamir húsleitendur geta nú með einföldum smelli á m.miklaborg.is strax séð hvaða eignir eru til sölu á hverjum stað í leit að draumahúsnæði fjölskyldunnar.**

Fasteignasalan Miklaborg er fyrst íslenskra fasteignasala til að bjóða fasteignaleit í snjallsíma.

„Við verðum þess vör að flestir í fasteignahugleiðingum eru með hugann við íbúðaleit sína daginn út og daginn inn. Þeir keyra um hverfi og bæjarfélög til að sjá hvar þeir helst vilja búa og því sjálfsögð þjónusta okkar að auðvelda leitina með því að kynna eignir til sölu beint í snjallsíma,“ segir Óskar R. Harðarson héraðsdómslögmaður, löggiltur fasteignasali og annar eigenda Mikluborgar.

„Fasteignaleit í snjallsíma hefur verið við lýði á fasteignamörkuðum erlendis um hríð en er nú kærkomin nýjung fyrir íslenska fasteignaleitendur og gerir þeim kleift að nálgast söluyfirlit fasteigna hvenær sem er og hvar sem þeir eru staddir,“ útskýrir Óskar.

Hann tekur dæmi um fólk sem heillast af hverfi í Hafnarfirði þegar það er í heimsókn hjá vinafólki.

„Þá getur það umsvifalaust farið í eignayfirlit Mikluborgar í snjallsíma sínum, valið staðsetninguna, séð hvort hentugar eignir séu til sölu í næsta nágrenni og fengið allar upplýsingar strax,“ segir Óskar.

Hann nefnir annan sniðugan kost í fasteignaleit snjallsímans.

„Í góðra vina hópi í Grímsnesinu getur kviknað löngun til að eignast eigin sumarbústað. Þá er þægilegt að geta strax flett upp sölulista yfir sumarhús í nærsveitum, fá upp stærð þeirra, verð og leiðarlýsingu. Flestir snjallsímar búa svo yfir GPS-hnitum og auðvelt að láta símann vísa veginn að eigninni sem um ræðir,“ segir Óskar.

Allt viðmót er auðvelt í fasteignaleit snjallsíma. Þegar áhugaverð eign er fundin er leikur einn að skoða hana betur á korti, skoða leiðarlýsingu og allar myndir í góðri upplausn.

„Flestir eru áhugasamir um að sjá hvernig umhorfs er innanhúss í eignum en finnst ekki síður mikilvægt að sjá hvernig gatan lítur út og hvernig hverfið er uppbyggt með tilliti til skóla, verslunar, þjónustu og útivistarmöguleika. Þá er hentugt að vera staddur í hverfinu sem heillar og geta strax skoðað allt með berum augum í stað þess að þurfa heim í tölvuna til að leita og láta sig dreyma.“

Til að komast í fasteignaleit Mikluborgar í snjallsíma er slegin inn vefslóðin m.miklaborg.is.

„Það er gaman að prófa sig áfram og kynnast þessari nýjung, enda mikill tímasparnaður og að auki stórskemmtilegt. Þjónustan stóreykur líkur seljenda á sölu eigna og að kaupendur finni það sem þeir leita að,“ segir Óskar sem er rétt að byrja í þjónustu við viðskiptavini í gegnum snjallsíma.

„Snjallsíminn á eftir að koma fasteignaleitendum í góðar þarfir og er þetta rétt byrjunin á því sem koma skal. Við munum fljótlega bæta við enn fleiri upplýsingum um eignir og staðhætti sem munu gera fasteignaleitina enn léttari, skemmtilegri og árangursríkari.“




Óskar R. Harðarson í Mikluborg með snjallsímann sinn á lofti, en nú er hægt að skoða ítarlegt söluyfirlit fasteigna með myndum, leiðarlýsingum og fleiru í gegnum snjallsíma. MYND/GVA

*Fasteignasalan Miklaborg er í Síðumúla 13. Sími 5697000. Sjá nánar á www.miklaborg.is og munið slóðina í snjallsímann. Hún er m.miklaborg.is.*

# Stærsta fasteignasala Reykjavíkur

**Einkunnarorð Fasteignasölunnar Mikluborgar eru gæði, fagmennska og árangur í starfi. Mikil áhersla er lögð á vönduð vinnubrögð starfsmanna og gagnkvæman ávinning allra hlutaðeigandi í viðskiptum.**

Það væri hverjum fasteignasala hollt að kaupa og selja fasteign sína einu sinni á ári. Fasteignakaup eru enda í flestum tilvikum stærsta ákvörðun sem við tökum í lífi okkar og mikil rússíbanareið á meðan viðskiptunum stendur. Því skiptir miklu máli að viðskiptavinurinn velkist ekki í vafa um að honum sé vel sinnt og að honum líði vel í viðskiptunum,“ segir Óskar á Mikluborg.

Fasteignasalan Miklaborg er sú stærsta í höfuðborginni. Þar starfar sterk og öflug liðsheild fimmtán starfsmanna.

„Fasteignasala má sín lítils án góðs starfsfólks. Hér starfa reynslumiklir, góðir og áhugasamir sölumenn sem taka starf sitt alvarlega,“ upplýsir Óskar.

Auk mannauðsins segir Óskar styrk og vöxt Mikluborgar byggja á alúðlegri þjónustu við viðskiptavini, skýrum verkferlum og áherslu á gæðavinnu til að kynna bæði fasteignir og fyrirtækið. „Það er einfaldlega ekki nóg að skrá eign á sölu og vona að vindurinn blási í rétta átt. Það verður að nýta alla tæknimöguleika sem í boði eru svo kynna megi eignina fyrir sem breiðastan hóp. Því þurfa seljendur að vanda valið vel áður en þeir setja eignir sínar á sölu.“

Óskar segir meginþorra íslenskra fasteignasala smáar í sniðum og þar sé óhægara um vik að koma eignum á framfæri eða finna draumaeignina.

„Húseigendur vilja allir að eign

**„Miklaborg er með stærsta framboð eigna á skrá og var fyrst til að bjóða upp á innlit.**

þeirra nái til sem flestra og leita því til okkar. Miklaborg er með stærsta framboð eigna á skrá og var fyrst til að bjóða upp á „innlit“ í eignir, þar sem hægt er að valsa um á netinu og skoða hvern krók og kima. Heimasíðan er alltaf vel uppfærð og aðgengileg og sölumenn leggja áherslu á að ná góðum tengslum við kaupendur til að ná enn betur að hjálpa þeim við að finna draumaeignina.“



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar og eigendur Fasteignasölunnar Mikluborgar. MYND/GVA




Starfsmenn fasteignasölunnar Torgs veita persónulega og góða þjónustu. Á myndina vantar Höllu Unni Helgadóttur og Jóhönnu Kristínu Tómasdóttur, löggilta fasteignasala. MYND/GUNNAR V. ANDRÉSSON

# Topp þjónusta hjá fasteignasölunni TORGI

Úrvals þjónusta við kaupendur og seljendur fasteigna er kjarninn í starfsemi fasteignasölunnar Torgs í Garðabæ.

Fagleg vinnubrögð og úrvals þjónusta einkenna starfsemi fasteignasölunnar Torgs í Garðabæ og eru grunngildi hennar kraftur, traust og árangur. Hana reka hjónin Sigurður Gunnlaugsson, löggiltur fasteignasali og framkvæmdastjóri og Hafdís Rafnsdóttir sölustjóri. Þau segja að hugmyndafræði fasteignasölunnar gangi út á að veita meiri og betri þjónustu en almennt þekkist á markaðnum. „Hugmyndafræði okkar gengur út á að veita persónulega og mikla þjónustu. Við köllum hana „toppþjónustu fasteignasölunnar TORGS“ og það hefur skilað sér undanfarin ár. Allir fasteignasalar okkar og sölufulltrúar starfa eftir sérstöku lykilkúnnakerfi okkar þar sem hver og einn sér alfarið um samskipti við kaupendur og seljendur vegna ákveðinnar fasteignar.“

**„Við segjum oft að seljendur geti verið í vinnunni sinni á meðan við erum í okkar vinnu.**

Hafdís nefnir sem dæmi um góða þjónustu fasteignasölunnar að starfsmenn sjái alltaf sjálfir um að sýna eignir seljenda. „Við segjum oft að seljendur geti verið í vinnunni sinni á meðan við erum í okkar vinnu. Allir sem skoða íbúðir hjá okkur fá sérstaka eignamöppu sem inniheldur allar nauðsynlegar upplýsingar um viðkomandi fasteign en ekki síður gagnlegar upplýsingar um hverfið.“

Þar á Hafdís helst við upplýsingar um grunn- og leikskóla, verslanir, strætóstöðvar og fleira. „Við leggjum mikla áherslu á að leysa þessi litlu atriði sem virka oft sem þröskuldur í íbúðarkaupum, því þótt áhugasamir kaupendur búi á höfuðborgarsvæðinu er ekki þar með sagt að þeir þekki öll hverfin vel. Það skiptir til dæmis mjög miklu máli fyrir fólk með ung börn hvar skólar eru staðsettir og samgöngur til og frá þeim.“

## Mikill vöxtur

Á fasteignasölunni TORGI starfa 16 manns, þar af átta löggiltir fasteigna-, fyrirtækja- og skipasalar. Mikill vöxtur hefur verið í starfsemi stofunnar undanfarin ár. Velta stofunnar jókst yfir 100% árið 2011 frá fyrra ári en markaðurinn í heild sinni jókst á sama tíma um 48-50%. Það sem af er árinu 2012 hefur stofan vaxið yfir 50% frá sama tíma í fyrra en markaðurinn aftur á móti aðeins um 25%.

Starfsmenn Torgs vinna eftir svokölluðu lykilkúnnakerfi eins og fyrr segir. Það þýðir að sami starfsmaður sér um öll málefni tiltekinnar fasteignar. Í því felst að starfsmaður stofunnar sér um að sýna eignina, vera í sambandi síðar meir við þá sem skoða hana og vinna með seljanda og kaupanda þegar tilboð berst. „Þetta er óneitanlega mikill kostur fyrir seljandann og ekki síður fyrir þá sem skoða íbúðina. Þá er sami starfsmaður okkar með öll svör á reiðum höndum og getur klárað öll mál, stór sem smá, fyrir bæði kaupendur og seljendur,“ segir Hafdís.



Unnið er eftir lykilkúnnakerfi þar sem starfsmaður sér um öll málefni tiltekinnar fasteignar.



Allir starfsmenn eru meðvitaðir um gæði góðrar þjónustu.



Sigurður Gunnlaugsson framkvæmdarstjóri og Hafdís Rafnsdóttir sölustjóri.

## Allir meðvitaðir um góða þjónustu

Mikið er lagt upp úr sí- og endurmenntunarmálum starfsmanna fasteignasölunnar að sögn Sigurðar. Allir starfsmenn eru á 100% árangurstengdum launum og eru þeir því mjög meðvitaðir um gæði góðrar þjónustu. Hann segir fasteignasöluna halda regluleg námskeið og fræðslufundi fyrir starfsmenn um ýmis málefni sem tengist fasteignamarkaðnum. „Allir starfsmenn setja sér markmið fyrir árið. Síðan vinnum við viku- og mánaðarleg markmið líka og öll miðast þau út frá grunngildum okkar sem eru kraftur, traust og árangur.“

# Góð ráð til fasteignakaupenda

Jón Sigurjónsson hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands segir að fólk verði almennt að vanda sig þegar kemur að fasteignaviðskiptum og beita skynseminni en ekki tilfinningunum við val á eign. Kostnaður við viðhaldsframkvæmdir getur verið umtalsverður.

Að mörgu er að hyggja þegar húseign er keypt og er fólk misvel að sér þegar kemur að því að velja réttu eignina. „Það fyrsta sem fólk ætti að gera er að skoða hverfin vel og tryggja að allt sé til staðar sem fólk óskar. Barnafólk þarf að vera sátt við skóla og leikskóla, fjarlægðir frá tómstundum og þess háttar. Þarfirnar eru jafn mismunandi eins og fólkið er margt, síðan er verð hér á höfuðborgarsvæðinu auðvitað mjög mismunandi eftir hverfum,“ segir Jón.

### Eldri eignir

Þegar farið er að skoða eignir segir Jón það auðséð þegar gengið er um hús hvort því hafi verið vel við haldið eða ekki. Flögnuð málning af steypu eða gluggum, sprungur í steypu, skellur í málningu, móða í glerjum og þess háttar séu vísbendingar um fyrirliggjandi viðhald og aukinn kostnað. Ef mikið viðhald er fyrirliggjandi ætti það að endurspeglast í verðinu. Ástand sameignar segir mikið um það hvernig umgengni um húsið hefur verið. Í sumum fjölbýlishúsum eru þó til peningar í framkvæmdasjóði sem fylgja eigninni. Ef húsið er klætt að utan er minna viðhald og endingartími flestra klæðninga oftast nokkrir áratugir og auðvelt að skipta út einingum ef þarf. Jón segir múrklæðningar líklegri til að þurfa viðhald, sérstaklega þar sem veðrun er meiri.

### Rafmagn

„Í flestum eldri húsum hefur rafmagn verið endurnýjað, enda skilningur á því að rafmagn geti valdið íkveikju ef það er í ólagi.“ Erfitt er að gefa upp nákvæman endingartíma rafmagns þar sem stöðugt betri efni komi á markað með lengri endingartíma. Jón bendir þó á að 40-50 ára gamlar raflagnir séu komnar á tíma og krefjist endurbóta. „Einnig er hægt að gefa sér það, að ef gömul rafmagnstafla er í húsinu með gömlum skrúfuðum öryggjum sé tími kominn á endurnýjun.“

### Skólp

Erfitt er að meta ástand skólplagna enda grafnar undir húsinu, en ef búið er að skipta um skólplagnir er það ótvíræður kostur. „Stundum eru skólplagnir myndaðar en myndirnar oft túlkaðar á mismunandi vegu og matskenndar eftir aðilum og því erfitt að fullyrða um niðurstöður. Ef eignin er orðin 50 ára eða eldri og ekki búið að endurnýja skólplagnir, eru þó miklar líkur á að endurnýjunar sé þörf.“ Síðan 1980 hafa verið notaðar plastlagnir sem endast betur en gömlu steypulagnirnar. Með batnandi undirvinnu hafa líkurnar á jarðvegssigi sem veldur því að lagnir fari í sundur minnkað.


Jón Sigurjónsson, yfirverkfræðingur hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

### Þak

Eftir því sem þak er brattara þeim mun betur losar það sig við vatn, og því flatari sem þau eru þeim mun meiri ástæða er til að skoða þau betur. „15 gráðu halli er gott viðmið á það að þak losi sig vel við vatn svo það liggi ekki á því og leki svo undir klæðningu, en bárujárn er ekki vatnsþétt nema í miklum halla. Það er heldur ekki hægt að sjá flötu þökin nema fara upp á þau og þannig sést verr hvort þau þurfa viðhald.“

### Timburhús

Traustur grunnur, þéttleiki og góð festa skipta miklu upp á að húsið haldi vindi og ruggi ekki. Það næðir um illa byggð timburhús sem getur valdið ýmsum óþægindum og aukið kyndingarkostnað. „Fólk þarf líka að vera á varðbergi gagnvart fúa og sveppamyndun en það finnst oftast á lyktinni. Besta leiðin er því bara að nota nefið og finnist skrítin lykt er betra að hafa varann á. Vandasamara er að greina milli góðrar og lélegrar smíði ef um timburhús er að ræða og gott er að taka með sér smið eða kunnáttumann og fá faglegt mat.

### Danir til fyrirmyndar

Jón bendir á að það skorti mikið á að fagmenn séu fengnir til að ástandsskoða eignir eins og tíðkast í Danmörku. „Nánast öll hús þar eru skoðuð af skoðunarmönnum sem er ákveðin trygging fyrir alla aðila. Við erum mjög aftarlega á merinni hvað þetta varðar og algengara að bílar séu ástandsskoðaðir heldur en hús sem er skrítið þar sem um mun stærri fjárfestingu er að ræða. Tryggingafélög ættu til dæmis að sjá sér hag í þessu.“ Jón bendir fólki á að vanda sig við kaupin og beita skynsemi og flýta sér ekki um of. Betra sé að taka upplýsta ákvörðun byggða á skynsemi fremur en tilfinningum.

vidir@365.is


Nonnahús er eitt elsta hús Akureyrar, byggt upp úr 1850.

## FRIÐUÐ HÚS Á ÍSLANDI

Á Íslandi eru 460 friðaðar fasteignir. Hús, húshlutar eða mannvirki sem hafa listrænt eða menningarsögulegt gildi eru friðuð af Húsafriðunarnefnd. Mikið af fallegum húsum um land allt hafa verið friðuð.

Tvær ástæður eru fyrir friðun húsa, annars vegar vegna aldurs og hins vegar hús sem ráðherra hefur friðað að fenginni tillögu frá Húsafriðunarnefnd. Öll hús sem reist voru fyrir 1850 eru friðuð og eins allar kirkjur sem byggðar voru fyrir 1918.

Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðaðri húseign án leyfis Húsafriðunarnefndar en ef það er gert án leyfis þá getur nefndin lagt fyrir eiganda að færa húsið í fyrra horf innan hæfilegs frests. Húsafriðunarsjóður veitir húseigendum friðaðra húsa styrki til viðhalds og endurbóta.


Þjóðleikhúsið var vígt árið 1950 og var friðað árið 2004. Bygging hússins hófst árið 1928.

Á Íslandi eru 460 friðaðar fasteignir eða hlutar af fasteignum og þar af eru 210 kirkjur. Margar þekktar byggingar hafa verið friðaðar í Reykjavík, meðal annars aðalbygging Menntaskólans í Reykjavík, Hegningarhúsið við Skólavörðustíg, Iðnó við Reykjavíkurtjörn, Þjóðleikhúsið og Alþingishúsið. Fleiri hús eru þó friðuð úti á landi. Þekktustu húsin eru Norska húsið í Stykkishólmi, Pakkhúsið í Ólafsvík, Bókhlaðan í Flatey, Árbæjarkirkja, Skriðuklaustur á Austurlandi og Nonnahús á Akureyri.

# Kröfur eru áskorun

Húsaskjól fasteignasala býður persónulega þjónustu og vönduð vinnubrögð. Ásdís Ósk Valsdóttir, eigandi Húsaskjóls, segir markmiðið að fara fram úr væntingum viðskiptavina.

„Við seljum ekki bara hús, við finnum þér nýtt heimili,“ segir Ásdís Ósk Valsdóttir, löggiltur fasteignasali og eigandi fasteignasölunnar Húsaskjóls.

Ásdís stofnaði Húsaskjól fyrir tveimur árum eftir að hafa unnið við sölu fasteigna í tæp tíu ár. Markmið stofunnar er ekki að bjóða stærstu eignaskrána, heldur að fara fram úr væntingum viðskiptavina sinna.

„Við viljum vera með færri viðskiptavini og sinna þeim vel og Húsaskjól er lítil og notaleg stofa. Við viljum byggja upp fyrirtæki þar sem fólki líður vel og kemur til að eiga góð samskipti,“ útskýrir Ásdís.

„Viðskiptavinurinn þarf eingöngu að skrifa undir söluumboð og við sjáum um afganginn. Við undirbúum hverja eign vel fyrir sölu, bjóðum upp á stílista, góða ljósmyndun og útbúum greinargóða lýsingu á eigninni. Það er mikilvægt að lýsa eign rétt svo hún nái til réttra kaupenda. Við sjáum síðan einnig um að sýna eignina og fylgja væntanlegum kaupendum eftir, höldum seljendum vel upplýstum allan tímann. Við hjálpum einnig seljendum okkar að finna eign ef þess þarf og förum jafnvel með þeim að skoða eignir. Við hjálpum þeim sömuleiðis að setja saman kauptilboð í samræmi við þeirra sölutilboð.


Ásdís Ósk Valsdóttir, fasteignasali hjá Húsaskjól.

Við þarfagreinum viðskiptavininn og bendum honum í framhaldinu eingöngu á eignir sem henta. Ef viðskiptavinurinn er að leita að einbýli bendum við honum ekki á blokkaríbúðir,“ útskýrir Ásdís og segir starfsfólk Húsaskjóls búa yfir þeirri reynslu sem þarf.

„Hér vinna fjórar konur. Samanlagt eigum við tólf börn svo við vitum nákvæmlega hvaða þarfir fjölskyldufólk hefur. En við höfum auðvitað allar verið barnlausar einhvern tímann og vitum því líka hverju ungt fólk er að leita að við sína fyrstu íbúð.“

Húsaskjól er á Facebook og þar má sjá umsagnir viðskiptavina. Þar má meðal annars lesa um ánægju fólks með hversu fljótt sala gekk fyrir sig. Ásdís segist þakka það góðum undirbúningi.

„Með því að einbeita okkur að hverri eign, finna hvaða sölupunkta hún hefur, getum við bent réttum kaupendum á hana.

Viðskiptavinir okkar ætlast til að fá framúrskarandi þjónustu alltaf og við skorumst ekki undan því. Okkur finnst það skemmtilegt. Við erum hér fyrir fólk sem gerir kröfur og leggjum mikla áherslu á vönduð vinnubrögð.“

# Einföld yfirhalning fyrir lítið

**Þegar búið er að fjárfesta í húsnæði eru oft ekki miklir peningar eftir til þess að „taka allt í gegn“. Þó er hægt að fríska svolítið upp á nýju íbúðina með litlum tilkostnaði þar til búið er að safna í sjóð fyrir**

Fyrsta skrefið áður en hafist er handa við yfirhalningu á nýju íbúðinni er að gera kostnaðaráætlun. Smávægilegar framkvæmdir geta auðveldlega undið hratt upp á sig og orðið of kostnaðarsamar en með góðu skipulagi má komast hjá því.

Þegar liggur fyrir hversu mikið framkvæmdirnar mega kosta skal gera lista yfir hvað þarf nauðsynlega að gera og hvað má bíða. Gott er að gera áætlun fyrir hvert herbergi og hafa í huga að eldhús og baðherbergi munu líklega kosta mest. Ráð er að tala við einhvern sem hefur nýlega tekið eitthvað í gegn og fá ráðleggingar til að átta sig á umfangi og kostnaði.

Ódýrasta og fljótlegasta leiðin til að fríska upp á alla íbúðina er að mála. Því skal hafa augun opin fyrir tilboðum á málningu í verslunum.

Ef eldhúsinnréttingin er heilleg má mála skáphurðir og skipta um höldur. Ekki þarf að kosta mikið að leggja flísar eða dúk milli skápa en eins má mála yfir gamlar flísar með þar til gerðri málningu. Lúnar borðplötur og bekki má til dæmis klæða með dúk, flísaleggja eða klæða með stáli eða gera tilaunir með önnur efni eins og flotmúr.

Það sama á við um baðherbergið. Málning og nýjar höldur gera mikið fyrir útlitið og það er meira að segja hægt að mála baðkarið. Þó skal leita ráðlegginga fagmanna því ákveðin efni þarf til þess og undirbúning. Ný klósettseta í skemmtilegum lit í stíl við baðmottu og sturtuhengi gefur baðherberginu einnig hressandi yfirbragð ef framkvæmdasjóðurinn hefur tæmst of hratt.



Hrörlegur skápur verður allur annar með nokkrum umferðum af hvítu lakki.



Fyrir handlaginn gæti verið sniðugt að fríska upp á gömlu skápana með nýjum hurðum. Þá gæti verið sniðugt að setja gler eða jafnvel net fyrir skápana.



Litrík baðmotta gerir mikið fyrir lúið baðherbergi ef framkvæmdasjóðurinn tæmist hratt. NORDICPHOTOS/GETTY



Ekki þarf að vera kostnaðarsamt að flísaleggja milli skápa. Þá er einnig hægt að mála lúnar flísar með þar til gerðri málningu.



Málning og nýjar höldur gera mikið fyrir gamla skápa og skúffur.



Ef til stendur að skipta um eldhúsinnréttingu eftir ákveðinn tíma gæti verið gaman að gera tilraunir með flotmúr á gamlar borðplötur í millitíðinni.



Margir hafa mikinn áhuga á öllu sem viðkemur fasteignum. Stundum jaðrar áhuginn við að vera fíkn. MYND/HARI

## ÞEGAR ÁHUGI VERÐUR FÍKN

**Mikill fjöldi** fólks skoðar fasteignasíður dagblaðanna og netsins á degi hverjum. Sumir hverjir grannskoða allar þessar síður daglega og hafa verulegan áhuga á öllu sem viðkemur fasteignum.

Vefsíðan Hooked on Houses (hookedonhouses.net) hefur sett niður nokkur atriði svo fólk geti áttað sig á hvort áhuginn á fasteignum hafi þróast yfir í sjúklegt ástand og sé orðinn að hálfgerði fíkn. Ef fólk svarar þremur eða fleiri af þessum spurningum játandi er það farið að þróa með sér „fasteignafíkn“.

- Ef það er „Til sölu“ skilti í garðinum hjá nágrannanum þá get ég sagt þér hvað er sett á húsið – og hvers virði það er.
- Ég er vön/vanur að athuga fasteignasöluauglýsingar á netinu þótt ég sé ekki að hugsa um að kaupa.
- Ég fer á „opin hús“ bara til gamans.
- Ég myndi stoppa og taka mynd af fallegu húsi ef ég hefði myndavél með mér.
- Þegar ég fer í heimsókn byrja ég strax að athuga hvaða breytingar hafa orðið síðan ég kom síðast.
- Ég verð leið/ur ef ég sé fallegt, gamalt hús sem lítur út fyrir að vera illa hirt og dreymir um að „bjarga“ því.
- Ég myndi fara í partí hjá nágrannanum bara til að geta skoðað húsið hans.
- Ég hef hugleitt að gerast fasteignasali.
- Þegar ég keyri í gegnum fallegt hverfi hægi ég á mér svo ég missi ekki af neinu.
- Ég er alltaf að breyta og endurhanna húsið mitt, það er aldrei alveg tilbúið.
- Ég hef horft á sumar kvikmyndir mörgum sinnum einungis vegna húsanna sem eru í þeim.
- Þegar ég fer í frí skoða ég fasteignaauglýsingarnar á því svæði til að athuga hvað kostar að búa þar.

# Áralöng reynsla og traust þjónusta

**Hjá fasteignasölunni Fjárfestingu er nóg að gera og hefur verið mikill uppgangur síðustu misseri. Þar er lögð höfuðáhersla á trausta þjónustu og vönduð vinnubrögð og kemur áralöng reynsla starfsmanna að góðum notum.**

Fasteignasalan Fjárfesting hefur verið að störfum síðastliðin 25 ár og er staðsett að Borgartúni 31. Hún er í eigu feðganna Hilmars Óskarssonar og Óskars Þórs Hilmarssonar. „Við seljum mikið af nýbyggingum fyrir BYGG (Byggingarfélag Gylfa og Gunnars) ásamt eldri eignum á höfuðborgarsvæðinu öllu. Það gengur mjög vel og er mikil hreyfing á eignum,“ segir Óskar Þór sem er löggiltur fasteignasali. Hann segir mikinn uppgang hafa verið í sölu fasteigna síðastliðið eitt og hálft ár.

„Vissulega var tíminn skömmu eftir hrun ansi erfiður en okkur hefur gengið vel. Við höfum mest verið með fjóra til fimm starfsmenn en nú eru þeir tveir fyrir utan okkur feðgana.“

Óskar Þór segir mikið lagt upp úr vönduðum vinnubrögðum og er allur skjalafrágangur upp á tíu. „Við leggjum mest upp úr trausti og vandaðri sölumennsku auk þess sem áralöng reynsla kemur sér vel. Spurður að því hvað hafi breyst síðustu misseri segir Óskar Þór mun meiri jákvæðni og bjartsýni ríkja í þjóðfélaginu. „Þá hefur fólk betri aðgang að lánsfé sem gerir almenningi kleift að festa kaup á íbúð. Það munar mestu um það og nú eru það ekki eingöngu þeir sem eiga mikla fjármuni sem geta keypt.“



Tuttugu og fimm ára reynsla skilar sér til viðskiptavina. MYND/GVA

Óskar segir hverfi sem liggi miðsvæðis sérstaklega vinsæl og nefnir miðbæ, Vesturbæ og Lund í Fossvogsdal sem dæmi. „Ég held að hærra bensínverð spili þar inn í. Fólk vill hafa stutt í allar áttir.“

bifreiðasalan



Toyota lc 120 35" 4-2006 Ek. 150þ. sjálfsk. Ný dekk, nýir diskar og klossar allan hringinn. Mjög fallegur bíll. Ath ýmis skipti, v-5390.



CHEVROLET SUBURBAN 2500 1998 EK. 235Þ.KM 6.5 DISEL 8MANNA LEÐUR,35" BREITTUR NÝSKOÐAÐUR GÓÐUR BÍLL V-1490.



ADRIA 613 KOJUHÚS ÁRG. 2005 VEL MEÐ FARIÐ OG VEL BÚIÐ STÓRT FORTJALD FYLGIR V-2990 SKOÐA SKIPTI.



FEATHERLIGHT HESTAKERRA ÁRG. 2006 MJÖG VÖNDUÐ KERRA SKOÐA SKIPTI D/Ó V 2990 LÁN 1900.



Trumatic C 4002/Miðstöð og vatnshitari ónotuð, kostar ný rúmlega 400þ., verð 250 þ. Góð gasmiðstöð og vatnshitari (12 lítra) sem hentar vel í ferðavagna, bíla, báta og sumarhús.



NISSAN PATROL 4-2006 35" EK. 90 Þ. SVART LEÐUR V-3990 SKOÐA ÖLL SKIPTI RAÐNÚMER.192426.

**Bifreiðasalan**
**Stórhöfði 15, 110 Rvk**
**Sími: 577 4400**
**www.bifreidasalan.is**




BÍLAHÖLLIN H/F BÍLASALA BÍLDSHÖFÐA 5
www.bilaholin.is



Toyota Land Cruiser 120 GX Diesel Turbo, 06/2008 Ekinn 96þús. Ssk, Dráttarkrókur, 8manna, Ný kominn úr 90þús km skoðun. Ásett Verð 6.390.000.- Ath skipti á ódýrari.



Suzuki Grand Vitara Limited Diesel, 06/2009 Ekinn 55þús. Bsk, Álf, Leður, Glertopplúga ofl . Ásett Verð 3.690.000.- Ath skipti á ódýrari



Suzuki Grand Vitara 2.0 Sport, 06/2009 Ekinn 52þús. Ssk, Álfelgur ofl. Ásett Verð 3.290.000.- Ath skipti á ódýrari.



Mitsubishi Lancer Evolution, 01/2008 Ekinn 36þús. Bsk 6gíra, 281hp, Umboðsbíll. Ásett Verð 3.780.000.-



Toyota Corolla H/B Sol 1.6 VVTI, 01/2004 Ekinn 84þús. Ssk, Vindskeið. Ásett Verð 1.290.000.-



Mercedes Benz CLS 350, 02/2005 Ekinn 73þús. Ssk, Leður, Sóllúga, 19" álfelgur. Gullfallegur bíll. Ásett Verð 5.290.000.-



VORTEX Heithúðun á allar gerðir pallbíla og fleira. Upplýsingar hjá Bílaryðvörn í síma : 587-1390.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**Mikið úrval bíla með möguleika á allt að 90% láni.**
**www.bilaholin.is**

## Bílar til sölu



Renault Clio 2003, 1,2. 16V. Ek. 168 þ. Sk. '13. Ný tímareim. V. 450 þ. S. 699-0051.



Tilboð 350 þ. passat '98. Nýjar rúður og rafgeymir, nýleg tímareim og vatnsdæla. S. 895-9538.



Til sölu Subaru Impreza árg.'98 verð 300þús. Uppl. í s. 898 1649.

**SPARAÐU BENSÍN!**
**Metan uppfærðu bílinn þinn**
**VélRás**
**Velras.is • Sími: 555 6670**
**Álhella 4**

Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu. Leitið tilboða í búnað og ísetningu - sparið með MetanLán til allt að 48 mánaða. velras.is



Sænska stálið til sölu - Volvo XC90 2005 Ek. 150þús. Verð 2.8 m áhv. 1.4 S. 8970714.



RENAULT CLIO ÁRG 2002, 4. DYRA, SJÁLFSK., EK. 119 Þ.KM., NÝSKOÐAÐUR,ENDURN. TÍMAREIM., SMURBÓK, VIÐHALDSNÓTUR. VERÐ 430 Þ. S. 895 8956.



OPEL ASTRA GL 1200. Árg. 2002. ekinn 134þ.km. Verð 350þ. s: 862 8448.



Suzuki Jimmy 4x4 JLX árg. 2001 ekinn 110. Sjálfskiptur. Ný skoðaður Góður bíll. Verð 790þ. Tilboð 580þ.S: 898-2811.




50% ódýrara eldsneyti og 80% lægri bifreiðagjöld með metan breytingu. Engin útborgun. Breytingin greiðist að fullu með sparnaði og þú færð hundruð þúsunda beint í vasann! Reiknaðu út þinn bíl á www.islandus.is. Bjóðum einnig ódýrari nýja og notaða bíla frá helstu bílaframleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. Islandus.is - S.5522000.



MMC PAJERO. V-6 3,5 árg.'95 7 manna, sjálfsk. topplúga, ný skoðaður, ný dekk+ný vetrard. Ek. 214 þús. góður bíll. Verð 420 þús. eða 360 þús. stgr. Uppl. 898-9307.



Mazda 3 árgerð 2005 RZ123, ekinn 27 þús. km nýskoðaður. Verð 1.300,000,- Sími 892-8655.

Honda Civic árg. '97 VW Jetta árg. '96 Skoda Oktavia árg. '99 Ford focus árg.'04, allt góðir bílar, nýskoðaðir á góðu verði.

Uppl. s. 567 0840, 699 3737 og 696 0738.

Volvo S60, árg. '04, ek. 116 þ. km. dökkgrár. Tilboðsverð. 1.790 þ. Í góðu ástandi. S. 662 1663 eða 772 0133.

## 0-250 þús.



**Ódýr Eyðlsugrannur Snattari 180 þús!**

HYUNDAI ACCENT 1,3 árg'98 ek.162 þús,3ja dyra, beinskiptur,skoðaður 2013, nýleg tímareim eyðir litlu 6,3 l/100 km kostar 6 þús að fylla hann,búið að bletta í hann en annars góður bíll verð aðeins 180 þús s.841 8955

## Bílar óskast

Óska eftir bíl á bilinu 30-300þ. Ekki eldri en '00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

**Bíll óskast á 25-250þús.**

Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

## Jeppar



**Tilboð Tilboð**

MITSUBISHI PAJERO TURBO Diesel LANGUR 33"breyttur árg. 2001 ekinn 199þ. Leður topplúga 7 manna. Ný skoðaður. Verð 1480þ. Tilboð 990Þ. S: 898-2811.

## Sendibílar




Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.




Ódýr sendibílaþjónusta www.keyrsla.is S:820-3880 Heimsendingar frá 2900kr

## Húsbílar



FORD blue camp er 2006 árgerð er með aukahluti sem eru sólarsella, sjónvarp, hjólagrind, sjónvarpsloftnet. Ásett verð er 5.900.000.




Gaskúta álbox fyrir húsbíla. WWW. Álbox.is KE Málmsmíði Axarhöfða 18. Sími 696 3522 og 587 0626.

**Húsbílar og ferðavagnar.**
**Alhliða þjónusta.**
**Gerið klárt fyrir sumarið.**
**VÉLRÁS .IS**
**SÍMI 555 6670**



Ford 350 Coachman bensín árg.'97 innfl.'06 í góðu ástandi með öllu, ek. 64.þ.mílur, verð 4,9 m. Uppl. í S. 660 4410

## Mótorhjól



**Tilboð Tilboð**

KAWASAKI NINJA ZX-600R árg. 2007 ekið 3000km. Sem nýtt. Einn eigandi. Verð 950.000.S: 898-2811.



Suzuki V-Strom 1000 (2002) Mjög flott eintak, ekið 32Þ. km. Verð 950Þ. Uppl. í s. 697 6867. Er í Rvk.

## Hjólhýsi



Hjólhýsi Adria Altea 361 Skráð 2009 árg. 2007, WC og Truman miðstöð 12 og 220 V. Hús í toppstandi og lítið notað Verð 1.700.000 kr. uppl. í síma 864 5363.



Burðardekk (Varadekk) á felgum fyrir Hobby hjólhýsi. Verð. 29.000 kr. S. 866-1683.



HOBBY 650 KFU PRESTIGE árg. 2008. Kojuhús. Markísa með hliðum og fronti - Sólarsella - Stór rafgeymir - Boiler fyrir gas og rafmagn - Miðstöð með Ultraheat. Eitt með öllu. S: 898-2811.

## Pallhýsi



Starcraft Mountain Pine Camper árg. 2006 lítið notað. Wc stór hurð. verð 1280þ. Tilboð 990þ. S: 898-2811.

## Tjaldvagnar



Til sölu Combi Camp árg.'83. Fortjald, tjaldbotn, segl. V 150 þ. Uppl. 892 4305.

## Lyftarar




**Körfubílaleigan.**

Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. S. 893 3573.

## Bátar

SAFIR

SAFIR SKIPASALA. MIKIL SALA - HAFÐU SAMBAND - www.safir.is - s: 580 8700.

## Bílaþjónusta




Við útvegum þér úrvals bón- og hreinsiefni og góð ráð - og bíllinn þinn verður í toppstandi! www. malningarvorur.is

**NÝTT Á ÍSLANDI**

Bón og alþrif við heimahús. Nú getur þú látið stjana við bílinn þinn án frekari fyrirhafna. Við mætum þar sem bíllinn þinn er. Íslensk hönnun á bílaþvottakerfi. Uppl. S: 778-0100

## Varahlutir

**Bílapartasalan**
**Bílhlutir**
Kaplahrauni 14 • 220 Hafnarfjörður
Sími: 555 4940 • www.bilhlutir.is
Sérhæfum okkur í VW - SKODA varahlutum
Kaupum nýlega bíla til niðurrifs

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97-'99, Primera '98, Terrano '98, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230E '97. Volvo 460 '93, Ford Mondeo ár '00. Transporter '99, Audi A4 '94, Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**Varahlutavaktin**
**Sími 555 6666**

Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

**VW - Skoda - Varahlutir**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

## Óskast keypt

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL**

**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Fundir / Mannfagnaður

# Aðalfundur

Aðalfundur Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra verður haldinn í húsnæði félagsins að **Háaleitisbraut 13, miðvikudaginn 30. maí kl. 17,00.**

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf í samræmi við 4. gr. í skipulagsskrá Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.

Stjórnin



GIGTARFÉLAG ÍSLANDS
www.gigt.is

**Aðalfundur Gigtarfélagsins**

Aðalfundur Gigtarfélags Íslands verður haldinn í kvöld miðvikudaginn 23. maí, kl. 19:30 í húsakynnum félagsins að Ármúla 5 á 2. hæð.

Auk venjulegra aðalfundarstarfa mun Gunnar Tómasson gigtarlæknir halda erindi um "Áhrif sjúklinga á virknimat gigtsjúkdóma".

Allir eru velkomnir.

**Gigtarfélag Íslands**

## Atvinna

# Næturvarsla í Konukoti

**Starfskona óskast við næturvörslu í Konukoti, athvarfi fyrir heimililslausar konur (sjá. nánar á www. Konukot.is)**

**60-80% starfshlutfall**
Starfsmaður ber ábyrgð á móttöku og þjónustu við notendur athvarfsins auk almennrar umsjónar.

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Almenn menntun
- Reynsla og áhugi á að starfa með fólki sem á við neyslu og/eða geðræn vandamál að stríða
- Lausnarmiðuð hugsun og vinnulag
- Þolinmæði og umburðarlyndi
- Góðir samskipta og samstarfshæfileikar
- Æskilegt er að umsækjandi sé á aldrinum 30-45 ára

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum Eflingar.

**Umsóknarfrestur er til 30. maí 2012.**

**Umsóknir sendist til:**
Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands
b.t. Kristin H. Guðmundsdóttir
Laugavegi 120, 4. hæð, 104 Reykjavík
eða netfang kristinhelga@redcross.is

Rauði kross Íslands
raudikrossinn.is

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga. Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD OG HEILSA**
FÓTAAÐGERÐIR + SOGÆÐANUDD upp fyrir hné. Vönduð vinna, líkþorn fjarlægð, sveppagreining og hreinsun. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is Hundaræktun með starfsleyfi. S. 566 8417 Tökum visa/euro**

**Tilboð**
**3 fyrir 2**
**af kanínumat**

4kg poki kostar 1.327,- á þessu tilboði. Jón bóndi, Réttarhálsi 2, 110 Rvk, www.jonbondi.is Opið mán-fös 10-18.



Allt fyrir hænur. Jón bóndi, Réttarhálsi 2, S:571-3300, www.jonbondi.is, opið 10-18 mán-fös



Hestavörur í úrvali. Jón bóndi, Réttarhálsi 2, S:571-3300, www.jonbondi.is, opið 10-18 mán-fös

## Fasteignir

**LÉTTKAUP**
**2ja herb. íbúð í Kóp.**

**Rúmgóð 67 fm útsýnisíbúð á 4. og efstu hæð í Trönuhjalla. Suðursvalir. Verð 18,3 millj. Áhv. lán Ísl.banki 16,8 millj., 4,15% vextir, mán. afb. ca 68.000.- Afhending eftir 15. júlí.**

**Uppl. gefa Lögmenn Borgartúni 33, S. 663 4929**

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Dalsbyggð 7 – Garðabæ**

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17-18**




Fallegt, vel skipulagt og vel staðsett 217,7 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum tvöföldum bílskúr. Bjartar og rúmgóðar stofur með útgangi á svalir til suðurs. Eldhús með eikarinnréttingum. Fjögur herbergi. Húsið var málað að utan árið 2011 og skipt þá um þakkant. Hiti í innkeyrslu, sem er hellulögð. Stutt í barnaskóla og framhaldsskóla. **Húsið stendur á mjög góðum stað við opið svæði á 1.034 fm. lóð. Verð 67,0 millj.** **Eignin verður til sýnis í dag. Verið velkomin.**

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

90 fm 3ja herb. íbúð í kjallara (ósamþykkt). Nýmáluð, parketlögð. Reyklaus, ekki dýrahald. V. kr. 90.OOO. oo pr. mán með rafmagni og hita. Uppl. í s. 565 4578 eða 848 4619.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Sumarbústaðir

**Framleiðum sumarhús**
Erum með sýningarhús í Reykjavík. Yfir 20 ára reynsla og góð verð. Uppl. á sumarhus.com og í síma 615 2500.

## Atvinnuhúsnæði

100 fm með gryfju og 50 fm til leigu í vesturbæ Kópavogs. Stórar innaskturdyr, mikil lofthæð. Uppl s. 892 4683 eða a1124@simnet.is

## Geymsluhúsnæði

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

## Gisting

**ÍBÚÐ Í KÖBEN.is**
12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU ALLT ÁRIÐ UM KRING
Verð frá 1050 dkr/nóttin f. 3ja herb.íb. Nánari uppl. í síma 891 8612 | +45 271 11038
apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Fiskvinnsla í Hafnarfirði**
**Vanur handflakari óskast - góð laun í boði fyrir réttan aðila Upplýsingar veitir Róbert í síma 865-6487**

**Handfilleting Fishprocessing in Hafnarfjörður**
**Experienced handfilleter required. Must be reliable with desire to produce good quality products. Good salaries for the right person. Róbert 865-6487**

Vanur bónari óskast , duglegur og áreiðanlegur starfsmaður á bónstöð, Þarf að getað unnið sjálfstætt. Upplýsingar á staðnum milli kl 15.00 til 18.000 Bílabón.is, Bílabankinn ehf Eirhöfða 11 .

**Thai kokkur**
Vantar strax Thai kokk eða aðila sem getur eldað á veitingastaðnum YummiYummi. Uppl.896 3536.

**Málari**
óska eftir málara eða einhverjum vönum málningarvinnu. Umsókn sendist á: stroka@simnet.is með upplýsingum um menntun og fyrri störf.

Starfsmaður óskast á nýtt og spennandi kaffihús í miðborg Reykjavíkur til að sjá um kökubakstur og súpugerð. Umsóknir sendist á: vorkoma@gmail.com

**Múrari**
Óska eftir múrara í vinnu sem getur unnið við ýmis störf í viðgerðarvinnu. Uppl. í síma 893 9722 Kristján.

Óskum eftir fólki í úthringistarf á kvöldin, föst laun og bónusar. Uppl í síma 897 0948 eða 825 0006, samuel@tmi.is og steini@tmi.is

Sendibíll með vinnu, til sölu. Ford Transit 350L árg. 07. Með gjaldmæli og talstöð. Útkeyrsla hjá Gæðabakstri mán. til laug. 5-6 t. á dag. V. 2. Milj. S. 897 2323

Bílaleiga óskar eftir að ráða röskann og vandvirkan starfskraft í bílaþrif, 50/70 % starf í upph, leitum eftir framt. starfsm. Uppl. s.694 5210.

# TILKYNNINGAR

## Fundir

**Aðalfundur Félags ísl. félagsliða**
**verður haldinn í BSRB húsinu Grettisgötu 89 fimmtud. 24. maí n.k. kl. 19. Mætum öll! Stjórnin**

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlsögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP
MEIRA SKÚBB
vísir - oft á dag



**HÚS ATVINNULÍFSINS** Í Borgartúni 35 fer fram umfangsmikil starfsemi fyrir atvinnulífið í svokölluðu Húsi atvinnulífsins. Þar eru SA, SI og LÍÚ meðal annarra til húsa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVAI

# Mikil starfsemi hjá málsvörum atvinnulífs

**Velta þeirra hagsmunasamtaka sem starfa fyrir íslenskt atvinnulíf er á annan milljarð á ári. Samtök atvinnulífsins og aðildarfélög þeirra fá samanlagt nærri milljarð í árgjöld frá aðildarfyrirtækjum. Rætt hefur verið um að ná fram hagræði með nánara samstarfi.**

FRÉTTASKÝRING
Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is

Velta hagsmunasamtaka sem starfa fyrir íslenskt atvinnulíf er á annan milljarð króna á ári. Megnið af tekjum þeirra kemur frá aðildarfyrirtækjum og er rekstrarniðurstaða flestra í kringum núllið. Samtök atvinnulífsins (SA) og aðildarfélög þeirra fá samanlagt hátt í milljarð í árgjöld frá aðildarfyrirtækjunum.

Fréttablaðið greindi frá því 10. maí að þreifingar hefðu átt sér stað á milli hagsmunasamtaka í atvinnulífinu um að taka upp nánara samstarf en tíðkast hefur með það fyrir augum að ná fram hagræði. Ein hugmynd er að mynduð verði sameiginleg hagdeild en flest samtökin hafa hagfræðinga á sínum snærum. Í fréttinni var haft eftir Vilmundi Jósefssyni, formanni SA, að viðræðurnar væru enn á óformlegu stigi en haft hefði verið samband við öll félög sem sinna málefnum atvinnurekenda. Þá sagði hann lykilatriði að nánara samstarf mætti ekki vera dýrara en núverandi rekstur.

SA eru stærstu hagsmunsamtök atvinnurekenda á Íslandi en aðildarfyrirtæki þeirra eru um 2.000 talsins og innan hverra um 50 prósent launamanna á almennum vinnumarkaði starfa. Samtökin hafa það meginmarkmið að skapa íslenskum fyrirtækjum hagstæð skilyrði og þá kappkosta þau að veita félögum þjónustu og vera málsvari atvinnulífsins í landinu.

Sjö félög eiga aðild að SA en þau starfa á grundvelli sérstakra atvinnugreina og hafa frumkvæði í málefnum fyrirtækja á sínu sviði. Félögin sjö eru Samtök iðnaðarins (SI), Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ), Landssamband íslenskra útvegsmanna (LÍÚ), Samtök fjármálafyrirtækja (SFF), Samtök ferðaþjónustunnar (SAF), Samtök fiskvinnslustöðva (SF) og Samorka, samtök orku- og veitufyrirtækja.

Lunginn úr tekjum SA og aðildarfélaga þess kemur frá þeim fyrirtækjum sem eru félagar í samtökunum og aðildarfélögunum. Sem dæmi má nefna að aðildarfyrirtæki í SA greiða allt að 0,19% af heildarlaunagreiðslum til samtakanna en þó þannig að gjaldið verði aldrei hærra en sem nemur 0,067% af rekstrartekjum. Auk þess greiða fyrirtæki í ákveðnum greinum félagsgjald til aðildarfélaga innan SA. Til dæmis greiða fyrirtæki sem eiga aðild að SI allt að 0,15% af veltu til SI.

Auk kjarnastarfsemi hagsmunasamtakanna taka þau ýmis verkefni að sér fyrir aðildarfyrirtækin sem þau greiða þá sérstaklega fyrir. Því eru í flestum tilfellum nær allar tekjur samtakanna frá aðildarfyrirtækjum þó rekstrargjöld séu nokkru hærri en sem nemur félagsgjöldum þeirra. Þá eru samtökin flest rekin mjög nærri núllinu.

Sé ársskýrsla SA skoðuð kemur í ljós að á árinu 2011 námu árgjöld aðildarfyrirtækjanna rétt tæpum 327 milljónum króna og standa þau undir stærstum hluta rekstrar SA. Tæpur þriðjungur árgjaldanna kemur frá fyrirtækjum sem eiga aðild að SI, um fimmtungur frá bæði fyrirtækjum í SVÞ og LÍÚ, einn tíundi hluti frá bæði fyrirtækjum í ferðaþjónustu og fjármálaþjónustu og sá tíundi hluti sem upp á vantar frá aðildarfyrirtækjum í SF og Samorku.

Stærsta aðildarfélag SA er SI sem eru svo aftur regnhlífarsamtök 25 annarra aðildarfélaga. Árgjöld fyrirtækja í SI voru hátt í 200 milljónir króna árið 2011 en heildartekjur þess nokkru hærri samkvæmt upplýsingum frá SI.

Næst stærsta aðildarfélagið er LÍÚ sem hafði heildartekjur upp á 188,6 milljónir á árinu 2010 og heildargjöld upp á 190 milljónir. Þá voru heildartekjur Samtaka fjármálafyrirtækja 108 milljónir á síðasta ári en önnur aðildarfélög SA höfðu úr minna að moða.

Utan við SA starfa tvö stór hagsmunafélög fyrir atvinnulífið; Viðskiptaráð Íslands og Félag atvinnurekenda. Viðskiptaráð eru frjáls samtök félaga, fyrirtækja og einstaklinga í atvinnulífinu. Það skilgreinir sjálft sig sem vettvang atvinnulífsins til þess að vinna að hvers konar framförum að bættu starfsumhverfi og velmegun. Félag atvinnurekenda er aftur á móti hagsmunasamtök fyrirtækja í inn- og útflutningi, heildsölu og smásölu.

Aðildargjöld fyrirtækja sem eru félagar í Viðskiptaráði voru alls rétt tæpar 67 milljónir króna á árinu 2011 samkvæmt ársskýrslu og aðildargjöld fyrirtækja í Félagi atvinnurekenda alls 55 milljónir samkvæmt upplýsingum frá félaginu.

Fleiri minni hagsmunasamtök starfa fyrir ákveðna geira atvinnulífsins og má í því samhengi nefna Bílgreinasambandið og Kaupmannasamtök Íslands.

Loks má hafa í huga að þegar allt er tekið saman standa umrædd samtök að baki fyrirtækjum hverra velta er samanlagt hundruðir milljarða á ári hverju.

### TEKJUR OG GJÖLD HAGSMUNASAMTAKA ATVINNULÍFSINS

| Samtök | Ár | Árgjöld aðildarfélaga | Rekstrargjöld | Fjöldi fyrirtækja í samtökun |
|---|---|---|---|---|
| SA | 2011 | 327,0 milljónir | 423,3 milljónir*** | Um 2.000 |
| SI | 2011 | 196,3 milljónir | -**** | 1.100 |
| LÍÚ | 2010 | 188,6 milljónir | 190,6 milljónir** | 190 |
| SVÞ | 2011 | 78,4 milljónir* | 72,2 milljónir | 340 |
| SAF | 2010 | 41,0 milljón | 47,5 milljónir | 350 |
| SFF | 2011 | 108,0 milljónir* | 120,0 milljónir** | 50 |
| SF | 2010 | 31,1 milljón* | 33,7 milljónir | 130 |
| Samorka | 2011 | 66,0 milljónir | 101,8 milljónir | 36 |
| Viðskiptaráð | 2011 | 67,0 milljónir | 125,0 milljónir | Um 270 |
| Félag atvinnurekenda | 2011 | 55,0 milljónir | 77,0 milljónir | Um 150 |

*Heildartekjur viðkomandi samtaka á umræddu ári í stað einungis árgjalda aðildarfélaga
** Heildargjöld viðkomandi samtaka á umræddu ári í stað einungis rekstrargjalda
*** Inni í þessari tölu er að finna 60 milljóna króna stakt framlag til háskóla
**** SI voru ekki reiðubúin að gefa upp rekstrargjöld sín á árinu 2011 en þó fengust þær upplýsingar að hagnaður hefði verið af rekstri samtakanna.

Fjárhagsleg endurskipulagning Fasteignar:

## Reykjanesbær búinn að veita samþykki

Bæjarráð Reykjanesbæjar samþykkti fjárhagslega endurskipulagingu Eignarhaldsfélagsins Fasteignar (EFF) á fundi sínum í síðustu viku. Sveitarfélagið verður langstærsti einstaki hluthafi félagsins eftir hana með 56,04 prósenta hlut.

Samkvæmt endurskipulagningunni, sem greint hefur verið frá í Fréttablaðinu, verða eignir seldar út úr EFF, leyst verður úr leigumálum Háskólans í Reykjavík (HR) og málefnum tengdum Álftanesi, nýir skilmálar verða settir inn í lánasamninga, leigusamningar lækkaðir mikið og rekstur lágmarkaður. Þá verður allt hlutafé í félaginu afskrifað og þeir aðilar sem verða leigutakar þess munu hækka það aftur. Það verða sveitarfélög sem settu eignir inn í EFF og Arion banki. Kröfuhafar EFF munu þurfa að afskrifa milljarða króna vegna þessa. - þsj



**HALDA HLUT** Bræðurnir Lýður og Ágúst munu eignast fjórðung í félaginu sem þeir stofnuðu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hluthafafundur í Bakkavör Group í dag:

## Kröfuhafar taka yfir og bræður halda hlut

Kynning á fyrirhugaðri breytingu á skipan Bakkavarar Group verður lögð fyrir á aðalfundi félagsins sem hefst klukkan 10.30 í dag. Í þeirri breytingu felst meðal annars að stjórn félagsins verður heimilað að semja um að flýta breytingu á breytanlegu láni þess í nýtt hlutafé.

Við það munu íslenskir kröfuhafar Bakkavarar Group eignast félagið að mestu. Stærstir þeirra eru Arion banki, skilanefnd Glitnis, LSR, Lífeyrissjóður verzlunarmanna og Gildi lífeyrissjóður. Samhliða mun verða tekin ákvörðun um hvort bræðurnir Ágúst og Lýður Guðmundssynir, stofnendur Bakkavarar, fái að kaupa 25 prósenta hlut í félaginu í gegnum hlutafjáraukningu. Samkvæmt heimildum Markaðarins er verðmiðinn á þeim hlut rúmlega 15 milljónir punda, um þrír milljarðar króna.

Gangi þessi áform eftir munu bræðurnir missa meirihluta stjórnarsæta í Bakkavör Group til kröfuhafanna. Auk þess þurfa þeir að skila eignarhlut í Bakkavör Group sem þeir færðu út úr Existu, sem nú heitir Klakki, árið 2009 þegar þeir stýrðu enn því félagi. Sá gjörningur hefur verið til rannsóknar hjá embætti sérstaks saksóknara. -þsj

Örfjárfestingaverkefnið Startup Reykjavík vinsælt:

## 179 umsóknir til að komast í tíu teymi

Alls bárust 179 umsóknir frá yfir 400 einstaklingum um þátttöku í Startup Reykjavík, örfjárfestingaverkefni Arion banka. Í næstu viku verður tilkynnt um hvaða tíu viðskiptateymi frumkvöðla munu verða valin til þátttöku í verkefninu. Þau munu síðan fá tækifæri til að vinna að sinni viðskiptahugmynd frá 11. júní og fram til 17. ágúst.



**ARION BANKI** Startup var kynnt í apríl og umsóknarfrestur fyrir þátttöku var til 7. maí. Tilkynnt verður hverjir verða valdir í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Arion banki mun leggja hverju þeirra til allt að tvær milljónir króna í hlutafé gegn því að bankinn fái sex prósenta hlut í fyrirtæki frumkvöðlanna. Bankinn mun auk þess sjá teymunum fyrir aðstöðu, ráðgjöf frá sérfræðingum úr atvinnulífinu, aðgangi að alþjóðlegu tengslaneti og tækifæri til að kynna sig og verkefni sín fyrir fjárfestum á lokadegi verkefnisins. Arion banki hefur þegar skuldbundið sig til að bjóða upp á Startup Reykjavík, sem er sett á fót í samvinnu við Innovit og Klak, oftar en einu sinni. - þsj

# Vöxtur sjávarútvegsins á nýjum stöðum

**Töluverð tækifæri liggja í því að nýta betur fisk sem veiddur er íslenskri lögsögu, að því er athugun Íslenska sjávarklasans hefur leitt í ljós. Það eru ekki síst tækifæri í heilbrigðisgeiranum þar sem vaxtamöguleikarnir eru en ýmislegt sem unnið er úr fiski nýtist í framleiðslu vörutegunda sem tilheyra heilbrigðisgeiranum, svo sem andlitskrem og plástra.**

SJÁVARÚTVEGUR
Magnús Halldórsson
magnush@365.is

## HVERNIG FÁUM VIÐ MEIRI VERÐMÆTI ÚT ÚR HVERJUM ÞORSKI?




### VÖXTUR SJÁVARÚTVEGS Á NÝJUM STÖÐUM

Töluverð tækifæri liggja í því að nýta betur fisk sem veiddur er í íslenskri lögsögu, að því er athugun Íslenska sjávarklasans hefur leitt í ljós. Það eru ekki síst tækifæri í heilbrigðisgeiranum þar sem vaxtamöguleikarnir eru en ýmislegt sem unnið er úr fiski nýtist í framleiðslu vörutegunda sem tilheyra heilbrigðisgeiranum, svo sem andlitskrem og plástra.

### AUKIN VERÐMÆTI

Samkvæmt athugun sjávarklasans er eftir töluverðu að slægjast fyrir íslenskt þjóðarbú ef það tekst að nýta betur aflann sem veiddur er við Íslandsstrendur. Sé helsta fisktegundin sem seld er inn á erlenda markaði, þ.e. þorskurinn, skoðuð sérstaklega liggja þar mikil tækifæri fyrir íslenskan efnahag í heild sinni en tæplega 40 prósent af útflutningstekjum þjóðarbúsins koma úr sjávarútvegi.

Margt bendir þó til þess að betur megi nýta tækifærin, að því er athugun sjávarklasans hefur leitt í ljós. Grunnurinn að nýtingu tækifæranna liggur öðru fremur í því að styðja við nýsköpun og rannsóknir þegar kemur að öllum þáttum sjávarútvegsins, og einnig að bæta meðhöndlun aflans og þar með möguleika á því að fá meira fyrir hvert kíló af þorski. Sjávarútvegur hér á landi er lengra kominn en útvegurinn víðast hvar annars staðar þegar kemur að fullvinnslu þorsks en algengt er að flökin séu það eina sem nýtist. Þá hefur nýtingin einnig batnað hér á landi vegna meiri krafna sem gerðar eru við vinnslu, en tæknifyrirtæki sem þjónusta sjávarútveg, þar á meðal Marel og 3X Technology, hafa ekki síst haft mikið um þá þróun að segja. Bætt skurðtækni hefur skilað sér í 15 prósent betri nýtingu í samanburði við stöðuna eins og hún var fyrir 20 árum, samkvæmt athugun sjávarklasans. Betri kælitækni hefur einnig skilað sér í betri meðferð fisksins, sem síðan skilar meiri peningum í kassann.

### MIKIL GERJUN

Markaðurinn kannaði gróflega sjálfur, með aðstoð sjávarklasans, hvernig landið liggur þegar kemur að nýsköpun í sjávarútvegnum. Lýsi er líklega einna þekktast af þeim fyrirtækjum sem eru að vinna heilsubótarvörur úr lifraolíu, sem unnin er úr lifur. Miðað við 6 kílóa þorsk þá gefur hann um 300 grömm af lifur. Markaðsvirði lýsis og mjöls úr 6 kílóa þorski er um 70 krónur en með fullvinnslu gæti brúttóverðmæti vörunnar allt að tvöfaldast og lifur því gefið 140 krónur. Á markað eru nú þegar komnar lyfseðilsskyldar vörur þar sem mun meira fæst fyrir vöruna heldur en lýsið. Þá er lifur einnig unnin í niðursuðuvörur ýmiss konar og má þar nefna fyrirtæki eins og Akraborg og NC93 í Grindavík. Töluverð tækifæri gætu því legið í því rannsaka möguleikana sem liggja í þessari framleiðslu betur og mætti hæglega auka nýtingu á lifur, svo dæmi sé tekið.

### ROÐIÐ GEFUR AF SÉR

Á undanförnum árum hefur vinnsla úr fiskroði vaxið nokkuð hröðum skrefum. Athugun sjávarklasans hefur leitt það í ljós að um 50 störf eru nú við fiskroðsvinnslu hér á landi, þar af eru mörg störfin sem krefjast sérfræðimenntunar. Dæmi um þetta er fyrirtækið Kerecis á Ísafirði sem framleiðir lækningavörur, plástra, úr roði. Úr 6 kílóa þorski getur Kerecis framleitt um 8 einingar af heilsuvörum sem má ætla að séu að brúttóverðmæti til útflutnings um 6 til 8 þúsund krónur. Erlendir samkeppnisaðilar Kerecis eru að selja plástra sem eru 3x7 sentimetrar á allt að 20 þúsund krónur. Þá hefur Sjávarleður á Sauðárkróki einnig náð töluverðum árangri þegar kemur að því nýta fiskroðið í tískuvörur ýmiss konar en útflutningsverðmæti roðs af einum þorski er um 700 til 800 krónur.

> **Grunnurinn að nýtingu tækifæranna liggur öðru fremur í því að styðja við nýsköpun og rannsóknir þegar kemur að öllum þáttum sjávarútvegsins, og einnig að bæta meðhöndlun aflans.**

### HÁTT VERÐ

Þó þessar vörur sem hér eru upptaldar séu aðeins dæmi um fjölbreytta nýtingu þorsks þá bendir margt til þess að í betri nýtingu felist mikil viðskiptatækifæri. Þannig fást um 1.800 krónur á markaði fyrir 6 kílóa þorsk, sem er allt að tvö til þrjú hundruð krónum meira en sjávarútvegsfyrirtæki í nágrannalöndum okkar fá, samkvæmt athugun sjávarklasans. Með fullvinnslu, og skipulögðum verkferlum í vinnslunni í þá veru, þá er raunhæft að fá allt að 3.000 krónur fyrir 6 kílóa þorsk, sem þýðir um 30 milljarða í auknu verðmæti á ársgrundvelli.

## MIKIL VERÐMÆTAAUKNING

Aflaverðmæti íslenskra skipa nam 30,1 milljarði króna á fyrstu tveimur mánuðum ársins 2012 samanborið við 23,5 milljarða á sama tímabili 2011. Aflaverðmæti hefur því aukist um 6,6 milljarða eða 28,1% á milli ára, samkvæmt tölum sem Hagstofa Íslands birti í gær.
Aflaverðmæti botnfisks var 17 milljarðar og jókst um 28,5% frá sama tíma í fyrra þegar aflaverðmætið nam 13,2 milljörðum. Verðmæti þorskafla var um 9,8 milljarðar og jókst um 26% frá fyrra ári. Aflaverðmæti ýsu nam 2,8 milljörðum og jókst um 48,4% en verðmæti karfaaflans nam 2,5 milljörðum, sem er 44% aukning frá fyrstu tveimur mánuðum ársins 2011. Verðmæti ufsaaflans jókst um 47,8% milli ára og nam 1 milljarði króna í janúar til febrúar 2012.

*Ábyrgð stjórnenda og endurskoðenda á ársreikningum fyrirtækja*

Morgunverðarfundur föstudaginn 1. júní. Fundurinn hefst kl. 8:30 og er haldinn í húsakynnum PwC í Skógarhlíð 12.

*Skráning á heimasíðu PwC www.pwc.is/morgunverdarfundur*

pwc

- ***Óttar Pálsson hrl. hjá Logos lögmannsþjónustu*** fjallar um þau lög og reglur sem gilda um ábyrgð stjórnenda og endurskoðenda
- ***Vignir Rafn Gíslason löggiltur endurskoðandi hjá PwC*** mun fjalla um hlutverk og stöðu endurskoðenda á Íslandi
- ***María Sólbergsdóttir framkvæmdastjóri hjá Auði Capital*** mun koma með sjónarmið stjórnandans á hlutverk endurskoðandans
- ***Rune Lædre endurskoðandi hjá PwC í Noregi*** mun fjalla um reynslu endurskoðenda í Noregi

PwC á Íslandi er framsækið og taust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem skilgreinir sig sem þekkingarfyrirtæki sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

# RÓMEÓ OG JÚLÍA




## Allra síðustu sýningar!

Sun 3/6 kl. 20 **örfá sæti**
Fös 8/6 kl. 20 **örfá sæti**
Sun 10/6 kl. 20 **aukasýn.**

**Tryggðu þér miða!**

VesturPort | Miðasala | 568 - 8000 | borgarleikhus.is | Borgarleikhúsið

Netfang
ritstjorn@markadurinn.is
Sími 512 5000 Fax 512 5301

Netfang auglýsingadeildar
auglysingar@markadurinn.is
Veffang visir.is

klinkið
Gunnlaugur Jónsson, fjárfestir. vísir

ERLENT MYNDBAND
Moldríkir norðmenn. vísir

BANKAHÓLFIÐ



Þorgils Jónsson

## Frelsi og lýðræði

Gjörningaveðrið sem hefur heltekið efnahagslíf Evrópu og ekki síst evrusvæðið síðustu misseri geisar enn og er ekki að sjá að neitt lát verði á.

Við slíkar aðstæður kemur gjörla í ljós hversu mikil áhrif efnahagsmál geta haft á þjóðfélagsskipan ríkja.

Enn ríkir óvissa um framhaldið í Grikklandi, veikasta hlekknum í keðju evrópsks efnahagslífs. Kaldhæðnin liggur í að Grikkland er álitin vagga evrópskrar menningar, með sín höfuðskáld og frumherja í heimspeki og vísindum. Grikkland er ekki síður vagga lýðræðis, en fyrstu sprotar þess skutu einmitt rótum í hinum frjóa jarðvegi sem var í borgríkjum Grikklands til forna. Nú er það einmitt lýðræðið sem er komið í forgrunn ástandsins í Grikklandi.

Grikkland er í djúpri stjórnarkreppu eftir nýafstaðnar þingkosningar, en skiptar skoðanir eru milli stjórnmálaflokka um aðhalds- og niðurskurðaraðgerðir tengdar lánum frá stöðugleikasjóðum ESB. Því hefur verið boðað til annarra kosninga um miðjan næsta mánuð þar sem framtíð Grikklands í myntbandalaginu mun sennilega ráðast. Þó ýmislegt sé skrafað á bak við tjöldin hefur ekkert hinna evruríkjanna gefið beint til kynna að Grikkland skuli hverfa úr myntbandalaginu. Olli Rehn, efnahagsmálastjóri ESB, undirstrikaði síðast í gær einarða afstöðu sambandsins til að aðstoða Grikkland út úr kreppunni. Það hafi sýnt sig með neyðarlánum og afskriftum sem nemi nú um hálfri sjöttu milljón íslenskra króna á hvert mannsbarn í Grikklandi.

Þá bendir ekkert til annars en að almenningur í Grikklandi sé því fylgjandi að halda evrunni. Um 80 prósent aðspurðra í nýlegri skoðanakönnun sögðust þeirrar skoðunar, enda eru valkostirnir óálitlegir. Flest bendir til þess að verði drakma tekin upp að nýju muni það hafa í för með sér mikla lífskjaraskerðingu fyrir almenning, að minnsta kosti um stundar sakir. Evruaðild fylgir hins vegar að standa verður við samkomulag um aðhald og niðurskurð sem þegar hafa leikið almenning grátt og valdið mikilli reiði.

Þekkt stef í mannkynssögunni er að efnahagsþrengingum fylgir oft upplausnarástand sem getur haft hræðilegar afleiðingar, bæði fyrir viðkomandi þjóð og næstu nágranna. Þar hefur lýðræðið, sem byggir á þeirri göfugu hugsjón að einstaklingurinn eigi að fá að hafa nokkuð að segja um stjórn ríkisins, jafnvel verið nýtt til að greiða veg harðstjórnar og einræðis.

Vísir að slíku sást einmitt í grísku kosningunum á dögunum þegar nýnasistaflokkur með sérlega ógeðfellda stefnu hlaut talsverðan hljómgrunn meðal kjósenda og náði mönnum inn á þing. Hvort sem framtíð Grikklands liggur innan evrusvæðisins, eða Evrópusambandsins þess vegna, er von til þess að grískir kjósendur átti sig á hvað er í húfi og falli ekki fyrir málflutningi öfgaafla.

Winston Churchill mælti eitt sinn hin fleygu orð að lýðræði væri verst allra stjórnkerfa, fyrir utan öll hin.

Á svipuðum nótum má sannarlega vona að tímabundnar efnahagslegar þrengingar í Grikklandi verði ekki til þess að lýðræðið beri sjálft sig ofurliði.




SHARP



SHARP SJÓÐVÉL
XE-A207B
99 vöruflokkar
Allt að 2000 PLU númer
Rafrænn innri strimill 9000 línur
Stór LCD skjár
SD kortarauf
– hægt að flytja gögn yfir á PC
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Kr. 69.900,-



SHARP SJÓÐVÉL
XE-A113B
32 vöruflokkar
Allt að 200 PLU númer
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Rafrænn innri strimill
Mjög auðveld í forritun
Kr. 54.900,-



SHARP SJÓÐVÉL
XE-A213
Allt að 99 vöruflokkar
Allt að 1200 PLU númer
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Rafrænn innri strimill
Mjög auðveld í forritun
Kr. 79.900,-

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is
SHARP
EÐALVÉL

# Jákvæð samskipti

Samfélagsmál



Árni Guðmundsson
verkefnastjóri

Einelti er því miður afar alvarlegt samfélagslegt vandamál og sem slíkt er nauðsynlegt að uppræta það eins og frekast er kostur og helst með öllu. Ef grannt er skoðað þá snúast eineltismál undantekningarlaust um óboðleg samskipti milli fólks. Kjarninn í lausn þeirra er því að hver og einn líti í eigin barm og ákveði að eiga fyrst og fremst í jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum við umhverfi sitt og ekki síst vænta þess að aðrir geri slíkt hið sama.

Einelti spyr ekki um aldur, kyn, stétt eða stöðu, það þrífst einfaldlega þar sem það er látið viðgangast. Sem betur fer þá hefur á síðustu árum orðið nokkur vakning og margir aðilar í samfélaginu hafa lagst á eitt í baráttu gegn þessu félagslega böli sem einelti vissulega er.

Eitt dæmi um þessa vakningu er aukin umfjöllun fjölmiðla. Umfjöllun getur verið tvíbent, ekki síst í viðkvæmum og flóknum einstaklingsmálum. Mál eða málsatvik eru ekki öllum kunn þar sem fagfólk getur oft ekki tjáð sig um einstök mál vegna trúnaðar í starfi. Oft og tíðum hefur slík umræða verið áberandi og snúist um börn og ungmenni. Einelti einskorðast ekki við aldur eins og fram hefur komið og sem betur fer hefur umræðan undanfarið tekið æ meira mið af því. Umræðan hefur auk þess færst nokkuð inn á jákvæðari brautir eins og t.d. umfjöllun um verulegan árangur í því að efla jákvæð samskipti í skólum og jákvæðan skólabrag.

Málefnið er margþætt og því nauðsynlegt að takast á við það á mörgum plönum. Til þess að freista þess að ná utan um viðfangið var árið 2009 settur á stofn óformlegur starfshópur með aðkomu þáverandi félags- og tryggingamálaráðuneytis, mennta- og menningarráðuneytis og þáverandi heilbrigðisráðuneytis ásamt Lýðheilsustöð. Um mitt ár 2010, eftir víðtæka greiningu og kortlagningu á umfangi verkefnisins, sendi hópurinn frá sér greinargerð þar sem fram komu tæplega 30 tillögur um aðgerðir gegn einelti. Sjá má greinargerðina í heild á vefsíðunni www.gegneinelti.is. Í henni kemur jafnframt fram að vegna umfangs málsins hafi verið tekin ákvörðun um að afmarka umfjöllun við skóla og vinnustaði.

Tillögum má gróflega skipta í þrjá hluta; almennar aðgerðir, sérstakar aðgerðir er snúa að skólum og að lokum tillögur um aðgerðir á vinnustöðum. Tillögur hópsins eru tæplega 30 talsins og spanna eins og áður sagði vítt svið eða allt frá því að efna til vitundarvakningar í samfélaginu til þess að vinna að áhættumati á vinnustöðum.

Sérstök verkefnastjórn hefur verið sett á laggirnar í samræmi við tillögur starfshópsins en hana skipa: Ágústa H. Gústafsdóttir, fulltrúi fjármálaráðuneytisins sem jafnframt er formaður, Guðni Olgeirsson, mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Valgerður Gunnarsdóttir og Þór Þórarinsson frá velferðarráðuneytinu. Með verkefnastjórninni starfa tímabundið þrír einstaklingar í rúmlega einu stöðugildi sem hafa það hlutverk að stuðla að því að tillögur starfshópsins komist til framkvæmda í samræmi við forgangsröðun verkefnisstjórnar.

Eðli málins samkvæmt þá er verið að vinna á mörgum sviðum sem ekki er kleift að gera grein fyrir nema að hluta í stuttri grein eins og þessari. Það sem er sennilega sýnilegast er baráttudagur gegn einelti 8. nóvember ár hvert. Slíkur dagur var fyrst haldinn 2011 og markmiðið með baráttudeginum er að vekja sérstaka athygli á málefninu. Undirritun fulltrúa félaga, samtaka og opinberra stofnana á þjóðarsáttmála gegn einelti var þar einn liður. Sáttmálinn er einnig grunnur að frekari vinnu, við hann má bæta og miða í þeim efnum við þarfir þeirra fjölmörgu félaga og samtaka er undirrituðu sáttmálann í Höfða í fyrra. Sáttmálinn verður því útfærður enn frekar með undirmarkmiðum og fjölbreyttum verkefnum.

> Einelti spyr ekki um aldur, kyn, stétt eða stöðu, það þrífst einfaldlega þar sem það er látið viðgangast.

Mörg verkefni sem tengjast baráttudeginum eiga sér langan aðdraganda, eru ólík en eiga það öll sammerkt að vera liður í að efla jákvæð samskipti í samfélaginu. Markmiðið með baráttudeginum er því ekki það að efna til sérstakrar flugeldasýningar á þessum tiltekna degi, dagurinn er fremur tilefni til þess að gefa gaum og benda á margt það sem vel er gert í þessum efnum. Baráttudagurinn er því ekki síður dagur til þess að líta yfir farinn veg, þétta raðirnar, ákveða næstu skref og bretta upp ermarnar hver í sínum mikilvæga ranni. Annað verkefni sem unnið er að um þessar mundir varðar forvarnar- og viðbragðsáætlanir á vinnustöðum og nauðsyn þess að þær séu fyrir hendi og enn annað verkefni var að koma á fót fagráði um einelti í grunnskólum í samræmi við nýja reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.

Grundvallaratriðið er að við öll sem byggjum þetta samfélag leggjum okkar af mörkum við að stunda og stuðla að jákvæðum samskiptum í okkar nær- og fjærumhverfi og einnig á opinberum vettvangi og á netinu.

SØSTRENE GRENE




ANNA OG CLARA OPNA NÝJA VERSLUN Í
KRINGLUNNI
ÞANN 25. MAÍ - KL.10.00
SÖSTRENE GRENE, KRINGLAN 4-12,103 REYKJAVIK

SØSTRENE GRENES
ALL OVER THE WORLD
HANDELSKOMPAGNIE

Finnið nýjar hugmyndir á bloggsíðu okkar:
www.søstrenegrene.dk

# tímamót

timamot@frettabladid.is



61 **ANATÓLÍ KARPOV** skákmeistari á afmæli í dag.
*„Skák er líf mitt, en líf mitt er ekki skák.“*

## Merkisatburðir 23. maí

1618 Þrjátíu ára stríðið hefst í Evrópu með uppþotum í Prag.
1949 Þýskaland skiptist formlega í Vestur-Þýskaland og Austur-Þýskaland.
1965 Danir samþykkja að afhenda íslensku handritin, sem lengi höfðu verið bitbein þjóðanna.
1985 Stefna Íslendinga í afvopnunarmálum staðfest á Alþingi: Á Íslandi verða ekki staðsett kjarnorkuvopn.
1987 Hannes Hlífar Stefánsson verður heimsmeistari sveina í skák, 14 ára gamall.
1992 Giovanni Falcone dómari er myrtur með sprengju í Palermo.
1995 Forritunarmálið Java er fyrst kynnt almenningi.
2003 Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin fer út til Alsír til rústabjörgunar. Tveimur dögum fyrr varð jarðskjálfti í norðurhluta Alsír upp á 6,7 stig á Richter.

**ÞETTA GERÐIST:** 23. MAÍ 1933

## *Verðlaunahesturinn Seabiscuit fæðist*

Seabiscuit var einn frægasti hestur sögunnar. Hann var hreinræktaður keppnishestur frá Bandaríkjunum en virtist í fyrstu ekki búa yfir miklum hæfileikum. Hann var lítill, með útstæð hné og vildi helst aðeins sofa og borða. Til að byrja með var hann þjálfaður af hinum fræga tamningamanni Sunny Jim Fitzsimmons sem sá tækifæri í hestinum, en fannst hann þó heldur latur. Seabiscuit tapaði fyrstu tíu keppnum sínum og gerðu tamningamenn og knapar grín að honum.

Þegar Tom Smith tók við honum skiluðu óhefðbundnar þjálfunaraðferðir óvæntum árangri. Með tímanum fór Seabiscuit að vinna sigra og árið 1937 vann hann ellefu af fimmtán keppnum og varð stöðugasti veðhestur Bandaríkjanna það árið. Seabiscuit var vel markaðssettur og varningur tengdur honum seldist eins og heitar lummur. Helsti andstæðingur hans, War Admiral, mætti honum í nóvember árið 1938 og eru þær kappreiðar taldar einn mesti íþróttaviðburður í sögu Bandaríkjanna. Seabiscuit vann og var útnefndur hestur ársins 1938.





**STELPUR ROKKA** Starfskonurnar Áslaug Einarsdóttir og Sunna Ingólfsdóttir undirbúa sumarið í húsnæði Tónlistarþróunarmiðstöðvar að Hólmaslóð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ROKKSUMARBÚÐIR FYRIR STELPUR Í SUMAR: ENN LEITAÐ AÐ HLJÓÐFÆRUM

# ALLT FULLT Í ROKKBÚÐIRNAR

„Viðtökurnar eru vonum framar. Allt frá því við kynntum þessa hugmynd hefur fólk tekið vel á móti okkur og við erum rosalega spenntar, jákvæðar og bjartsýnar,“ segir Áslaug Einarsdóttir mannfræðingur, sem stendur að rokksumarbúðum fyrir stúlkur í júlí. Skráning í rokkbúðirnar hófst fyrir viku og nú er svo komið að fullt er í þau þrjátíu pláss sem boðið er upp á og einnig er biðlisti fullur.

Rokkbúðirnar verða haldnar þrisvar í viku, í þrjár klukkustundir í senn, í fjórar vikur í júlí í húsnæði Tónlistarþróunarmiðstöðvar að Hólmaslóð 2 í Reykjavík. Þar fá stelpurnar leiðsögn við að spila á hljóðfæri, spila saman í hljómsveit, semja lög og koma fram á lokatónleikum rokkbúðanna fyrir framan fjölskyldu og vini, en engin hljóðfærakunnátta er nauðsynleg fyrir þátttakendur. Verkefnið, sem gengur undir heitinu Stelpur rokka!, fékk styrk frá Menningarsjóði Hlaðvarpans og Evrópu unga fólksins, ungmennaáætlun Evrópusambandsins.

Alls vinna um tuttugu konur að búðunum, megnið af þeim í sjálfboðavinnu, auk starfskvennanna tveggja Áslaugar og Sunnu Ingólfsdóttur. Síðustu vikur og mánuði hefur hópur þeirra unnið að því að tryggja búðunum hljóðfæri fyrir þátttakendur að vinna með. Áslaug segir nokkur hljóðfæri hafa borist og séu aðstandendur búðanna afar þakklát fyrir þau. „En við erum enn að leita að hljóðfærum og það væri vel þegið ef fólk gæti séð sér fært að lána okkur græjur í þennan eina mánuð. Við tökum á móti öllu sem fólk getur séð af, en meðal þess sem okkur vantar eru hljóðnemar, hljóðnemastatíf og hljómborð.“

Aðspurð segir Áslaug aðstandendur verkefnisins hafa metnaðarfullar hugmyndir um framtíðina, ekki síst vegna þeirra góðu viðbragða sem þessi fyrsta tilraun hér á landi hefur vakið. „Markmið okkar er að þetta verði árlegt sumarnámskeið. Einnig gætum við hugsað okkur að bjóða upp á styttri námskeið yfir vetrartímann, með fjölbreyttu úrvali fyrir ýmsa aldurshópa, og þá kemur líka til greina að halda námskeið á landsbyggðinni næsta sumar. Við erum svo heppin að vera í góðu sambandi við regnhlífarsamtökin Girls Rock Camp Alliance, sem samanstanda af fjölda rokksumarbúðaverkefna um allan heim, og þar er góður hugmyndabanki um það hvernig hægt er að þróa svona verkefni áfram,“ segir Áslaug.

kjartan@frettabladid.is

---

†



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**HREFNU ÞÓRARINSDÓTTUR**
**Hlíðarvegi 62a Kópavogi,**

**Hugo Rasmus** **María Játvarðardóttir**
**Tómas Rasmus** **Hlíf Erlingsdóttir**
**Steinunn Rasmus** **Jón Árni Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, bróður, afa og langafa,

**EIRÍKS GUÐMUNDSSONAR**
**frá Raufarhöfn**

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Björg Sæland Eiríksdóttir**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTRÚN ÓSK KALMANSDÓTTIR**
**Garði , Strandgötu 11, Stokkseyri,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands fimmtudaginn 17. maí. Útför fer fram frá Stokkseyrarkirkju laugardaginn 26. maí kl. 11.00.

**Halldór K. Ásgeirsson** **Adelada M. Renegado**
**Guðlaugur Rúnar Ásgeirsson**
**Jón Björn Ásgeirsson**
**Ásrún S. Ásgeirsdóttir** **Viktor S. Tómasson**
**Sigurborg K. Ásgeirsdóttir** **Guðjón M. Jónsson**
**Gunnlaugur S. Ásgeirsson** **Guðbjörg Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**ARNDÍS LÁRA TÓMASDÓTTIR**
**Höskuldarkoti, Ytri-Njarðvík,**

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sunnudaginn 20. maí 2012. Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju þriðjudaginn 29. maí kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Líknarsjóð Ytri-Njarðvíkurkirkju.

**Garðar Magnússon**
**Sigurður T. Garðarsson** **Guðfinna S. Skúladóttir**
**Þorbjörg Garðarsdóttir** **Stefán E. Bjarkason**
**Gylfi Garðarsson** **Ólöf M. Ingólfsdóttir**
**Garðar Garðarsson** **Signý Hafsteinsdóttir**
**Ólafur Garðarsson**
**Kolbrún Garðarsdóttir** **Eyþór E. Thoroddsen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Vaktsími:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is





Allan sólarhringinn Sverrir Einarsson Kristín Ingólfsdóttir Hermann Jónasson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242

---

†



Útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**LAUFEYJAR BJARKADÓTTUR**
**Hafrafellstungu,**

fer fram í Skinnastaðarkirkju Öxarfirði laugardaginn 26. maí kl. 14.

**Karl Sigurður Björnsson**
**Hulda Hörn Karlsdóttir** **Stefán Leifur Rögnvaldsson**
**Ingiríður Ásta Karlsdóttir** **Robert Duane Boulter**
**Birna María Karlsdóttir** **Einar Sigurjónsson**
**Bjarki Fannar Karlsson** **Eyrún Ösp Skúladóttir**
**og barnabörn.**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KARITAS JÓNA FINNBOGADÓTTIR**
**Sunnubraut 18, Keflavík,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Hlévangi, Keflavík, sunnudaginn 20. maí. Jarðarförin auglýst síðar.

**Þórdís Kristjánsdóttir**
**Laufey Kristjánsdóttir**
**Ingibjörg Kristjánsdóttir**
**Hildur Björk Gunnarsdóttir**
**og fjölskyldur.**


Leikhúsmógúllinn og Hayworth Productions kynna:
"Critic's Choice!" Los Angeles Times
"Remarkable!" BACKSTAGE WEST
"Brilliant!" StageSceneLA
"Amazing!" VARIETY
"Groundbreaking!" Beatlesnews.com
„John Lennon lifnar við fyrir framan augu manns. Ótrúleg upplifun!" Ívar Guðmundsson - Bylgjunni
"Masterful!" Las Vegas Review
★★★★★ Entertainment Today
„Þetta er showið fyrir þann sem hefur alltaf dreymt um að fara á tónleika með John Lennon" Þorvaldur Davíð - leikari
Tim Piper
GOÐSÖGNIN SNÝR AFTUR - ÖRFÁAR SÝNINGAR
just imagine
Síðustu tvær sýningar - miðaverð aðeins Kr 4.999.-
Fim 24.05 kl 20:00
Fös 25.05 kl 21:00
Tryggðu þér miða strax! sími: 563-4000 eða á gamlabio.is
Gamla Bíó Leikhús - Ingólfsstræti 2a
CENTER HOTELS



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GÚSTAV MAGNÚS SIEMSEN**
**Skaftahlíð 34 Reykjavík,**

sem lést 16. maí verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 24. maí kl. 13.00.

**Kristín Siemsen** **Ásbjörn Sigurgeirsson**
**Ólöf Guðfinna Siemsen** **Baldur Bjartmarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Hjartkær maður minn, faðir okkar, afi, tengdafaðir, tengdasonur og bróðir,

**RAGNAR HÖSKULDSSON**
**Hátúni 7, Reykjavík,**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans þann 19. maí síðastliðinn.

**Fyrir hönd aðstandenda**
**Guðrún Gunnarsdóttir**
**Anita Ragnarsdóttir** **Pétur Örn Pétursson**
**Ragnar Haraldsson** **Lára Rún Ragnarsdóttir**



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**RAKEL GUÐBJÖRG MAGNÚSDÓTTIR**

lést á Landspítalanum 20. maí sl. Útförin fer fram frá kirkju Óháða safnaðarins þriðjudaginn 29. maí klukkan 15.

**Helga B. Magnúsdóttir**
**Reynir Guðjónsson** **Margrét Vilmarsdóttir**
**Grétar Örn Júlíusson**
**Ragnar Geir Guðjónsson**
**Erla Guðjónsdóttir** **Guðmundur K. Birkisson**
**Magnús Helgi Alfreðsson** **Áslaug Jóhanna Jensdóttir**
**Helena Katrín Alfreðsdóttir** **Jón Guðbrandsson**
**Ragnar Fjeldsted**
**Alfreð Emil Alfreðsson** **Rosario Amado Obas**
**Ásta Berglind Alfreðsdóttir** **Karl H. Garðarsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför okkar ástkæru systur og frænku,

**GUÐRÚNAR J. HALLDÓRSDÓTTUR**

**F.h. aðstandenda**

**Hannes Halldórsson**
**Þorbjörg Hannesdóttir**
**Elísabet Halldórsdóttir**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**FREYJA JÓHANNSDÓTTIR**
**Urðarbakka 6,**

sem lést að morgni uppstigningardags 17. maí verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 24. maí klukkan 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeir sem vildu minnast hennar er bent á Minningarsjóð líknardeildar Landspítalans í Kópavogi.

**Bragi Agnarsson** **Bjarney Runólfsdóttir**
**Leifur Agnarsson**
**Laufey Björg Agnarsdóttir**
**Þór Agnarsson** **Ásdís Þóra Davidsen**
**Vigdís Björk Agnarsdóttir**
**Finnbogi Jóhann Jónsson** **Bettina Wunsch**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær sonur minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SVAVAR KRISTJÓNSSON**
**rafverktaki**
**Eikjuvogi 17,**

lést á Landspítalanum 18. maí 2012. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Guðný Ásbjörnsdóttir**
**Guðný Svavarsdóttir** **Sveinn Óttar Gunnarsson**
**Jörundur Svavarsson** **Sif Matthíasdóttir**
**Erla Kristín Svavarsdóttir** **Sigríkur Smári Ragnarsson**
**Lilja Steinunn Svavarsdóttir** **Bjarni Jónsson**
**Auður Ólína Svavarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**45 ÁRA** Á afmælishátíðinni verður haldið á vit fortíðar og gamlir taktar rifjaðir upp.





# Hátíðarsýning í tilefni 45 ára afmælis

Haldið verður upp á 45 ára afmæli Djassballettskóla Báru sem nú heitir Danslistarskóli JSB á föstudag.

Hátíðin verður haldin í Austurbæ en þar kom eigandi og framkvæmdastjóri skólans, Bára Magnúsdóttir, fyrst fram sem dansari.

Djassballettskóli Báru var brautryðjandi á Íslandi í kennslu í nútímalistdansi en Bára „braut [...] blað með því að bjóða konum líkamsrækt sem byggist á dansþjálfun og hefur fyrirtækið annast þennan tvíþætta rekstur allar götur síðan,“ eins og segir í fréttatilkynningu.

Danssýningin í Austurbæ hefst klukkan átta um kvöldið. Í henni verður haldið á vit fortíðarinnar og rifjuð upp dansverk og taktar sem tengjast ferli JSB.



**SJÚKRAFLUTNINGAFÓLK FRAMTÍÐAR** 90 nemendur útskrifuðust úr Sjúkraflutningaskólanum fyrir skemmstu.

# Metfjöldi útskriftarnema

Síðastliðinn föstudag útskrifuðust 90 nemendur úr Sjúkraflutningaskólanum og var því fagnað við hátíðlega athöfn á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Nemendurnir höfðu lokið almennu námskeiði í vettvangshjálp, sjúkraflutningum og neyðarflutningum. Aldrei hafa fleiri útskrifast úr skólanum á þeim tíu árum sem liðin eru frá því Sjúkrahúsið á Akureyri tók við rekstri hans.

Í ræðu skólastjóra, Hrafnhildar Lilju Jónsdóttur, kom fram að á skólaárinu var boðið upp á námskeið í vettvangshjálp með streymi í fyrsta sinn, en í því felst að fyrirlestur er tekinn upp og sendur út á vefinn, þannig að nemendur geti fylgst með fyrirlestrum hvar og hvenær sem er. Nemendur sem kjósa að taka bóklega hluta námskeiða með þessum hætti mæta í verklegar lotur, en í vetur fór verkleg kennsla streymisnámskeiða fram á Akureyri, Selfossi, í Reykjanesbæ, Reykjavík, Hafnarfirði, Borgarfirði eystri og á Ísafirði. Sagði Hrafnhildur það samdóma álit að þessi tækni henti vel fyrir þá sem búa í dreifbýli eða sækja námið samhliða starfi.

## AFMÆLISBÖRN



**JOAN COLLINS** leikkona er 79 ára í dag.



**GEORGE OSBORNE** stjórnmálamaður er 41 árs í dag.



**RUBENS BARRICHELLO** ökuþór er fertugur í dag.

# Skemmd epli í Bíó Paradís

Þema kvikmyndahátíðarinnar Skemmd epli, sem hefst í Bíói Paradís á morgun, 24. maí, og stendur yfir til 29. maí, er fólk í baráttu við bresti sína á einn eða annan hátt. Hátíðin er haldin í samvinnu við SÁÁ.

Tyrannosaur, ný bresk mynd sem er frumraun breska leikarans Paddy Considine í leikstjórastólnum, opnar hátíðina. Myndin hefur fengið fjölda verðlauna víða um heim. Einnig verður á hátíðinni Íslandsfrumsýning á dönsku myndinni Applaus með Papriku Steen í aðalhlutverki.

Þá verða sýndar á hátíðinni myndirnar Svinalängorna, eða Svínastían, eftir Pernillu August og Submarino eftir Tomas Vinterberg sem báðar hafa verið sýndar áður í Bíói Paradís.




**SKEMMD EPLI** Hátíðin er haldin í samvinnu við SÁÁ. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**VORKOMAN** Ein myndanna á sýningu Jóns Inga í Galleríi Gónhól.

# Vatnslitamyndir í Galleríi Gónhól

Jón Ingi Sigurmundsson opnaði nýlega málverkasýningu í Galleríi Gónhól á Eyrarbakka sem jafnframt er veitingahús. Sýningin var liður í bæjar- og menningarhátíðinni Vor í Árborg sem stóð 17. til 20. maí, en hún verður opin næstu helgar, meðal annars alla hvítasunnuhelgina.

Jón Ingi málar með vatnslitum og þess má geta að hann hlaut menningarverðlaun Árborgar á síðasta ári.

# EUROVISION TILBOÐ




## PHILIPS

Pixel Plus HD

Full HD 1080p

**Philips 42PFL4506H**
- 42" Full HD LCD
- Pixel Plus HD
- 400Hz Picture motion rate
- 3 HDMI og USB tengi

**TILBOÐ**
**139.995**
FULLT VERÐ 149.995

Fæst einnig 47" á aðeins 169.995




**Philips 46PFL5606H**
- 46" LED Pixel Plus FHD sjónvarp
- Full HD 1920x1080p upplausn
- HD Natural Motion
- Stafrænn DVB-T móttakari
- USB margmiðlunartengi

**TILBOÐ**
**179.995**
FULLT VERÐ 199.995




**Philips 46PFL6606T**
- 46" FHD LED Pixel Precise sjónvarp
- 1920x1080p upplausn
- 400 Hz Perfect Motion
- Háskerpu stafrænn HDTV móttakari
- NetTv netvafri (Wi-Fi möguleiki)

**TILBOÐ**
**199.995**
FULLT VERÐ 234.995

Fæst einnig 55"
á aðeins 329.995




**Philips 46PFL8606T**
- 46" 3D MAX Smart LED sjónvarp
- Perfect Pixel HD Engine
- 800Hz Perfect Motion
- Ambilight Spectra 2 baklýsing
- 4 HDMI og 2 USB tengi
- Smart TV - þráðlaus netvafri
- Innbyggð veggfesting

**TILBOÐ**
**299.995**
FULLT VERÐ 349.995




ambi light

**Philips 55PFL7606T**
- 55" 3D Full HD Smart LED sjónvarp
- Pixel Precise HD
- 400 Hz Perfect Motion
- Ambilight Spectra 2 baklýsing
- 4 HDMI og 2 USB tengi
- NetTv netvafri

**TILBOÐ**
**399.995**
FULLT VERÐ 439.995

Tilboðin gilda út laugardaginn 26. maí.




**Heimilistæki** ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** eyja í asíu, **6.** upphrópun, **8.** stroff, **9.** upphaf, **11.** tveir eins, **12.** fáni, **14.** yfirstéttar, **16.** frú, **17.** höld, **18.** hylur, **20.** bókstafur, **21.** lofttegund.

**LÓÐRÉTT**
**1.** grasþökur, **3.** frá, **4.** vitsmunamissir, **5.** sigað, **7.** planta, **10.** skítur, **13.** op, **15.** skær, **16.** skordýr, **19.** nafnorð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** java, **6.** oj, **8.** fit, **9.** rót, **11.** tt, **12.** flagg, **14.** aðals, **16.** fr, **17.** tök, **18.** lón, **20.** pí, **21.** óson.
**LÓÐRÉTT: 1.** torf, **3.** af, **4.** vitglöp, **5.** att, **7.** jólarós, **10.** tað, **13.** gat, **15.** skír, **16.** fló, **19.** no.




# Tilvistarbætur

**BAKÞANKAR Bergsteins Sigurðssonar**



**ÉG** hjó eftir sitthvorri fréttinni um tengd efni í gær. Sú fyrri var um að samtök stuðningsmanna aðildar Íslands að ESB hefðu látið útbúa reiknivél þar sem hægt er að bera saman húsnæðislán á Íslandi og í evruríki.

**DÆMI:** Hafi maður tekið húsnæðislán í janúar 2006 upp á 18,5 milljónir á Íslandi væru eftirstöðvarnar nú rúmlega 27,5 milljónir. Lánið hefði sem sagt hækkað um níu milljónir króna. Hafi maður tekið jafnhátt lán í evruríki á sama tíma væru eftirstöðvarnar nú aftur á móti 15,5 milljónir. Lánið hefði sem sagt lækkað um þrjár milljónir króna. Mismunur á þessum tveimur lánum er tólf milljónir króna.

**SEINNI** fréttin fjallaði um að velferðarráðherra ætli að leggja fram frumvarp sem gerir ráð fyrir að vaxtabætur og húsaleigubætur verði lagðar niður en í stað þeirra teknar upp húsnæðisbætur, sem verða óháðar búsetuformi. Með öðrum orðum eiga þeir sem annað hvort eiga húsnæði (lesist: eru með það í kaupleigu af bankanum sínum) eða leigja það, rétt á jöfnum húsnæðisbótum. Sem þýðir að nokkurn veginn allir fullveðja einstaklingar eiga rétt á bótum fyrir það eitt að búa einhvers staðar.

**ÞETTA** er geggjað fyrirkomulag. Í fyrsta lagi er hættan sú að þetta eigi eftir að verða skammgóður vermir; húsnæðisbætur verði til þess að leiguverð hækki og leigjendur standi eftir í hlandblautum skóm. Í öðru lagi felur þetta fyrirkomulag í sér opinbera viðurkenningu á því að á Íslandi er ekki hægt að koma þaki yfir höfuðið, hvort heldur er á leigumarkaði eða með því að kaupa eigin fasteign, án þess að reisa sér hurðarás um öxl. Því þurfi ríkið að niðurgreiða allt íbúðarhúsnæði með skattfé. Við erum einu skrefi frá því að byrja að greiða fólki bætur fyrir að vera til.

**ÞETTA** fyrirkomulag sem ríkisstjórnin, með fulltingi fulltrúa úr öllum flokkum, ætlar að innleiða er fyrst og fremst vísbending um það að húsnæðiskerfið á Íslandi er handónýtt. Annars vegar er húsnæðisverð of hátt til að nokkur hafi efni á að kaupa en á hinn bóginn má húsnæðisverð ekki lækka því þá lenda alltof margir í kröggum. Við erum sem sagt föst í ömurlegri pattstöðu og allar tilraunir til að reyna að laga vandann með plástrum og bótum í stað þess að ráðast að rót vandans eru dæmdar til að mistakast. Þetta böl er ekki lengur hægt að bæta með því að tala um eitthvað annað.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**STÄM** pizzahnífur
L17cm. Ýmsir litir **250,-**



**HEIMAPIZZA**
pizzaostur 300g **445,-**



**ENVIS** penslar L20 og 18cm
Hvítt/rautt **695,-/2 í setti**



**95,-**

**HEIMAPIZZA** pizzadeig 380g

# Hver er sinnar pizzu smiður



**245,-**

**HEIMAPIZZA**
pizzasósa



**STRÅLANDE** rifjárn L28cm
Ryðfrítt stál/dökkgrátt **895,-**





**HEIMAPIZZA**
hvítlauksolía
300ml **595,-**



**STRÅLANDE** saxari
H20cm. Hvítt **1.290,-**

EUROVISIONTILBOÐ

**795,-/pk.**

**HEIMAPIZZA** pizzadeig 2 stk., pizzasósa og pizzaostur



**HEIMAPIZZA**
pizzanet 12" **995,-**
pizzanet 14" **1.145,-**



**HEIMAPIZZA** rótsterkt
pepperoni 120g **285,-**



**DRÄLLA** mjúk skurðarbretti L37×B29cm
Grænt/rautt **495,-/2 í pk.**



**ÄNDLIG** hnífasett
Inniheldur: Brauðhníf kokkahníf,
grænmetishníf 23 og flysjunarhníf
Ryðfrítt stál **1.790,-/4 í setti**

**SOMMARLOV**
servíettur
B38×L38cm
Ýmis mynstur



**395,-/30 í pk.**



**HEIMAPIZZA**
maískurl 300g
**295,-**



**HEIMAPIZZA** steikt
beikon 120g **275,-**



**MAGASIN** kökukefli
L43cm. Gegnheilt birki **695,-**

© Inter IKEA Systems B.V. 2012

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**

IKEA®

# menning

menning@frettabladid.is



**ÞRÍLEIKUR Í KALDALÓNI** Tónleikaröðin Flakk hefst á Listahátíð í Reykjavík í kvöld með tónleikum Önnu Þorvaldsdóttur. Listahátíð í Reykjavík býður upp á tónleika þriggja tónskálda sem kynna nýja tónlist sína. Þau eiga það sameiginlegt að búa erlendis og koma sjaldan fram á Íslandi. Auk Önnu halda tónleika þau Páll Ragnar Pálsson og Berglind María Tómasdóttir.

Tónleikar ★★★★★

**Listahátíð í Reykjavík**

Arcadi Volodos lék verk eftir Schubert, Brahms og Liszt

**Harpa, 20. maí**

## Gengu af göflunum

Á Listahátíð í Reykjavík gefst tækifæri til að njóta einstakra listviðburða. Ýmist viðburða sem höfða til fárra (en eiga samt fullan rétt á sér) eins og tónleika eða upplestra í heimahúsum. Eða þá stórviðburða með listafólki sem myndi annars aldrei koma hingað. Vissulega spilar eða syngur heimsfrægt tónlistarfólk með Sinfóníuhljómsveit Íslands, og það með reglulegu millibili. En að þetta sama fólk haldi hér einleikstónleika, það gerist sjaldnar.

Eftirvæntingin var því áþreifanleg í Eldborginni á sunnudagskvöldið. Einn fremsti píanóleikari heims var að fara að halda einleikstónleika. Enginn annar en Arcadi Volodos, sem hefur verið goðsögn í tónlistarheiminum um árabil. Tækni hans er einstök, en tónleikar hans eru þó langt í frá einhver sirkus. Þvert á móti er hann fyrst og fremst innblásinn listamaður sem notar tæknina til að koma fegurðinni í tónlistinni fullkomlega til skila.

Ég get ekki ímyndað mér að nokkur hafi orðið fyrir vonbrigðum. Volodos hóf tónleikana á sónötu í a moll eftir Schubert, sem var gefin út eftir dauða hans. Hún er eitt af fjölmörgum dæmum um snilld tónskáldsins. Hver himneska laglínan tekur við af annarri, skreytt alls konar blæbrigðum. Þessi blæbrigði voru meistaralega útfærð af píanóleikaranum. Mismunandi litir voru fjölbreytilegir en ávallt fágaðir og útkoman var svo töfrakennd að það var alveg einstakt.

Ekki síðri voru þrjú Intermezzi op. 117 eftir Brahms. Þau eru innhverf, það fyrsta er t.d. eins konar vögguvísa. Volodos gaf sér nógan tíma til að móta hverja hendingu og spilaði af ótrúlegri mýkt. Samt var það ekki tilgerðarlegt. Þvert á móti var túlkunin dásamlega eðlileg og blátt áfram.

Hápunktur tónleikanna var h-moll sónatan eftir Franz Liszt. Hún einkennist af miklum átökum, tekur um hálftíma í flutningi en er samt bara í einum kafla. Volodos fór fremur rólega af stað, eins og hann væri að hemja sig. En smátt og smátt sótti hann í sig veðrið. Túlkunin var þó alltaf frjálsleg, laglínurnar virkuðu spontant, nánast eins og þær væru að verða til akkúrat á því augnablikinu. Og spennan jókst, hraðinn varð meiri, ákefðin og átökin stöðugt brjálæðislegri. Hápunkturinn var svo flottur að það verður mér ógleymanlegt. Volodos setti bókstaflega allt í botn. Það var hrein flugeldasýning.

Eins og við var að búast gengu áheyrendurnir af göflunum. Undirritaður var þar á meðal. Við klöppuðum Volodos fram hvað eftir annað. Og hann spilaði fjögur aukalög, noktúrnu eftir Liszt, tvær útsetningar eftir sjálfan sig og lag eftir Schubert. Þau voru öll hrein snilld.

Gaman væri að Volodos spilaði næst með Sinfóníuhljómsveit Íslands!

**Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Algerlega frábærir tónleikar.





**Á SALTSLÉTTUNUM** Svavar tók um 55 þúsund myndir á þeim þrjú þúsund kílómetrum sem hann ók um Utah á tíu dögum.

# Utah út um hliðarrúðuna

**Svavar Jónatansson er nýsnúinn heim eftir tíu daga ferðalag um Utah-ríki í Bandaríkjunum. Afraksturinn er um 55 þúsund ljósmyndir sem teknar voru út um hliðarrúðu bíls í akstri eftir saltsléttunum frægu.**



**FJÖLBREYTT LANDSLAG** Myndirnar hyggst Svavar nota í myndbandsverk en útilokar ekki að stakar myndir endi í ljósmyndabók einn daginn.

Árið 2007 hóf Svavar Jónatansson ljósmyndari að mynda Ísland út um hliðarrúður vöru- og fólksflutningabifreiða. Hann fór á annan tug hringja í kringum landið sem skiluðu sér í Innland/Útland-Ísland; myndbandsverki sem kom út 2010 og samanstóð af 40 þúsund ljósmyndum og frumsaminni tónlist Daníels Ágústs Haraldssonar.

Verkið vakti áhuga aðila í Bandaríkjunum og í fyrra var ákveðið að Svavar myndi vinna sams konar myndbandsverk í Utah-ríki. Eftir um hálfs árs undirbúning hélt Svavar til Colarado í apríl síðastliðnum og ók þaðan til Salt Lake City, ásamt bílstjóranum Michael Aisner. „Næstu tíu daga ók ég um þrjú þúsund kílómetra, fram og til baka um saltsléttur Utah og yfir í suðaustur hluta ríkisins. Á því ferðalagi tók ég um 55 þúsund ljósmyndir út um hliðarrúðuna, í akstri eftir hraðbrautum, þjóðvegum, sveitavegum, þjóðgarðsvegum og í rauninni hvert sem komast mátti með góðu móti.“

Svavar segir landslagið í Utah fjölbreytt og henta efnistökum sínum mjög vel. „Það er aftur á móti gífurlega heitt þarna, hitinn kominn hátt í 30 gráður í apríl. Á stöðum eins og Moab var veðrið mjög einsleitt og heiðskír himinn flesta daga, en hjá Capitol Reef, aðeins austar, var fjölbreytt skýjafar sem gerir mikið fyrir myndirnar.“ Svavar tekur myndirnar í Utah-verkið í tveimur lotum og gerir ráð fyrir að fara í seinna ferðina í haust. Verkið byggir á sama grunni og Innland/Útland-Ísland, en þó með nýjum viðbótum og áherslu og hefur Svavar fengið til liðs við sig tvö tónskáld á vegum tónlistarháskólans í Salt Lake City til að semja tónlist við verkið, sem hann vonast til að verði tilbúið næsta vetur.

Hluti verksins er líka hugsaður sem stakar myndir, með bókaútgáfu sem möguleika, en Svavar vinnur einmitt að gerð bókar upp úr Íslandsverkinu ásamt hönnuðinum Bergdísi Sigurðardóttur.

Svavar er umsjónarmaður útvarpsþáttanna Vestur um haf á Rás eitt á föstudögum, en í sumar stýrir hann þáttunum Liðast um landið sem útvarpað verður á sömu rás.

**bergsteinnfrettabladid.is**



ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# MUNDU EFTIR BÓK Í FRÍIÐ

## – HVÍTASUNNUKILJURNAR

**Leikarinn** er kraftmikil glæpasaga, atburðarásin hröð og persónurnar dregnar sterkum dráttum. Þetta er fyrsta bók Sólveigar Pálsdóttur.

Verð kr. 2.699
TILBOÐ kr. 2.299




**„Íslenskur sálfræðitryllir af bestu gerð!"**
Þórkatla Aðalsteinsdóttir
sálfræðingur

**„Hörkuspennandi og margslungin glæpasaga."**
Bryndís Loftsdóttir
bóksali




Verð kr. 2.699
TILBOÐ kr. 2.299




**Þessi rígheldur!**
Hröð, og spennandi lesning.

Verð kr. 2.699
TILBOÐ kr. 2.299




Verð kr. 2.699
TILBOÐ kr. 2.299




Fyrri bók Tess Gerritsen
Nú kr. 1.799

Verð kr. 2.699
TILBOÐ kr. 2.299




Verð kr. 2.699
TILBOÐ kr. 2.299




Mögnuð hrollvekja, æsispennandi og frumleg.

Verð kr. 2.699
TILBOÐ kr. 2.299




Næm og falleg lýsing á vináttu tveggja kvenna. Hjartnæm og áleitin skáldsaga.

Verð kr. 2.699
TILBOÐ kr. 2.299




Verð kr. 2.699
TILBOÐ kr. 2.499

Tilboð gilda til og með 04.06.12

VERTU MEÐ Í SAMFÉLAGI BÓKAUNNENDA
Á WWW.FACEBOOK.COM/EYMUNDSSON

Eymundsson
Bóksali frá 1872

SAMBÍÓIN SAMbio.is






**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE LUCKY ONE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| THE DICTATOR | KL. 6 - 8 - 10 | 2D | 12 |
| THE DICTATOR VIP | KL. 8 | 2D | VIP |
| SAFE | KL. 8 - 10 | 2D | 16 |
| SAFE VIP | KL. 6 - 10 | 2D | VIP |
| DARK SHADOWS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 5 - 8 - 10:50 | 3D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL TALI | KL. 6 | 2D | L |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| DARK SHADOWS | KL. 6 | 2D | 12 |
| THE LUCKY ONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS (3D) | KL. 10:10 | 3D | 10 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 6 | 2D | L |
| SAFE | KL. 8 - 10:10 | 2D | 16 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | | |
|---|---|---|---|
| MEN IN BLACK 3 | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 3D | 7 |
| THE LUCKY ONE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| THE DICTATOR | KL. 6 - 8 - 10 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 5:10 - 8 | 3D | 10 |
| SAFE | KL. 10:50 | 2D | 16 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE LUCKY ONE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10:30 | 2D | 16 |
| DARK SHADOWS | KL. 5:40 - 8 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 6 - 9 | 3D | 10 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | | |
|---|---|---|---|
| MEN IN BLACK 3 | KL. 10:20 | 3D | 7 |
| SAFE | KL. 8 - 10 | 2D | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is


Bíó ★★★☆☆

## Dark Shadows

Leikstjórn: Tim Burton

**Leikarar:** Johnny Depp, Michelle Pfeiffer, Helena Bonham Carter, Eva Green, Jackie Earle Haley, Jonny Lee Miller, Chloë Grace Moretz, Bella Heathcote

# Innan þægindarammans

Leikstjórinn Tim Burton gerði nokkrar frábærar myndir á fyrri hluta ferils síns en hefur undanfarin ár helgað sig óspennandi fjöldaframleiðslu. Samstarf hans við leikarann Johnny Depp og tónskáldið Danny Elfman er komið vel fram yfir síðasta söludag og satt að segja hafði ég efasemdir um að Burton hefði nokkuð fram að færa árið 2012.

Dark Shadows er byggð á samnefndri bandarískri sápuóperu sem sýnd var á árunum 1966 til 1971 (alls voru gerðir 1.225 þættir) og segir frá vampírunni Barnabas Collins sem grafin er lifandi á 18. öld en losnar úr prísundinni árið 1972. Nornin sem breytti honum í blóðsugu er enn á lífi og nýtur þess gera afkomendum hans lífið leitt. Barnabas reynir að koma fjölskyldufyrirtækinu á réttan kjöl, en hann á erfitt með að aðlagast hippatímabilinu og blóðþorsti hans er honum sífelldur fjötur um fót.



**SKEMMTILEGUR** Johnny Depp er það skemmtilegasta við Dark Shadows.

Það skemmtilegasta við myndina er Johnny Depp, en Barnabas er bitastæðasta hlutverk sem hann hefur fengið frá Burton síðan hann lék Ed Wood fyrir tæpum 20 árum. Línurnar hans eru bráðfyndnar, flutningurinn fumlaus og mjög fljótlega fer áhorfandanum að þykja vænt um þennan hjartahlýja en aumkunarverða morðingja. Handritið er hins vegar ekki nógu vatnshelt og er helsti vandinn sá að of margar persónur eru kynntar til sögunnar en fá svo nánast ekkert að gera. Líklega eiga þessir karakterar að fá meira pláss í mögulegum framhaldsmyndum en í þessari stöku mynd þjóna þeir engum tilgangi, og virka jafnvel truflandi.

Þá kemur ekkert á óvart í búningum, sviðsmyndum og listrænni stjórnun. Allt er svo fullkomlega slétt og fellt að það nær ekki nokkurri átt. Burton toppaði sig í þessari deild fyrir löngu en heldur sig innan þægindarammans og virðist lafhræddur við listræna ögrun. Fyrir vikið eru margir aðdáenda hans búnir að snúa við honum baki, sem er synd því Dark Shadows á marga þrælfína spretti.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Nokkuð góð skemmtun sem skrifast að stórum hluta á Johnny Depp.



**BÚIÐ SPIL** Vinsældir sjónvarpsþáttanna Gossip Girl hafa dalað upp á síðkastið og nú boðar sjónvarpsstöðin The CW endalok þáttanna.

# Endalok Gossip girl

**Sjónvarpsþættirnir Gossip Girl eru að hætta ef marka má breska götublaðið Daily Mirror. Heimildir þess herma að leikarar þáttanna hafi fengið þau skilaboð að aðeins yrði tekin upp ein þáttaröð í viðbót og að hún yrði bara 11 þættir í stað 24 eins og vanalegt er.**

**Sjónvarpsþættirnir um dramatískt líf ríku krakkanna í New York hafa verið mjög vinsælir og gert leikarana Blake Lively, Chace Crawford og Leighton Meester heimsfræg. Nú hafa vinsældir þeirra hins vegar dalað og ekki þykir ástæða til að halda áfram, sem á eflaust eftir að koma aðdáendum þáttanna í opna skjöldu.**

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is






**SMÁRABÍÓ** GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | |
|---|---|
| MIB 3 3D KL. 3.30 - 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| MIB 3 3D LÚXUS KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| MIB 3 2D KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| THE DICTATOR KL. 3.30 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE FIVE YEAR ENGAGEMENT KL. 5.20 - 8 | 12 |
| 21 JUMP STREET KL. 10.30 | 14 |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 2D KL. 3.30 | L |

**HÁSKÓLABÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

LOKAÐ Í DAG!

**BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| MIB 3 3D | KL. 6 - 8 - 10.10 | 10 |
| THE DICTATOR | KL. 8 - 10 | 12 |
| THE FIVE YEAR ENGAGEMENT | KL. 5.45 | 12 |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
5%










**LAUGARÁSBÍÓ** Sýningartímar

| | |
|---|---|
| MEN IN BLACK 3 3D | 5.30, 8, 10.20 |
| THE DICTATOR | 6, 8, 10 |
| THE FIVE-YEAR ENGAGEMENT | 8, 10.25 |
| LORAX 3D | 6 |


# Sonur Johnnys Marr á Music Mess

„Við erum að búa til hátíð sem býður upp á metnaðarfulla tónleikadagskrá og bönd úr öllum áttum. Stigmögnunin á tónleikunum er úthugsuð og kvöldin byrja rólega og verða harðari eftir því sem á líður,“ segir Baldvin Esra hjá Kimi records um tónleikahátíðina Reykjavík Music Mess sem hefst annað kvöld.

Þetta er í annað skiptið sem hátíðin er haldin og segir Baldvin hana komna til að vera. Hún átti upphaflega að vera tvö kvöld en ákveðið var að bæta við aukatónleikum á Nasa á fimmtudag þar sem meðal annars koma fram Dikta og Tilbury. „Við verðum með mjög fjölbreytta dagskrá og bæði íslenskir og erlendir tónlistarmenn og hljómsveitir sem koma fram,“ segir Baldvin, en tónleikarnir á föstudag og laugardag verða haldnir á KEX Hosteli og Faktorý. Meðal íslenskra flytjenda sem fram koma á þeim má nefna Legend, Reykjavík!, Morðingjana og Snorra Helgason.

Breski sólósöngvarann Nile Marr mun einnig stíga á stokk. Nile er sonur Johnnys Marr, fyrrum gítarleikara The Smiths, og spilar hann undir listamannsnafninu Man Made. „Þetta er rosalega flottur 19 ára strákur sem er alveg við það að slá í gegn í Bretlandi,“ segir Baldvin.

Það eru Kimi records, KEX Hostel, Iceland Express og Reykavodka sem standa fyrir Reykjavík Music Mess og hægt er að kaupa miða og armbönd á alla hátíðina á midi.is. Það er þó frítt inn á alla tónleikana á KEX Hosteli. **- trs**



**HARÐIR** Hljómsveitir gerast ekki mikið harðari en Krummi og félagar í Legend. Þeir eru því lokahnykkur föstudagskvöldsins en flæðið á hátíðinni verður þannig að kvöldin byrja rólega og verða svo harðari eftir því sem á líður.


MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS






**MIÐVIKUDAGUR: I AM SLAVE** 18:00, 20:00, 22:00 ■ **THE PRICE OF SEX/AFTERGLOW** 20:00 ■ CORIOLANUS 20:00, 22:30 ■ JANE EYRE 17:30 ■ IRON SKY 18:00, 20:00, 22:00 ■ *SVARTUR Á LEIK (ENG. SUBS)* 17:40, 22:30

24.-29. MAÍ: **SKEMMD EPLI**, fjórar frábærar myndir um alkólisma!

**SKÓLANEMAR:** 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

# GÆÐARÚM Á GÓÐU VERÐI

## Tilboð á heilsurúmum

30% AFSLÁTTUR AF DRAUMEY - DÖGUN - DRAUMFARA HEILSURÚMUM

## ROYAL OG CLASSIC

Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á Frábæru verði



Rúm Gott

**Heilsurúm á tilboði**

**VERÐDÆMI:**
Svæðaskipt heilsurúm
Einstaklings: **70.224**
Hjónarúm: **129.336**

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing**
– Eingungis greiðist lántökugjald

## TILBOÐ Á HJÓNARÚMUM

**FRÍ HEIMSENDING EÐA GAMLA RÚMIÐ UPP Í!***

*Tilboðið gildir eingöngu um hjónarúm

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

*Vertu örugg/ur*
*Komdu í greiningu*



RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

**HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?**

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**

**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

# sport

sport@frettabladid.is



**PEPSI-DEILD KARLA** heldur áfram í kvöld en þá hefst 5. umferðin. Það er sannkallaður stórleikur í boði þegar KR tekur á móti FH en þetta eru bestu lið deildarinnar undanfarin ár. Leikurinn verður í beinni leiklýsingu á Boltavakt Vísis og er einnig í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. Leikurinn hefst klukkan 20.00.



**LANDSLIÐSÞJÁLFARINN** Úlfar Jónsson fór yfir sumarið hjá íslenskum afrekskylfingum á blaðamannafundi GSÍ í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aukin umfjöllun um íslenska golfið á Stöð 2 sport:

## Birgir Leifur keppir á fyrsta mótinu

**GOLF** Eimskipsmótaröðin í golfi hefst um næstu helgi og verður fyrsta mótið af alls sex haldið á Hólmsvelli í Leiru. Allir sterkustu kylfingar landsins verða á meðal keppenda á fyrsta mótinu og þar má nefna atvinnukylfinginn Birgi Leif Hafþórsson úr GKG. Íslenska golfsumarið verður í hávegum haft í sumar og fram á haust á Stöð 2 sport.

Golfsamband Íslands og Stöð 2 sport hafa gert með sér samning þar sem sýnt verður frá íslensku golfi á hverjum þriðjudegi á Stöð 2 sport í sumar – og Íslandsmótið í höggleik sem fram fer á Strandarvelli á Hellu verður í beinni útsendingu á Stöð 2 sport. Samantektarþáttur um Eimskipsmótaröðina í golfi verður sýndur á þriðjudegi eftir að mótinu lýkur.

Aðra þriðjudaga verða sýndir þættir sem eru í umsjón þeirra Loga Bergmanns Eiðssonar og Þorsteins Hallgrímssonar. Sá þáttur hefur fengið nafnið „Tvöfaldur skolli“. Þar leggja þeir upp með að golf sé ekki bara áhugamál eða keppnisíþrótt – heldur lífsstíll.

Ari Edwald forstjóri 365 miðla segist afar ánægður með að íslenska golfið fái nú enn veglegri sess á Stöð 2 sport. „Við erum mjög spenntir fyrir þessu samstarfi við GSÍ, enda er golfíþróttin mjög vinsæl og í miklum vexti sem fjölskylduíþrótt. Og einmitt þess vegna er það sannfæring okkar að íslenska golfið eigi ennþá fullt inni sem sjónvarpsefni.“



BIRGIR LEIFUR HAFÞÓRSSON

**Fjarnám ÍSÍ í þjálfaramenntun!**

1. stig alm. hluta hefst 18. júní. Opið öllum 16 ára og eldri og gildir jafnt fyrir allar íþróttagreinar.

Skráning á namskeid@isi.is eða í síma 514-4000.
Nánari uppl. í síma 460-1467 og á vidar@isi.is

Sjá einnig á www.isi.is

# Mér er alveg sama hvað bæjarbúum finnst um mig

**Skagamaðurinn Gary Martin er leikmaður 4. umferðar Pepsi-deildar karla hjá Fréttablaðinu. Hann er ekki uppáhald allra bæjarbúa en honum stendur á sama hvað er sagt um hann. Hann er samt ánægður hjá ÍA og með félagið.**

**FÓTBOLTI** Skagamaðurinn Gary Martin hefur verið í miklu stuði fyrir sitt lið í upphafi sumars og á stóran þátt í því að ÍA situr á toppi Pepsi-deildarinnar með fullt hús. Hann skoraði mark og lagði upp sigurmarkið gegn Keflavík í síðustu umferð.

„Við áttum kannski ekki von á því að vera á toppnum eftir fjórar umferðir en við vissum að það væri mögulegt,“ sagði Martin.

Hann hrósar þjálfaranum Þórði Þórðarsyni og segir að styrktarþjálfarinn Dean Martin eigi einnig stóran þátt í velgengninni.

„Hann er ótrúlegur styrktarþjálfari. Við erum að skora mikið í lok leikja og það segir okkur að liðið er í góðu formi. Ég held að það sé ekkert lið í eins góðu formi og við.“

Martin er nokkuð ánægður með eigin frammistöðu þó svo hann vilji helst alltaf spila uppi á toppi en hann má oft sætta sig við að spila á kantinum.

„Hvert sem ég fer næst þá vil ég vera þekktur sem framherji. Þar sé ég mína framtíð. Auðvitað geri ég samt það sem þjálfarinn vill að ég geri til þess að styðja liðið.“

### Hinir duglegu munu uppskera

Eitt af helstu einkennum Martins er gríðarleg vinnusemi en hann stoppar aldrei.

„Þegar ég var ungur drengur í Middlesbrough þá var ég með þjálfara sem tjáði mér að það væri ekki hægt að eiga slæman dag ef maður legði hart að sér. Hann sagði að þeir sem leggja mikið á sig muni ávallt uppskera. Ég hef haft þessi orð þjálfarans í hávegum æ síðan. Þegar aðrir verða þreyttir er ég enn á fullu og þá koma tækifærin.“

Martin og félagi hans frá Englandi, Mark Doninger, hafa alla tíð verið duglegir að æfa. Svo mikið reyndar að Þórður þjálfari bannaði þeim um tíma að lyfta tvisvar á dag ásamt því að fara á æfingu.

„Hann sagðist ætla að sekta okkur ef við færum að lyfta svona mikið,“ sagði Martin og hló við. „Það er mikill frítími á Akranesi og lítið annað við hann að gera en að æfa. Við erum ekki með fjölskyldur okkar hér og svo á ég líka kærustu sem er úti í Englandi. Þetta er ekki alltaf auðvelt.“



**Lið umferðarinnar**

| | |
|---|---|
| Hannes Þór Halldórsson | KR |
| Guðjón Árni Antoníusson | FH |
| Stefán Ragnar Guðlaugsson | FH |
| Haukur Páll Sigurðsson | Valur |
| Atli Jóhannsson | Stjarnan |
| Ólafur Páll Snorrason | FH |
| Atli Guðnason | FH |
| Víðir Þorvarðarson | ÍBV |
| Kennie Knap Chopart | Stjarnan |
| Viðar Örn Kjartansson | Selfoss |
| Gary Martin | ÍA |

**ÁKVEÐINN UNGUR MAÐUR** Gary Martin lætur illar tungur ekki trufla sig heldur einbeitir sér að boltanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐMUNDUR BJARKI

### Sendi ósáttum Skagamönnum skilaboð

Twitter-æðið í íslenska fótboltaheiminum hefur ekki farið fram hjá Martin sem tístar grimmt alla daga. Hann hefur meðal annars verið duglegur að greina frá því hvað honum leiðist mikið á Akranesi og að hann vilji ekki vera þar.

„Ég þarf að búa í Reykjavík ef ég verð áfram á Íslandi. Ég þarf að geta gert eitthvað annað en borða, æfa og sofa. Ég hef ekki gert annað í tvö ár núna. Það er ekkert annað að gera á Akranesi. Við Mark erum reyndar búnir að fá bíl núna og það hjálpar mikið. Núna komumst við eitthvað,“ sagði Martin en ummæli hans um bæinn hafa ekki farið vel í alla bæjarbúa.

„Sumir stuðningsmenn voru eitthvað ósáttir við mig eftir leikinn gegn Fylki. Það var talað um mig í bænum og það fór aðeins í taugarnar á mér. Hvernig getur fólk talað svona um mig eftir allt sem ég hef lagt á mig fyrir félagið og skilað til þess?“ sagði Martin en hann sendi ósáttu stuðningsmönnunum skilaboð er hann skoraði gegn Keflavík. Lyfti upp treyjunni og undir var hann í bol sem stóð á „BOV“.

„Það þýðir að mér sé alveg sama hvað þeim finnst um mig. Ég hugsa um sjálfan mig og passa að ég sé í fyrsta sæti. Ég er að hugsa um mig og liðið. Þar fæ ég frábæran stuðning frá Þórði Guðjónssyni framkvæmdastjóra. Félagið er alltaf að hjálpa mér og ég er mjög ánægður með ÍA.“

Martin segir að þó svo honum líki ekki að búa á Akranesi útiloki hann ekki að spila áfram með ÍA þó svo hann byggi í Reykjavík. Hann bendir líka á að fólk á Akranesi þurfi að skilja að hann komi frá stærri stað þar sem meira var um að vera.

„Ég er ánægður með allt hjá félaginu og sé ekki að ég geti spilað fyrir annað lið á Íslandi. Það er líklegt að ég þurfi nýja áskorun eftir sumarið. ÍA stendur með mér og vill að ég nái lengra. Það kann ég að meta.“ henry@frettabladid.is




**50% AFSLÁTTUR AF NICOTINELL TROPICAL FRUIT**

204 STK. 2MG OG 4MG - TILBOÐIÐ GILDIR ÚT MAÍ

**Apótekið**
– einfalt og ódýrt

Spöngin 577 3500 • Hólagarður 577 2600 • Skeifan 517 0417 • Garðatorg 565 1321 • Setberg 555 2306 • Akureyri 461 3920

DYNAMO REYKJAVÍK

EM í sundi í gær:

## Hrafnhildur bætti eigið met

**SUND** Hrafnhildur Lúthersdóttir komst í undanúrslit í 100 m bringusundi kvenna á EM í Ungverjalandi í gær. Hún hafði bætt eigið Íslandsmet í undanrásunum er hún synti á 1:09,66 mínútum sem var ellefti besti tíminn í undanrásunum.

Hún náði þó ekki að fylgja því eftir í undanúrslitasundinu og hafnaði að lokum í fjórtánda sæti. Hún var rúmri sekúndu frá því að ná OQT-lágmarki fyrir Ólympíuleikana í greininni.

Eva Hannesdóttir, KR, bætti sinn besta árangur í 100 m skriðsundi er hún synti á 56,42 sekúndum. Það dugði til að tryggja henni svokallað OST-lágmark á Ólympíuleikana en því má líkja við gömlu B-lágmörkin.

Nánari upplýsingar um þátttöku íslenska sundfólksins á EM í gær má lesa á Vísi. - esá

*Nýtt tákn um gæði*

Kauptu þennan í dag. Settu gamla bílinn uppí nýjan Ford Focus á hagstæðu verði í dag.

# Nýjasta spartæknin í Ford Focus heitir á útlensku EcoBoost

*Komdu í kaffi. Kynntu þér spartækni Ford.*



## Lífið er egóbúst

**Ford Focus með EcoBoost**
**Vortilboðið frá 3.450.000 kr.**
Mánaðargreiðsla frá 28.706 kr.*
Árleg hlutfallstala kostnaðar
9,90%

Kraftmikill
**Focus með EcoBoost**
6 gíra beinskiptur
125 hestöfl

Eldsneytisnotkun
**Focus með EcoBoost**
Frá 4,4 lítrum á 100 km
í langkeyrslu

*Þú færð Focus einnig sem skutbíl.*
*Komdu, reynsluaktu Ford.*

**Notaða Focus vantar á söluskrá**
Settu eldri Focus
uppí nýjan

Frítt í stæði
**Focus með EcoBoost**
Minni útblástur
$CO_2$: 114 g/km

Spyrðu um
verksmiðjuábyrgð
í allt að 5 ár

# Opið í dag

*Komdu og skoðaðu Ford*
*milli kl. 9 - 17 í dag,*
*Bíldshöfða 6*

**Settu gamla bílinn uppí nýjan**

*Tökum allar tegundir bíla uppí nýja*

brimborg
***Öruggur staður til að vera á***

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is

** Miðað er við óverðtryggðan grænan Ergo bílasamning til 7 ára og uppítökubíl að verðmæti 1.700.000 kr. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.*

> **Stöð 2 kl. 23.10**

**American Idol**

***Úrslitin ráðast í American Idol í kvöld og líkt og undanfarin ár mun Stöð 2 sýna beint frá úrslitaþættinum. Fjörið hefst klukkan 23.10 þegar sýndur verður þáttur sem sýndur var í gærkvöldi í bandarísku sjónvarpi þar sem söngvararnir tveir sem eftir eru, Jessica Sanchez og Phillip Phillips, flytja lög sín. Bein útsending frá úrslitaþættinum hefst síðan á miðnætti.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON FAGNAR GÖMLUM VINUM

# *Grínað yfir kvöldmatnum*

Gamanþættir sem maður hefur þegar séð eru hið fullkomna sjónvarpsefni yfir kvöldmatnum. Matardiskurinn þarf nefnilega meiri athygli en þátturinn og þess vegna er gott að vita hvað er að gerast í þættinum án þess að þurfa að horfa.



Stöð 2 hefur undanfarin misseri sýnt ýmsa grínþætti á sama tíma og ég borða kvöldmat. Ég fagna því að sjálfsögðu, en hef aldrei fagnað jafn mikið og nýlega þegar ég komst að því að endursýningar á Arrested Development eru hafnar. Allir sem taka grínþætti alvarlega vita að Arrested Development eru á meðal bestu grínþátta sem framleiddir hafa verið. Þrátt fyrir það lifðu þeir ekki lengi, aðallega vegna þess að hinn almenni sjónvarpsáhorfandi í Bandaríkjunum er meira til í Two and a Half Men. Bjánar.

Nú er hver matartími gleðistund á heimili mínu. Á meðan ég slafra í mig kjúklingi og kartöflum heyri ég í Gob, Tobias og öllum hinum skemmta mér og án þess að ég þurfi nokkurn tíma að líta á skjáinn.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Sögur af misgóðum mönnum **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Einnar mínútu þögn **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Eldurinn á ein upptök **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**14.25 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva** (e) Upptaka frá fyrri forkeppninni í Bakú í Aserbaídsjan.

**16.30 EM stofa** (3:5) (e)

**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Disneystundin**

**18.01 Finnbogi og Felix**

**18.23 Sígildar teiknimyndir**

**18.30 Gló magnaða**

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Bræður og systur** (105:109) (Brothers and Sisters)

**20.55 Leitin að stórlaxinum** (3:3) Bræðurnir Ásmundur og Gunnar Helgasynir fara um landið í leit sinni að stórlaxinum.

**21.25 Frú Brown** (3:7) (Mrs. Brown's Boys) Bresk-írsk gamanþáttaröð um kjaftfora húsmóður í Dublin. Höfundur og aðalleikari er Brendan O'Carroll.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.20 The Killers á tónleikum** (The Killers: Live at Royal Albert Hall) Rokkhljómsveitin The Killers á tónleikum í Royal Albert Hall í London.

**23.20 Landinn** (e)

**23.50 Kastljós** (e)

**00.20 Fréttir**

**00.30 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.15 Four Weddings And A Funeral**

**10.10 The Ex**

**12.00 Ultimate Avengers**

**14.00 Four Weddings And A Funeral**

**16.00 The Ex**

**18.00 Ultimate Avengers**

**20.00 Robin Hood**

**22.15 Public Enemies**

**00.30 Tyson**

**02.20 Bring it On: Fight to the Finish**

**04.00 Public Enemies**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.30 Oprah**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (66:175)

**10.15 60 mínútur**

**11.00 Perfect Couples** (5:13)

**11.25 Til Death** (12:18)

**11.50 Pretty Little Liars** (21:22)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Mike & Molly** (8:24)

**13.25 The F Word** (6:9)

**14.15 Ghost Whisperer** (19:22)

**15.05 Barnatími Stöðvar 2**

**17.05 Bold and the Beautiful**

**17.30 Nágrannar**

**17.55 Friends** (13:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons** (6:22)

**19.45 Arrested Development** (9:22)

**20.05 New Girl** (15:24)

**20.30 2 Broke Girls** (3:24) Ný og hressileg gamanþáttaröð sem fjallar um stöllurnar Max og Caroline sem kynnast við störf á veitingastað. Við fyrstu sýn virðast þær eiga fátt sameiginlegt. Við nánari kynni komast þær Max og Caroline þó að því að þær eiga fleira sameiginlegt en fólk gæti haldið og þær leiða saman hesta sína til að láta sameiginlegan draum rætast.

**20.55 Grey's Anatomy** (23:24)

**21.40 Gossip Girl** (15:24)

**22.25 Pushing Daisies** (12:13)

**23.10 American Idol** (39:40) Aðeins eru tveir söngvarar eftir í keppninni.

**00.00 American Idol** (40:40) BEIN ÚTSENDING. Nú kemur í ljós hver stendur uppi sem sigurvegari í þessum lokaþætti af American Idol.

**01.50 The Closer** (2:21)

**02.35 NCIS. Los Angeles** (20:24)

**03.15 Rescue Me** (13:22)

**04.00 The Good Guys** (4:20)

**04.45 Chase** (6:18)

**05.30 New Girl** (15:24)

**05.50 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**14.55 Pepsi deild karla: FH - Breiðablik**

**16.45 Pepsi mörkin** Öll mörkin og umdeildu atvikin í leikjum Pepsi deildar karla í knattpsyrnu. Hörður Magnússon stýrir þættinum.

**17.55 NBA: Miami - Indiana**

**19.45 Pepsi deild karla: KR - FH** BEINT

**22.00 Fréttaþáttur Meistarad. Evrópu**

**22.30 Spænsku mörkin**

**23.00 Pepsi deild karla: KR - FH**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.05 Goals of the Season 2011/2012**

**18.00 Arsenal - Tottenham 29.10.08**

**18.30 Czech Republic & Greece (Group A)** Ítarleg kynning á liðunum sem keppa í úrslitakeppni EM í sumar.

**19.00 Premier League World**

**19.30 Chelsea - QPR**

**21.15 Everton - Sunderland**

**23.00 Swansea - Newcastle**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** (119:175)

**20.10 American Dad** (3:18)

**20.35 The Cleveland Show** (1:21)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 Two and a Half Men** (13:24)

**22.15 The Big Bang Theory** (4:24)

**22.40 How I Met Your Mother** (7:24)

**23.05 White Collar** (12:16)

**23.50 Burn Notice** (19:20)

**00.35 American Dad** (3:18)

**01.00 The Cleveland Show** (1:21)

**01.25 The Doctors** (119:175)

**02.05 Fréttir Stöðvar 2**

**02.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**15.50 Real Housewives of Orange County** (3:17) (e)

**16.35 Girlfriends** (13:13) (e)

**16.55 Solsidan** (5:10) (e)

**17.20 Dr. Phil**

**18.05 Mobbed** (2:11) (e)

**18.55 America's Funniest Home Videos** (e)

**19.20 According to Jim** (4:18) (e)

**19.45 Will & Grace** (11:25) (e)

**20.10 Britain's Next Top Model** (11:14) Glæný dómnefnd með ofurfyrirsætuna Elle McPherson í fararbroddi leitar að hæfustu fyrirsætu Bretlands. Fjórtán stúlkur taka þátt að þessu sinni í afar spennandi þáttaröð þar sem meðal annars er ferðast til Noregs, Spánar og Malasíu. Þær fimm stúlkur sem eftir standa í keppninni núna ferðast til Kuala Lumpur þar sem sjálfur skókóngurinn Jimmy Choo tekur á móti þeim.

**20.55 The Firm** (13:22) Þættir sem byggðir eru á samnefndri kvikmynd frá árinu 1993 eftir skáldsögu Johns Grisham. Mitch þarf að taka á honum stóra sínum við lausn á stóra samsærinu.

**21.45 Law & Order UK** (12:13) Bresk þáttaröð sem fjallar um störf rannsóknarlögreglu og saksóknara í Lundúnum.

**22.30 Jimmy Kimmel**

**23.15 Hawaii Five-0** (16:23) (e)

**00.05 Royal Pains** (3:18) (e)

**00.50 The Firm** (13:22) (e)

**01.40 Lost Girl** (3:13) (e)

**02.25 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.00** Byron Nelson Championship 2012 (3:4) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.50** Byron Nelson Championship 2012 (2:4) **15.00** Byron Nelson Championship 2012 (3:4) **18.00** Golfing World **18.50** Inside the PGA Tour (20:45) **19.20** LPGA Highlights (9:20) **20.40** Champions Tour - Highlights (7:25) **21.35** Inside the PGA Tour (21:45) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (19:45) **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Áttavitinn Suðurland

## BBC entertainment

**06.25** My Family **08.00** The Inspector Lynley Mysteries **09.30** Deal or No Deal **10.05** EastEnders **10.35** Come Dine With Me **11.25** QI **12.30** Keeping Up Appearances **13.30** One Foot in the Grave **14.30** Top Gear **15.25** QI **16.25** Come Dine With Me **17.15** The Graham Norton Show **18.00** QI **19.05** Top Gear **20.00** QI **20.30** Shooting Stars **21.00** Peep Show **21.30** Live at the Apollo **22.15** The Increasingly Poor Decisions of Todd Margaret **22.40** The Thick of It **23.10** Top Gear **00.05** QI **00.35** The Graham Norton Show

## DR 1

**13.10** Jamie's Chef **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.20** Hvem lagde lorten? **14.25** Skæg med bogstaver **14.45** Sprutte-Patruljen **15.00** Hun så et mord **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Spise med Price **18.30** Søren Ryge præsenterer **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Bonderøven **20.30** Kidnappet **21.10** Onsdags Lotto **21.15** Historien om det europæiske Melodi Grand Prix **22.10** Pacific Paradise Police **22.55** OBS **23.00** Lægerne

## NRK 1

**06.30** 22. juli-rettssaken **15.00** NRK nyheter **15.15** Grønn glede **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** EM svømming **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** 60 år med dronning Elizabeth **18.35** Kystlandskap i fugleperspektiv **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Lov og orden. London **20.25** Lovesikh **21.00** Kveldsnytt **21.20** Kalde føtter **23.00** Borgen **00.00** Gymnaslærer Pedersen **01.55** Lov og orden. London **05.00** Morgennytt

## SVT 1

**08.00** Melodifestivalen 2012 **08.45** Eurovision Song Contest 2012 **10.45** Pingis för ensamstående **10.55** Grete Waitz - ett lopp för livet **11.25** Before You Go **13.00** Från Lark Rise till Candleford **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.25** Hundra procent bonde **14.55** EM i simning **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Thaifjord **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Dom kallar oss skådisar **19.30** Kobra **20.00** The Promise **21.45** Rapport **21.50** Kulturnyheterna

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Þrjár á þingi

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




# TILBOÐSDAGAR Betra BAK

## Heilsurúm í sérflokki

# 25% afsláttur

**Chiro Deluxe** 180 x 200cm
**TILBOÐ Kr. 247.425,-**
Fullt verð 329.900,-



- Mjúkt, slitsterkt bómullaráklæði
- 8 cm Latex heisluyfirdýna
- Eurotop® betur nýttur svefnflötur
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- Steyptar kantstyrkingar
- Val um 5 liti á botni
- Val um 3 gerðir af löppum

12 mánaða vaxtalaus kjör á heilsurúmum í maí

## Nú er tækifærið!

*3,5% lántökugjald.

**C&J Platinium** 180 x 200cm
**TILBOÐ Kr. 164.850,-**
Verð áður 219.800,-

**25% afsláttur**



TEMPUR DÝNUR OG KODDAR

Charlotte S Julien



**C&J stillanlegt** 2 x 90 x 200cm
**Með Tempur heilsudýnu**
**TILBOÐ Kr. 649.000,-** Fullt verð 811.250,-

**20% afsláttur**

**Ný sending af rúmgöflum**
Komdu og skoðaðu úrvalið
**20% afsláttur**





**Felix** svefnsófi
**TILBOÐ Kr. 368.900,-**
Fullt verð 461.125,-

**20% afsláttur**



**Breidd:** 209 cm
**Dýpt:** 95 cm
**Frá vegg:** 213 cm
**Pokagormadýna:** 140x200 cm

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

www.betrabak.is

betrabak@betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16

**EUROVISIONLAGIÐ**



*„Að velja á milli uppáhalds Eurovision-laga er eins og að þurfa að gera upp á milli vina sinna. Það er eiginlega ómögulegt að velja og fer algjörlega eftir stemningunni sem maður er í hverju sinni. Tvö lög sem eru meðal minna uppáhalds eru serbíska lagið Molitva frá árinu 2007 og finnska framlagið árið 1977, Lapponia.“*

Eyrún Ellý Valsdóttir, íslenskufræðingur og formaður FÁSES, aðdáendaklúbbs Eurovision.

# Vinsæll sænskur grínisti til landsins

„Þetta er ógeðslega fyndinn gaur og sleipur í ensku. Ég held hann eigi eftir að pluma sig vel á sviðinu,“ segir leikstjórinn Ragnar Hansson.

Hann, Gunnar bróðir hans og Ari Eldjárn eru að flytja til landsins sænska grínistann Johan Glans. Hann stígur á svið á stóra sviði Þjóðleikhússins 29. september og mun Ari hita upp fyrir hann. „Hann var með okkur Gunnari í einum sjónvarpsþætti af Mér er gamanmál og hann kom hvað mest á óvart. Hann var að mörgu leyti fyndnasti gaurinn og er algjör súperstjarna í Svíþjóð.“

Glans hefur undanfarin tvö ár leikið í söngleiknum Spamalot í heimalandi sínu en er núna á leiðinni í uppistandsferðalag um Norðurlöndin.

Aðspurður segir Ragnar að uppistand Glans höfði til allra. „Hann er ekki vinsælastur í Svíþjóð fyrir ekki neitt. Hann tók snemma þá ákvörðun á ferlinum að segja hluti eins og „fullorðinsstund“ í staðinn fyrir eitthvað dónalegra og hefur komist lengra á því. Grínið hans er svolítið allra. Hann er mjög fjölskylduvænn en samt beittur.“

Miðasala á uppistandið hefst á Midi.is og Leikhus.is síðar í vikunni. **- fb**



**TIL ÍSLANDS Í HAUST** Sænski grínistinn Johan Glans verður með uppistand í Þjóðleikhúsinu 29. september.






**SÓLVEIG KÁRADÓTTIR:** GENGUR AÐ EIGA DHANI HARRISON Í NÆSTU VIKU

# Stella McCartney hannar brúðarkjól Sólveigar Kára

Fatahönnuðurinn Stella McCartney hannar brúðarkjól Sólveigar Káradóttur en hún gengur að eiga tónlistarmanninn Dhani Harrison í næstu viku. Harrison er sonur Bítilsins sáluga George Harrison en parið hefur verið saman í nokkur ár og býr saman í Los Angeles.

Sólveig er fyrrum fyrirsæta og menntaður sálfræðingur frá Háskólanum í Boston en Harrison er tónlistarmaður og meðlimur sveitarinnar Thenewno2. Brúðkaupið fer fram í Bretlandi og búist er við fjölmenni frá báðum fjölskyldum.

Það kemur ekki á óvart að dóttir Bítilsins Pauls McCartney hafi fengið það vandasama hlutverk að hanna brúðarkjólinn en þeim Sólveigu er vel til vina. Til að mynda voru Harrison, Sólveig og tilvonandi tengdamóðir hennar Olivia Harrison gestir í brúðkaupi Pauls McCartney og Nancy Shevell í fyrra.

Stella McCartney hannaði einmitt brúðarkjól Shevell en hún var einnig í umræðu yfir þá bresku hönnuði sem kom til greina að myndu hanna brúðarkjól Katrínar hertogaynju af Cambrigde er hún gekk að eiga Vilhjálms Bretaprins. Það var Sarah Burton fyrir Alexander McQueen sem að lokum hannaði kjólinn fræga.

McCartney hannaði hins vegar brúðarkjól Madonnu þegar hún giftist leikstjóranum Guy Richie. Hún hefur hlotið fjölmörg verðlaun fyrir framlag sitt til fatahönnunarbransans. Árið 2007 fékk hún til að mynda verðlaun sem fatahönnuður ársins í Bretlandi frá breska fagráðinu en hún er fræg fyrir einfalda og klassíska hönnun. **alfrun@frettabladid.is**



**GANGA UPP AÐ ALTARINU**

Sólveig Káradóttir klæðist kjól frá Stellu McCartney er hún gengur að eiga unnnusta sinn Dhani Harrison, son Bítilsins sáluga George Harrison, í næstu viku. NORDICPHOTOS/GETTY

# Erfitt en gaman í Evróputúr

„Þetta verður erfitt en ógeðslega gaman,“ segir Arnór Dan Arnarson, söngvari Agent Fresco.

Rokksveitin er á leiðinni í mánaðarlangt tónleikaferðalag um Evrópu sem hefst í Þýskalandi 30. maí. Stutt er síðan fyrsta platan, A Long Time Listening, kom út á þeirra eigin vegum í Þýskalandi, Austurríki og Sviss, auk þess sem hún kom út stafrænt á iTunes, Amazon og víðar.

Þetta verður lengsta tónleikaferðalag Agent Fresco til Evrópu til þessa en í fyrra fóru strákarnir þangað í þriggja vikna túr. „Við erum að reyna að byggja upp aðdáendahóp. Hér og þar spilum við á geðveikum stöðum eins og í Berlín og París en svo spilum við líka á smærri búllum. Svo ætlum við að taka nokkrar hátíðir, meðal annars í Tékklandi og Slóvakíu þannig að þetta verður bland í poka,“ segir Arnór Dan.

Með Agent-liðum í för verða Haraldur Leví Gunnarsson hjá útgáfufyrirtækinu Record Records og hljóðmaðurinn Jóhann Rúnar Þorgeirsson. Auk þess að aðstoða hljómsveitina við ýmislegt ætla þeir að skiptast á að keyra hana á milli staða. Þegar heim verður komið fara strákarnir á fullt í að semja ný lög fyrir næstu plötu sem kemur líklega út á næsta ári. **- fb**



**TIL EVRÓPU** Hljómsveitin Agent Fresco er á leiðinni í tónleikaferðalag til Evrópu. MYND/MAGNÚS ANDERSEN




Veiðimaðurinn 1940
VEIDIMADURINN.IS
VEIÐIBÚÐIN ÞÍN Á NETINU

Hafnarfirði Veiðibúðin við Lækinn
STRANDGATA 49 - SÍMI 555 6226

VEIÐIHORNIÐ
SÍÐUMÚLI 8 - SÍMI 568 8410

SPORTBÚÐIN
KRÓKHÁLS 4 - SÍMI 517 8050

Vortilboð gilda út maí eða á meðan birgðir endast. Pakkatilboð á vöðlum gilda á meðan birgðir endast.

Fullt verð 43.990
PAKKATILBOÐ AÐEINS
29.995,-

**SCIERRA CC3 PAKKATILBOÐ**
3ja laga öndunarvöðlur. Áfastar sandhlífar. Léttir og sterkir vöðluskór.

Fullt verð 34.995
VORTILBOÐ AÐEINS
24.995,-

**SCIERRA CC3 VORTILBOÐ**
3ja laga öndunarvöðlur með áföstum stígvélum. Stígvélin eru með filtsóla.

Fullt verð 39.990
PAKKATILBOÐ AÐEINS
27.995,-

**RON THOMPSON HYDROFORCE PAKKATILBOÐ**
3ja laga öndunarvöðlur. Áfastar sandhlífar. Belti fylgir. Léttir og sterkir vöðluskór.

Fullt verð 18.995
VORTILBOÐ AÐEINS
12.995,-

**RON THOMPSON NEO-FORCE NEOPRENVÖÐLUR**
4mm þykkar og hlýjar neoprenvöðlur. Stígvél með filtsóla.

Fullt verð 22.995
VORTILBOÐ AÐEINS
15.995,-

**DAM HYDROFORCE NEOPRENVÖÐLUR**
4mm þykkar og hlýjar neoprenvöðlur. Stígvél með filtsóla.

Fullt verð 64.895
PAKKATILBOÐ AÐEINS
54.895,-

**SCIERRA CC4 PAKKATILBOÐ**
Vandaðar fjögurra laga öndunarvöðlur frá Scierra. Áfastar sandhlífar, áfast belti. Góðir brjóstvasar. Sterkar vöðlur með góðri útöndun. Léttir og sterkir vöðluskór..

Fullt verð 74.895
PAKKATILBOÐ AÐEINS
64.895,-

**SCIERRA CC6 PAKKATILBOÐ**
Níðsterkar og vandaðar 6-laga vöðlur. Vatnsheldur rennilás. Áfastar sandhlífar. Belti. Góðir brjóstvasar. Einhverjar sterkustu vöðlurnar á markaðnum. Léttir og sterkir vöðluskór.

Fullt verð 12.995
VORTILBOÐ AÐEINS
8.995,-

**DAM TASLAN NÆLONVÖÐLUR**
Þunnar og liprar vöðlur með áföstum stígvélum. Stígvél með gúmmísóla. Fáanlegar í stærðum 38 til 46

ÓTRÚLEGT VERÐ!
JAKKI + VÖÐLUR + SKÓR

**DAM PAKKATILBOÐ**
3ja laga öndunarvöðlur. Áfastar sandhlífar. Belti fylgir. Vatnsheldur veiðijakki með útöndun. Léttir og sterkir vöðluskór. Góður alklæðnaður í veiðina á ótrúlegu verði.

AÐEINS 39.995,- FYRIR ALLT ÞETTA!

**ÖLL STÓRU MERKIN**
SAGE - SIMMS - WINSTON - ABEL - TIBOR - WATERWORKS - EINARSSON - SCIERRA - ZPEY - REDINGTON - RIO - SCIENTIFIC ANGLERS - LEE WULFF - TEENY LINES - SAVAGE GEAR - PROLOGIC - RON THOMPSON - DAM - MAD - MAXIMA - SEAGUAR - GRAND MAX - SPOT - OKUMA - SASTA - BERETTA - SAVAGE ARMS - BENELLI - STOEGER - ESCORT FIREARMS - HOWA RIFLES - LEUPOLD - NIKKO STIRLING

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Yrsa til Englands

Glæpasagnahöfundarnir **Yrsa Sigurðardóttir** og Ragnar Jónasson taka þátt í glæpasagnaráðstefnunni Crimefest sem verður haldin í borginni Bristol á Englandi um næstu helgi. Þangað streyma höfundar, lesendur, umboðsmenn og útgefendur og velta sér upp úr skálduðum glæpum. Yrsa tekur þátt í tveimur pallborðsumræðum á föstudag, annars vegar um löggur, einkaspæjara og lögmenn og hins vegar um siðferðileg álitamál í glæpasögum. Meðal annarra þátttakenda verður Peter James sem er margverðlaunaður alþjóðlegur höfundur. Ragnar tekur þátt í pallborðsumræðum um norrænar glæpasögur þar sem sænska glæpadrottningin Åsa Larsson verður einnig á meðal þátttakenda.



### Unnur Birna til liðs við Íslensku lögfræðistofuna

Íslenska lögfræðistofan varð til á dögunum þegar Ergo lögmenn skiptu um nafn. Nú hefur stofan fengið til liðs við sig nýjan lögfræðing, enga aðra en **Unni Birnu Vilhjálmsdóttur**, fyrrverandi heimsfegurðardrottningu, sjónvarpskonu og lögfræðinema, sem hóf þar störf fyrir skemmstu. Unnur Birna er að ljúka námi sínu í lögfræði við Háskólann í Reykjavík en hún frestaði námslokum þegar hún og Pétur Rúnar Heimisson maður hennar eignuðust sitt fyrsta barn.

- fb, - þeb



## Mest lesið vísir

1. Sendiherra Þýskalands gagnrýnir "aðalritstjóra" ..
2. Morðingi í dómi: Djöfuls viðbjóður - fokkaðu þér
3. Fór niður Niagara fossa og lifði það af
4. Hæsti turn heims opnaður almenningi
5. Gunnar Birgisson dæmdur til að greiða sekt


SAFT




Heimili og skóli

www.saft.is






PRODIGY™

Framtíðin í stillanlegum rúmum. Sjón er sögu ríkari

- Hægt að stilla við iPhone® og iPod touch®
- Hrotu stjórnun
- Wi-Fi fjarstýring
- Fimm stilliminni
- Vekjaraklukka með léttu nuddi og hljóði
- „Finna fjarstýringu" stilling
- Stærsti framleiðandi í heimi á stillanlegum rúmum

VORTILBOÐ Á ÖLLUM STILLANLEGUM HEILSURÚMUM

TAKMARKAÐ MAGN
Ternabox hjónarúm með heilsudýnu
2x80x200 tilboð kr. 239.900
2x90x200 tilboð kr. 249.900
2x100x200 tilboð kr. 269.900

PROFLEX

Mest selda stillanlega heilsurúmið hjá Svefn og heilsu með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Verð frá kr. 339.900 á hjónarúmi.

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi

Þrýstijöfnun er lykilorðið

Svæðisskiptar heilsudýnur með betri stuðningi, mýkra axlasvæði og góðum stuðningi við mjóbak

Betri öndun

Til í öllum algengustu rúmstærðunum



MIKIÐ ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM

BOARD S-CAPE
WALLHUGGER
dregst að veggnum eins og nafnið bendir til.
Einn mest seldi ameríski botninn í heiminum.
Verð frá kr. 479.900 á hjónarúmi
með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu

**Board** hefur allt sem gott stillanlegt rúm þarf að hafa á frábæru verði.
**S-Cape** er einnig með þráðlausa fjarstýringu og nuddi.



BOAS
Lyftustóll
Verð
159.900
Til í ljósu og dökku leðri



BOAS
Leður hægindasófi 3 sæta 179.900
Hægindastóll 89.900
Til í ljósu, brúnu og svörtu leðri

*3,5% lántökugjald

Baldursnesi 6 AKUREYRI

Svefn & heilsa ★★★★★

Listhúsinu Laugardal REYKJAVÍK

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00